Stjórninni er heimilt að greiða Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinsonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1942 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir rikissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

15

26. febr.

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnunum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 50% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1942, til greiðslu upp í útsvar hans 1943, með gjalddögum 1. marz til 1. maí, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, er ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1942, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1941, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagningu útsvars 1943 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en honum bar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

L Ö G

um orlof.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Undanteknur eru þó:

- a. Iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.
- b. Starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti og hlutarmaður tekur þátt í útgerðarkostnaði að meira eða minna leyti. Þó skal, ef hlutarmaður óskar þess, greiða honum orlofsfé þannig, að helmingur þess sé tekinn af kaupi hans sjálfs, en hinn helminginn greiði útgerðarmaður.

2. gr.

Lög þessi rýra í engu orlofsrétt þeirra, sem samkvæmt samningi eða vinnu- eiga eða kunna að eignast betri orlofsrétt en í lögum þessum er ákveðið.

Samningar um takmarkanir á orlofsrétti samkvæmt lögum þessum eru ógildir.

3. gr.

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert jafnmarga virka daga og hann hefur unnið marga almanaksmánuði samanlagt næsta orlofs- ár á undan, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir.

Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími er ekki talinn með.

Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

4. gr.

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 4% — fjóra af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr bótum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu farmenn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi eins og það er á hverjum tíma.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í fastri stöðu. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið **16** hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með **26. febr.** orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið, skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

5. gr.

Nú tekur maður ekki kaup beint frá vinnuveitanda, heldur fær kaupið greitt t. d. með þjórfé að öllu eða nokkru leyti, og skal upphæð orlofsfjár þá miðast við framtal tekna til skatts næsta ár á undan, eða áætlun skattanefndar um vinnutekjur, ef ekki var talið fram til skatts.

6. gr.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ætlaðar eru til borgunar á sérstökum kostnaði vegna starfsins, t. d. ferðakostnaði, og ekki teljast skattskyldar. Sama gildir um áhættuþóknanir, sem greiddar eru vegna stríðshættu.

7. gr.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum að öllu leyti eða einhverju, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattanefndar á hlunnindum þessum til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

8. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að pósthjórnin gefi út orlofsmerki og orlofsbækur á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett skal samkvæmt þeim.

Í reglugerðinni skal ákveðin gerð merkjanna, með hvaða upphæðum í aurum eða krónum þau skulu gefin út og hvernig sölu þeirra skuli hagað.

Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar í öllum pósthafgreiðslustöðvum, þar sem pósthfrimerki eru seld.

Merkin skulu seld vinnuveitendum með nafnverði og starfsmönnum afhentar ókeypis þær bækur, sem eru þeim nauðsynlegar.

Í bækurnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt og heimili, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina. Hver bók skal aðeins gilda fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári. Í reglugerð skulu sett ákvæði um gerð bóka og notkun, svo og um önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara, er þurfa þykir.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

Þegar kaupgreiðandi afhendir starfsmanni orlofsmerki, skal kaupgreiðandi sjálfur festa þau í orlofsbók starfsmannsins á þann hátt, er fyrir er mælt í reglugerð um orlof, og skrifa í bókina það, sem reglugerðin ákveður.

9. gr.

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september. Þó skal þeim, er vinna við sveitavinnu eða sildveiði, veitt orlof á öðrum tímum árs eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og er ríkisstjórninni með sama hætti heimilt að ákveða, að vikja skuli frá ákvæðinu í upphafi greinarinnar um fleiri starfsgreinar, er nauðsynlegt þykir, að aðrar reglur gildi um.

Aðilar geta með samkomulagi ákveðið, að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tímum árs en í 1. mgr. segir.

16

26. febr.

10. gr.

Nú er starfsmaður í starfi á þeim tíma, þegar hann vill fara í orlof, og ákveður vinnuveitandi þá, með a. m. k. viku fyrirvara, hvenær honum skuli veitt orlof, nema samkomulag verði um annað.

Rítar vinnuveitandi í orlofsbók starfsmanns vottorð um það, hvaða daga orlof hans skuli standa yfir.

11. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, er vinnuveitandi ákveður samkv. 10. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns, ef hann er í sjúkrasamlagi, en annars héraðslæknis. Læknisvottorð skal ritað í orlofsbók. Getur starfsmaður þá krafist orlofs og greiðslu andvirðis orlofsmerkja á öðrum tímum en ákveðið er í 9. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá greitt andvirði orlofsmerkja sinna, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

12. gr.

Nú er maður ekki í starfi, þegar hann vill fara í orlof, eða er orðinn sjálfstæður atvinnurekandi eða hættur að starfa í þjónustu annarra af öðrum ástæðum, og skal hann þá snúa sér til oddvita, bæjar- eða borgarstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, og gefa skriflega yfirlýsingu um, að hann ætli að fara í orlof tiltekna daga, en sá, sem við yfirlýsingunni tekur, rítar vottorð í orlofsbók hlutaðeiganda um, að hann hafi tekið við yfirlýsingunni, og um innihald hennar, enda sé yfirlýsingin geymd í hans vörzlum.

13. gr.

Þegar ritað hefur verið í orlofsbók vottorð samkvæmt því, sem segir í 10. og 12. gr., snýr starfsmaður sér til einhverrar póststöðvar og fær þar, hinn síðasta virka dag áður en orlof hefst eða síðar, greidda í peningum samanlagða upphæð orlofsmerkja, sem fest eru í orlofsbókina, gegn afhendingu bókarinnar með áritaðri kvittun fyrir móttöku upphæðarinnar.

Nú er orlofsbók ekki lögð fram í póststöð til innlausnar fyrir 15. september fyrir næsta orlofsár á undan, og fellur þá andvirði orlofsmerkjanna til rikissjóðs, nema sérstök heimild sé í lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim til þess að fresta innlausn bókarinnar. Þó getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu efni til loka yfirstandandi orlofsárs.

Andvirði orlofsmerkja greiðist dánarbúi manns, sé það sannað með dánarvottorði, rituðu í orlofsbók, að hann sé látinn.

14. gr.

Nú er orlofi skipt samkvæmt heimild í 9. gr. laga þessara, og skal þá stíla vottorð þau, sem um ræðir í 10. gr. og 12. gr., í samræmi við það. Verður síðan aðeins greiddur í það sinn sá hluti samanlagðrar upphæðar orlofsmerkja í orlofsbók, sem svarar til þess hluta orlofs, er vottorð ræðir um. Skal rita í orlofsbókina kvittun fyrir greiðslunni, en afhenda bókina síðan þeirri póststöð, sem greiðir eftirstöðvar orlofsmerkjanna.

15. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.

16. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir kaupum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum meðan hann er í orlofi, og skulu sett um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

16

26. febr.

17. gr.

Framsál orlofsmerkja og flutningur orlofsmerkja milli ára er óheimill.

18. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því þá má dæma hann til varðhalds.
2. Ef vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Ef starfsmaður brýtur ákvæði 16. og 17. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. Sökin fynnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur eftir að brot var framið.

19. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 34 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum.

17

26. febr.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laga nr. 12 31. maí 1927 orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið eina krónu fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum.

Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu samkvæmt lögum um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 27. júní 1941.

17
26. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá
1. janúar 1942.

3. gr.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

18
26. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur
á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna verði þannig:

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangár-
vallasýslu og varna skemmdum af ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá
að Markarfljótsbrú.
2. Nauðsynlegar endurbætur og lenging varnargarðsins hjá Seljalandi til varnar
landspjöllum undir Eyjafjöllum.
3. Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfljótsbrúar undir
Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á
þessum slóðum.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi
stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
5. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

2. gr.

4. og 5. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður kostar að öllu leyti mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1. og 2. lið.
Ríkissjóður kostar að $\frac{7}{8}$ hlutum mannvirki þau, sem talin eru í 3. lið, en sýslu-
félag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{8}$ hluta.

Ríkissjóður kostar að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin
eru í 4. og 5. lið, og sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

19

26. febr.

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi jörðina Höfn í Siglufirði (þann hluta, sem ekki er þegar í eign kaupstaðarins), ef ekki næst samkomulag við eigendur um kaup.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

20

26. febr.

um búfjártryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sérstaka deild við Brunabótafélag Íslands og undir stjórn þess, er nefnist Búfjártryggingardeild.

2. gr.

Verkefni Búfjártryggingardeildar er að taka að sér vátryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, allt eftir þeim nánari reglum, sem lög þessi og reglugerð setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum:

- a. Kynbótanaut og kynbótahesta, sem notaðir eru í félögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
 - b. Bústofn sauðfjárkynbótabúa og annarra kynbótabúa, sem rekin eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.
- Ákvæði um aldur búfjár, sem tekið er í tryggingu, skal setja í reglugerð.

20

26. febr.

4. gr.

Heimilt er að tryggja í deildinni:

- a. Gegn vanhöldum: Kýr og hrúta.
- b. Gegn slysum: Tiltekið húfé eða hópa búfjár.

5. gr.

Vátryggingarupphæð gripa skal ákveðin fyrir fram og með hliðsjón af skattmáti á hverjum tíma. Verðmæti kynbótagripa má þó vera allt að tvöfalt skattmat, eftir því sem vátryggjanda og umboðsmanni Búfjártryggingarsjóðs kemur saman um.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingarnar eru skráðar.

6. gr.

Vátryggingarsjóður bætir $\frac{1}{4}$ vátryggingarverðs og því aðeins, að vanhöldin eða slysin séu ekki um að kenna fódurskortu, hirðuleysi eða handvömm eigenda gripanna eða umráðenda, þjónum þeirra eða nánustu vandamönnum.

Frá bótum dragast nýtjar fjárins eftir hæfilegu máti.

7. gr.

Til vanhalda og slysa samkv. 3. og 4. gr. teljast dauðsföll af sjúkdómum og slysum á meðan hinir vátryggðu gripir eru í gæzlu, hvort sem er í húsi eða í heima-högum, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

8. gr.

Allir þeir, sem vátryggja í Búfjártryggingardeild, eru félagsmenn hennar og ábyrgjast, að sjóður hennar geti staðið í skilum. Ábyrgðin er þó takmörkuð við það, að vátryggjendum það ár, er iðgjöldin hrökkva ekki til bóta, er skylt að greiða viðbótariðgjöld allt að 100%. Viðbótariðgjöldin má taka lögtaki í eignum vátryggjanda. Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum samkv. 4. gr. b., að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.

Ríkissjóður er í bakábyrgð fyrir Búfjártryggingarsjóð, en endurgreiða skal ríkissjóði það, sem hann á þann hátt kynni að leggja fram, þó með þeirri undantekningu, er að framan greinir.

9. gr.

Ríkissjóður leggur fram 300 þúsund krónur, er greiðist með jöfnum greiðslum á 3 árum eftir að Búfjártryggingardeildin er stofnuð, og er það varasjóður deildarinnar og nefnist Búfjártryggingarsjóður. Í Búfjártryggingarsjóð rennur árlegur tekjuafgangur deildarinnar, enda standi hann straum af útgjöldum deildarinnar, þegar tekjur hrökkva ekki til, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Vátryggingar á húfé gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteininu.

11. gr.

Umboðsmenn Brunabótafélags Íslands skulu vera umboðsmenn Búfjártryggingardeildar. Þeir skrá tryggingarnar, gefa út vátryggingarskírteini, innheimta iðgjöld og aukaiðgjöld og gera á þessu öll skil til félagsins. Þeir skulu vera umboðsmenn deildarinnar við mál um skyldu til bóta og um upphæð bótanna.

Brunabótafélagið getur þó tekið sér sérstaka trúnaðarmenn fyrir Búfjártryggingardeildina.

Nú verður ágreiningur milli umboðsmanns og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna, og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið. 20
26. febr.

12. gr.

Nú er búfé, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, veðsett, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður iðgjöld vegna búfjártrygginga í samráði við forstjóra Brunabótafélags Íslands og stjórn Búnaðarfélags Íslands, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, er fyrir liggja, og aðrar upplýsingar um vanhöld og fjárskaða, er lög þessi ná til og þessir aðilar geta aflað sér á annan hátt.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð verksvið Búfjártryggingardeildar, stjórn, reikningshald, virðingar, iðgjöld, gjalddaga, endurtryggingu, hvernig meta skuli skaða af vanhöldum, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta, ábyrgð félagsmanna og annað varðandi búfjártryggingarnar, er þörf krefur, að ýtarlegar sé kveðið á um.

15. gr.

Brjótí vátryggjandi lög þessi eða reglugerð og skilyrði, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í Búfjártryggingarsjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 28 7. maí 1928, um búfjártryggingar.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

21

26. febr.

L Ö G

um heimild til að selja Stagley.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Heimilt er ríkisstjórninni að selja Flateyjarhreppi Stagley á Breiðafirði. Óski Flateyjarhreppur að selja eyjuna síðar, hefur ríkissjóður forkaupsrétt að henni með sama verði og hreppurinn keypti hana fyrir.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

22

26. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund kr. — gegn $\frac{3}{5}$ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingaleiðinni.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirmumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

H A F N A R L Ö G

fyrir Keflavík.

23

26. febr.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki minu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Keflavík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr. — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Keflavíkurhrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Keflavíkurhrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Gullbringusýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Keflavíkur. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Keflavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Keflavíkur. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

23

26. febr.

6. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Keflavíkurhöfn, og farni þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupþíninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Keflavíkur semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

23

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

26. febr.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Bakkagerði í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Borgarfjarðarkauptúns að jafni tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Borgarfjarðarkauptúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimt að yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps komi til. Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

24

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

26. febr.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Borgarfjarðarkauptúns allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Borgarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Borgarfjarðarlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

25

18. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 16 6. apríl 1939, um breyting á lögum nr. 68
28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laga nr. 68 28. des. 1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal kjósa í útvarpsráð samkv. lögum þessum á þingi því, er nú situr, og fellur þá niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

26

18. febr.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kaupsþúnum.

Aður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi útsala verið stofnsett, verður hún ekki lögð niður aftur, nema því aðeins, að atkvæðagreiðsla fari fram og samþykkt sé að loka áfengisútsöluinni með meiri hluta atkvæða.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu fram fara, er $\frac{1}{3}$ hluti kjósenda eða meiri hluti sýslunefndar eða bæjarstjórnar í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi krefst þess.

Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

2. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álitur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast löggin gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.

26

18. febr.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

27

18. febr.

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er, á meðan núverandi styrjöld stendur, heimilt að banna töku ljósmynda á tilteknum svæðum á landi eða í landhelgi og af tilteknum hlutum, mannvirkjum eða stöðum. Bann þetta getur bæði verið algert og vissum skilyrðum bundið.

2. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin bannað töku ljósmynda á tilteknum svæðum, og er henni þá heimilt að mæla svo fyrir, að allir þeir, sem um þau ætla að fara með ljósmyndavélar, skuli afhenda þær þeim aðilum, sem til þess kunna að verða settir og sjá skulu um, að þær komist á leiðarenda, eða innsigla þær tryggilega, og mega aðilar þá halda vélunum í vörzlu sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða nánar á með reglugerð um efni það, er í 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, sbr. 2. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrirmælum laga þessara, má gera upptækar með dómi.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

28

18. febr.

L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sá hluti jarðarinnar Ormsstaða í Norðfjarðarhreppi, sem nú er eign bæjarsjóðs Neskaupstaðar, skal lagður undir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar frá 1. apríl 1943.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Neskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Norðfjarðarhreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Norðfjarðarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

29

18. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1942“ í 1. lið 3. gr. laganna komi: til ársloka 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

30

2. apríl

um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, skal orðast þannig:

Brýr þær, sem ríkisstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri.

I. Nýjar brýr á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós.
2. Bláskeggsá í Hvalfirði.
3. Þverá í Svínadal.
4. Seleyrará ytri á Hafnarfjallsvegi.
5. Seleyrará innri á Hafnarfjallsvegi.
6. Drageyrará í Skorradal.
7. Tunguá í Lundarreykjadal.
8. Geirsá í Flókadal.
9. Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum.
10. Urriðaá á Álftaneshreppsvegi.
11. Álftá á Hraunhreppsvegi.
12. Bláfeldará í Staðarsveit.
13. Kálfá í Staðarsveit.
14. Hraunsfjarðará í Eyrarsveit.
15. Langadalsá á Skógarströnd.
16. Svínafossá á Skógarströnd.
17. Laxá á Skógarströnd.
18. Hörðudalsá í Dalasýslu.
19. Miðá í Dalasýslu.
20. Reykjadalsá í Dalasýslu.
21. Skeggjagil í Laxárdal í Dalasýslu.
22. Svínadalsá í Hvammssveit.
23. Laxá í Hvammssveit.
24. Hvammsá í Hvammssveit.
25. Hólsá á Klofningsvegi.
26. Kjarlaksstaðaá á Klofningsvegi.
27. Krossá á Klofningsvegi.
28. Búðardalsá á Klofningsvegi.
29. Staðarhólsá í Saurbæ.
30. Hvolsá í Saurbæ.
31. Ólafsdalsá í Saurbæ.
32. Laxá í Reykhólasveit.

30
2. apríl

33. Músará í Þorskafirði.
34. Þorskafjarðará.
35. Múlaá í Þorskafirði.
36. Djúpadalsá í Gufudalssveit.
37. Gufudalsá í Gufudalssveit.
38. Þverá á Barðaströnd.
39. Arnarbýlisá á Barðaströnd.
40. Móra á Barðaströnd.
41. Haukabergrá á Barðaströnd.
42. Ósá við Patreksfjörð.
43. Botnsá við Tálknafjörð.
44. Haukadalsá við Dýrafjörð.
45. Þverá í Brekkudal við Dýrafjörð.
46. Bjarnadalsá við Önundarfjörð.
47. Ósá í Bolungavík.
48. Langadalsá við Ísafjarðardjúp.
49. Hafnardalsá á Langadalsströnd.
50. Selá á Langadalsströnd.
51. Fossá á Böllum í Strandasýslu.
52. Selá við Steingrímsfjörð.
53. Staðará við Steingrímsfjörð.
54. Grjótá við Steingrímsfjörð.
55. Ósá við Steingrímsfjörð.
56. Steinadalsá í Kollafirði.
57. Fellsá í Kollafirði.
58. Tunguá við Bitrufjörð.
59. Þambá við Bitrufjörð.
60. Laxá á Laxárdalsheiði í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Vesturhópshólaá.
2. Þórsá á Vatnsnesi.
3. Kornsa í Vatnsdal.
4. Blanda hjá Löngumýri.
5. Laxá á Gönguskarðavegi.
6. Grjótá á Öxnadalsheiði.
7. Reiðgil á Öxnadalsheiði.
8. Norðurá í Skagafirði.
9. Helluá í Blönduhlíð.
10. Gljúfurá á Út-Blönduhlíðarvegi.
11. Viðinesá á Hólavegi.
12. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
13. Stafará í Fljótum.
14. Sandós í Fljótum.
15. Brúnastaðaá í Fljótum.
16. Reykjaá í Fljótum.
17. Ólafsfjarðará á Lagheiðarvegi.
18. Holtsá í Svarfaðardal.
19. Þverá í Reykjahverfi.
20. Reykjadalssá hjá Laugum í S.-Þing.
21. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

22. Ormarsá hjá Raufarhöfn.
23. Tunguá í Þistilfirði.
24. Svalbarðsá í Þistilfirði.
25. Garðaa í Þistilfirði.

30

2. apríl

c. Austurland.

1. Skarðsá á Fjöllum.
2. Finnfjarðará í Skeggjastaðahreppi.
3. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
4. Skeggjastaðaá í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Hafnará í Skeggjastaðahreppi.
7. Vesturá í Vopnafirði.
8. Lindará á Möðrudalsöræfum.
9. Lónakill á Möðrudalsöræfum.
10. Skjaldþingsstaðaá í Vopnafirði.
11. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
12. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlíð.
13. Lagarfljót hjá Kirkjubæ.
14. Hengifoss í Fljótsdal.
15. Bessastaðaá í Fljótsdal.
16. Jökulsá í Fljótsdal.
17. Kelduá í Fljótsdal.
18. Gilsá í Fljótsdal.
19. Vatnsdalsá í Skriðdal.
20. Haugaá í Skriðdal.
21. Jóka í Skriðdal.
22. Eyrarteigsá í Skriðdal.
23. Þórisá í Skriðdal.
24. Selfljót í Hjaltastaðapinghá.
25. Bjarglandsá í Hjaltastaðapinghá.
26. Jökulsá í Hjaltastaðapinghá.
27. Stafdalsá á Fjarðarheiði.
28. Norðfjarðará hjá Skuggahlíð.
29. Hengifossá á Oddsskarðsvegi.
30. Helgustaðaá í Eskifirði.
31. Njörfadalsá í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
32. Sléttuá í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
33. Hrutá í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
34. Miðstrandará í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
35. Eyrará í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
36. Berunesá í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
37. Breiðdalsá í Reyðarfirði á Fáskrúðsfjarðarvegi.
38. Heljará í Fáskrúðsfirði.
39. Gilsá í Fáskrúðsfirði.
40. Stöðvará í Stöðvarfirði.
41. Breiðdalsá hjá Breiðdalsheiði.
42. Eyjaá í Breiðdal.
43. Berufjarðará í Berufirði.
44. Fossá í Berufirði.
45. Búlandsá í Berufirði.

30

2. apríl

46. Hofsa í Álftafirði.
47. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Karlsá í Lóni.
2. Hlíðará í Lóni.
3. Jökulsá í Lóni.
4. Laxá í Lóni.
5. Holtakill á Mýrum.
6. Heinabergsvötn á Mýrum.
7. Smyrlabjargaá í Suðursveit.
8. Staðará í Suðursveit.
9. Stemma í Suðursveit.
10. Kvía í Örafum.
11. Kotá í Örafum.
12. Djúpa í Fljótshverfi.
13. Laxá í Fljótshverfi.
14. Brúará í Fljótshverfi.
15. Hörgsá á Síðu.
16. Stjórn á Síðu.
17. Grændýjalækur í Landbroti.
18. Eldvatn í Meðallandi.
19. Kvíalækur í Meðallandi.
20. Eldvatnsskorur í Meðallandi.
21. Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum.
22. Svaðabælisá undir Eyjafjöllum.
23. Fitjaráll undir Eyjafjöllum.
24. Varmadalslækur á Rangárvöllum.
25. Leirá á Landi.
26. Minnivallalækur á Landi.
27. Þverá í Hreppum.
28. Litla-Laxá í Hreppum.
29. Brúará í Biskupstungum.
30. Sog hjá Syðri-Brú.
31. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu.

II. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Skarará í Grunnavíkurbreppi.
3. Vatnsdalsá í Vatnsdal fremra.
4. Svartá í Tungusveit í Skagafirði.
5. Jökulsá eystri í Skagafirði.
6. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
7. Skjálfandafljót hjá Stóru-Völlum.
8. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
9. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
10. Sandá í Axarfirði.
11. Geitdalsá í Skriðdal.
12. Múlaá í Skriðdal.
13. Hólsá í Rangárvallasýslu.
14. Þjórsá hjá Þjórsárholti.
15. Hvítá í Árnessýslu hjá Kiðjabergi.

III. Aðrar brýr.

30

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir: 2. apríl

- a. Brýr á fjallvegum skulu gerðar að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
- b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði, gegn $\frac{1}{3}$ hluta annars staðar að. Þó má tillag ríkissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 12 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
 1. Til brúargerða, sem kosta frá 12—24 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr $\frac{2}{3}$ hlutum í $\frac{3}{4}$ hluta.
 2. Til brúargerða, sem kosta yfir 24 þús. kr., $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðar.
- c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annars staðar að.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 88 23. júní 1936.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

31

um verzlun með kartöflur o. fl. 2. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið rekur innflutnings- og heildverzlun, sem heitir Grænmetisverzlun ríkisins. Er hlutverk hennar að annast innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti samkv. því, sem lög þessi ákveða, svo og að greiða fyrir sölu á innlendum garðávöxtum með því meðal annars að lána framleiðendum markaðsskála til almennrar sölu garðávaxta, ef það þykir henta.

Eignir Grænmetisverzlunar ríkisins samkv. lögum nr. 34 frá 1. febr. 1936, eins og þær verða er lög þessi koma til framkvæmda, eru stofnfé verzlunarinnar.

31

2. apríl

Engum öðrum en Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Bann þetta nær þó eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru, að álitu viðkomandi toll-yfirvalds, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins skal ávallt fylgjast vel með því, hve miklar birgðir af kartöflum eru til í landinu, og gæta þess að flytja ekki inn erlendar kartöflur fyrr en hin innlenda framleiðsla er svo til þurrðar gengin, að öruggt sé, að innflutningurinn torveldi ekki sölu hennar. Til þess að greiða fyrir þessu skal skýrslusöfnun Búnaðarfélags Íslands og Hagstofu Íslands um kartöfluuppskeru vera framkvæmd í samráði við Grænmetisverzlun ríkisins og hagað þannig, að hún verði að sem bestum notum við rekstur verzlunarinnar.

4. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins kaupir innlenda framleiðslu af kartöflum og öðru grænmeti eftir því, sem ástæður leyfa. Skal hún, eftir því sem fært þykir, láta þá framleiðendur sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutning að vetrarlagi. Verzlunin birtir útsöluverð sitt á vörum þessum til leiðbeiningar öðrum verzlunum, framleiðendum og neytendum.

5. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímamann, frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir, innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta. Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verklar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu og verzlunarkostnaður fáiast greiddur.

6. gr.

Allar kartöflur, sem seldar eru í verzlunum á helztu markaðsstöðum landsins, skulu aðgreindar í flokka: úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Í úrvalsflokki séu aðeins beztu tegundir af matarkartöflum, sem fullnægja ströngustu kröfum um aðgreiningu, heilbrigði og meðferð. Í I. flokki sé allur meginþorri hreinna kartöflutegunda, sem eru vel aðgreindar, heilbrigðar og vel með farnar. Í II. flokki séu lökustu tegundirnar og aðrar þær kartöflur, sem ekki geta komið í úrvalsflokk eða I. flokk, ef þær annars teljast söluhæfar til manneidis.

Verðskráning kartaflna skal haga þannig, að nægilegur verðmunur sé á úrvalsflokki kartaflna og I. og II. flokki til þess, að framleiðendur kjósi að hafa sem bezta vöru á boðstólum.

Á tímabilinu frá því uppskera hefst og til 20. sept. ár hvert er heimilt að selja kartöflur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, nema annað sé ákveðið af matsnefnd (sbr. 7. gr.).

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, og sé einn maðurinn tilnefndur af Grænmetisverzlun ríkisins, annar af Búnaðarfélagi Íslands og þriðji af Alþýðusambandi Íslands. Ráðherra skipar formanninn. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað.

Verkefni nefndarinnar er:

- a. að ákveða verðskráningu samkv. 5. gr.
- b. að hafa eftirlit með því, að ákvæðum um flokkun á kartöflum sé framfylgt og veita leiðbeiningar um flokkunina.

Nefndin ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu, eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði hennar. Þóknun til nefndarinnar og matsmanna og gjöld fyrir matsvottorð ákveður ráðuneytið.

8. gr.

Óheimilt er verzlunum, að viðlögðum sektum, að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Leiki vafi á því, í hvaða flokki skuli selja kartöflur, skal leita um það úrskurðar viðkomandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Í smásöluverzlunum skal greinilega auðkennt við kartöflur þær, sem eru á boðstólum, hvaða flokki þær tilheyra og einnig tegundarnafn þeirra, þegar um úrvalsflokk og I. flokk er að ræða. Ákvæði þessarar greinar ná þó aðeins til þeirra staða á landinu, þar sem flokkun og mat á kartöflum er fyrirskipað samkvæmt reglugerð.

9. gr.

Þegar mikið framboð er af innlendum kartöflum, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum Grænmetisverzlunar ríkisins, bannað verzlunum sölu á II. flokks kartöflum til manneðis á öllum helztu markaðsstöðum landsins.

10. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að árlega sé völ á heilbrigðu, völdu, innlendu útsæði. Skal hún þess vegna koma á fót stofnræktun úrvalskartöflutegunda (eliteræktun) og semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Grænmetisverzlunar ríkisins og endurskoðendur.

Hagnaði þeim, er verða kann á rekstri verzlunarinnar, má hún verja til eflingar matjurtaréktar, sbr. 10. gr., svo og til þess að tryggja framtíð stofnunarinnar með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna, svo sem að því er snertir ákvæði 6. gr. um flokkun kartaflna og verðmismun á flokkum, svo og um annað, er þurfa þykir.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum.

Kartöflur og annað grænmeti, sem flutt kann að vera inn í bága við lög þessi, skal gert upptækt og afhent Grænmetisverzlun ríkisins.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

31

2. apríl

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 frá 1. febr. 1936.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er með reglugerð að veita fyrst um sinn undanþágu frá ákvæðum 6. og 8. gr. um aðgreiningu kortaflna í I. flokki eftir tegundum og auðkenning þeirra.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

32

2. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félagum, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 3. málsl. þessarar greinar, sömu leiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátruleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

2. gr.

32

2. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

33

2. apríl

um breyting á lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

- a. Stofnfé sjóðsins er: Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda eins og þær eru nú.
- b. Tekjur sjóðsins eru:
 1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
 2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem rikissjóður innheimtir samkv. lögum nr. 63 28. jan. 1935.
 3. Vextir.

2. gr.

A-liður 4. greinar laganna orðist svo:

Skipakaupa og skipabygginga. Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til þess að fullnægja lánsþörfinni, skulu skip innan 150 smál. sitja fyrir lánnum.

Aftan við greinina bætist nýr stafliður, er hljóðar svo:

- c. Til dráttarbrauta.

3. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Sjóðurinn lánar aðeins gegn 1. veðrétti.

4. gr.

Í stað orðsins „b-lið“ í 6. gr. laganna komi: b-lið og c-lið.

5. gr.

Í stað orðanna „4½% — fjórir og hálfur af hundraði“ í 7. gr. laganna kemur:
4% — fjórir af hundraði.

6. gr.

- a. Á eftir 7. gr. laganna koma 3 nýjar greinar, er verða 8., 9. og 10. gr., svo hljóðandi:
(8. gr.) Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Til þessarar deildar ganga frá 1. jan. 1943 33½% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutnings-

33

2. apríl

gjaldinu. Úr sjóði þessum skal veita lán til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Lán, sem veitt eru úr sjóði þessum, skulu vera vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánin veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Lán úr þessum sjóði má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins. Við lánveitingar úr sjóðnum skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Lán úr sjóði þessum má veita til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun lána taka tillit til fjárhagsástaðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið. Í reglugerð sjóðsins skulu sett ýtarlegri ákvæði um starfsemi þessarar deildar og ákvæði, er miði að því að fyrirbyggja misnotkun á hlunnindum þessara lána.

- b. (9. gr.) Auk þeirra tekna, sem um er rætt í 8. gr., leggur ríkissjóður deildinni til 2 milljónir króna á árinu 1943. Skal fé þessu varið til að veita styrki til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Styrkur þessi veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Styrkur til hvers skips má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins, þó aldrei yfir 75000 kr. á skip.

Við úthlutun styrksins skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Styrkur þessi veitist til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun fjárhæðar styrkja taka tillit til fjárhagsástaðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið.

Ríkisstjórnin setur reglugerð um styrkveitingar úr sjóðnum í samráði við sjóðsstjórnina og að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar. Þar skulu sett ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá, eða á annan hátt, og um refsíákvæði fyrir brot á styrkskilyrðum og reglugerð, sem sett er um þetta efni.

Styrkjum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar úthlutar stjórn fiskveiðasjóðs Íslands, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar.

Lán samkv. 8. gr. og styrk samkv. 9. gr. má eigi veita út á sama skip.

- c. (10. gr.) Útborgun lána samkv. 5. og 8. gr. og styrkja samkv. 9. gr. skal haga svo, að $\frac{1}{3}$ láns og styrks greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn, $\frac{1}{3}$ þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn. Lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

7. gr.

Breytingar þessar skal fella inn í lög nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, og gefa löginn síðan út svo breytt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um fiskveiðasjóð Íslands.

34

2. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands, hef látið fella breytingar þessar inn í téð lög nr. 110 9. okt. 1941, og gef þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands:

1. gr.

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmíða til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

- a. Stofnfé sjóðsins er: Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda eins og þær eru nú.
- b. Tekjur sjóðsins eru:
 1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
 2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkv. lögum nr. 63 28. jan. 1935.
 3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 4 milljónum kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 4 milljónum kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

- a. Skipakaupa og skipabygginga. Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til þess að fullnægja lánsþörfinni, skulu skip innan 150 smál. sitja fyrir lánum.
- b. Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrabræðslustöðvum, fiskmjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.
- c. Til dráttarbrauta.

5. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðstjórnin metur gildar, má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert skipti.

Langsti lánstími samkv. a.-lið 4. gr. er 15 ár.

Sjóðurinn lánar aðeins gegn 1. veðrétti.

34

2. apríl

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b.-lið og c.-lið 4. gr., má lána allt að $\frac{2}{5}$ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 75 þúsund krónur.

6. gr.

7. gr.

Vextir af lánnum fiskveiðasjóðs skulu vera 4% — fjórir af hundraði — á ári og greiðist fyrir fram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjald-daga á lánnum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera þann 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá enn fremur reikna $\frac{1}{2}$ % dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

8. gr.

Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Til þessarar deildar ganga frá 1. jan. 1943 $33\frac{1}{2}$ % af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. Úr sjóði þessum skal veita lán til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Lán, sem veitt eru úr sjóði þessum, skulu vera vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánin veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Lán úr þessum sjóði má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins. Við lánveitingar úr sjóðnum skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Lán úr sjóði þessum má veita til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun lána taka tillit til fjárhagsástæðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið. Í reglugerð sjóðsins skulu sett ýtarlegri ákvæði um starfsemi þessarar deildar og ákvæði, er miði að því að fyrirbyggja misnotkun á hlunnindum þessara lána.

9. gr.

Auk þeirra tekna, sem um er rætt í 8. gr., leggur ríkissjóður deildinni til 2 milljónir króna á árinu 1943. Skal fé þessu varið til að veita styrki til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa, sem minni eru en 150 smálestir brúttó. Styrkur þessi veitist eingöngu félögum eða einstaklingum, sem kaupa eða byggja skip til fiskveiða. Styrkur til hvers skips má nema allt að 25% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipsins, þó aldrei yfir 75000 kr. á skip.

Við úthlutun styrksins skal taka tillit til þess, hvort umsækjandi stundar sjómennsku eða útgerð sem aðalstarf. Styrkur þessi veitist til skipa, sem fullsmíðuð voru eftir árslok 1941, og skal við ákvörðun fjárhæðar styrkja taka tillit til fjárhagsástæðna umsækjanda og til þess, í hve mikilli dýrtíð skipið er byggt og hver byggingarkostnaður þar af leiðandi hefur orðið.

Ríkisstjórnin setur reglugerð um styrkveitingar úr sjóðnum í samráði við sjóðsstjórnina og að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar. Þar skulu sett ákvæði til tryggingar því, að styrkirnir verði ekki misnotaðir með því að verzla með þá, eða á annan hátt, og um refsíákvæði fyrir brot á styrkskilyrðum og reglugerð, sem sett er um þetta efni.

Styrkjum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar úthlutar stjórn fiskveiðasjóðs Íslands, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar.

Lán samkv. 8. gr. og styrk samkv. 9. gr. má eigi veita út á sama skip.

10. gr.

Útborgun lána samkv. 5. og 8. gr. og styrkja samkv. 9. gr. skal haga svo, að $\frac{1}{3}$ láns og styrks greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á

staðinn, $\frac{1}{3}$ þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn. 34
Lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt. 2. apríl

11. gr.

Eignir þær, er fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

12. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem veðsett er fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

13. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það fiskveiðasjóðnum út til eignar ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo timanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþeginn stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

17. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

34 Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins
2. apríl og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bank-
anum með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda)
greiðist af tekjum sjóðsins.

18. gr.

Ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vél-
bátaeigenda eftir því sem við á.

19. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra
skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit
yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra,
hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan árs-
reikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar
ársreikninginn og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og
starfrækslu er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þess-
um lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

21. gr.

Lög um fiskveiðasjóð Íslands frá 19. maí 1930 gengu í gildi 1. jan. 1931, og
voru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52 10. nóv. 1905, um stofnun fiskiveiða-
sjóðs Íslands, og lög nr. 29 16. nóv. 1907, um lánadeild við fiskiveiðasjóð Íslands,
svo og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög
þessi. Enn fremur eru úr gildi numin lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á
lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

35

2. apríl

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afsþenni-stöðvar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

36

2. apríl

um breyting á lögum nr. 87 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Fyrir „ $\frac{4}{5}$ “ og „ $\frac{1}{5}$ “ í 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: $\frac{3}{5}$ og $\frac{2}{5}$.
b. Fyrir „ $\frac{4}{5}$ “ í 3. málsgr. sömu greinar komi: $\frac{3}{5}$.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutningsgjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. vegalaganna orðist þannig:

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur*: Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarásand, Örnefi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almánaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut*: Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur*: Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvíta.
4. *Garðskagavegur*: Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
5. *Álftanesvegur*: Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
6. *Vífilsstaðavegur*: Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
7. *Útvarpsstöðvarvegur*: Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
8. *Krisuvíkur- og Selvogsvegur*: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krisuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
9. *Biskupstungnabraut*: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
10. *Sogsvegur*: Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
11. *Þingvallabraut*: Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
12. *Grafningsvegur*: Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótuvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.
13. *Laugardalsvegur*: Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
14. *Laugarvatnsvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Svinavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
15. *Skeiða- og Hreppavegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
16. *Gullfossvegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
17. *Gnúpverjavegur*: Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfstöðum.
18. *Skálholtsvegur*: Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
19. *Villingaholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla, að Gaulverjabæjarvegi.

20. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gauiverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakka. 37
7. apríl
21. *Eyrarbakkavegur*: Frá Selfossi að Eyrarbakka.
22. *Landvegur*: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
23. *Hagabraut*: Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
24. *Dykkvabæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábae í Dykkvabæ.
25. *Landeyjavegur* syðri: Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
26. *Fljótshlíðarvegur*: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
27. *Dyrhólabvegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsal í að Dyrhólaey.
28. *Álftaversvegur*: Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Dykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
29. *Meðallands- og Landbrotsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um væntanlega brú á Eldvatn hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
30. *Inn-Nesja- og Mýravegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra, undan Bjarnanesi.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svinadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Kjósarskarðsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegur hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
3. *Dragháls- og Skorradalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svinadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
4. *Akranesvegur*: Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
5. *Akrafjallsvegur*: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á Þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
6. *Lundarreykjadalvegur*: Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
7. *Bæjarsveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalárbrú hjá Kleppjárnareykjum að Reykholtaldalsvegi.
8. *Borgarnesbraut*: Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufár.
9. *Borgarfjarðarbraut*: Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtaldal og Hálsasveit að Lambá.
10. *Kleifavegur*: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
11. *Hvítarsíðavegur*: Af Kleifavegi inn Hvítarsíðu um væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
12. *Álftaneshreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns að Vogalæk.
13. *Hraunhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkeisstaði og Laxárholt að Vogu.

- 37 14. *Hnappadalsvegur*: Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bildu-
7. apríl hóli á Skógarströnd.
15. *Stykkishólmsvegur*: Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
16. *Ólafsvíkurvegur*: Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðar-
sveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
17. *Útnesvegur*: Af Ólafsvíkurvegi, austan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
18. *Hellusandsvegur*: Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
19. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
20. *Skógarstrandarvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
21. *Laxárdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
22. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðar-
fell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
23. *Salthólmavíkurvegur*: Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
24. *Króksfjarðarnesvegur*: Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
25. *Reykhólasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla að Stað.
26. *Gufudalsvegur*: Af Vesturlandsvegi í Þorskaflirði að Gufudal.
27. *Steinadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadals-
heiði og á Strandaveg í Kollafirði.
28. *Strandavegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Hrutafjarðarar um Borðeyri, út með Hrutafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðarheiði.
29. *Reykjarfjarðarvegur*: Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kald-
bak og Veidíleysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
30. *Selstrandarvegur*: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd að Drangs-
nesi.
31. *Ármúlavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
32. *Múlavegur*: Frá Arngerðareyri um Laugaból að Múla.
33. *Aðalvíkurvegur*: Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
34. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur*: Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
35. *Ísafjarðarvegur*: Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
36. *Súðavíkurvegur*: Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnar-
dal til Súðavíkur.
37. *Suðureyrarvegur*: Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði til Suðureyrar.
38. *Flateyrarvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
39. *Hjarðardalsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði til Hjarðardals.
40. *Núpsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli að Núpi.
41. *Þingeyrarvegur*: Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að Rafnseyri.
42. *Haukadalsvegur*: Frá Þingeyri til Haukadals.

43. *Bildudals- og Patreksfjarðarvegur*: Frá Bildudal um Hálfðán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð. 37
7. apríl
44. *Dalahreppsvegur*: Frá Bildudal að Bakka í Dalahreppi.
45. *Tálknafjarðarvegur*: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
46. *Rauðasandsvegur*: Frá Hvalskeri við Patreksfjörð að Saurbæ á Rauðasandi.
47. *Barðastrandarvegur*: Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga að Brjánslæk.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrutafjörð, yfir Hrutafjarðarháls, Miðfjörð, Viðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlið, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótshaiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði og Kelduhverfi að Austurlandsvegi, austan við Jökulsárbrú í Axarfirði.
2. *Reykjaskólavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrutafirði að Reykja-skóla.
3. *Miðfjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi austast á Hrutafjarðarhálsi að Litlu-Tungu.
4. *Hvammstangabraut*: Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vesturhópsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
6. *Vatnsdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinstöðum í Vatnsdalshólum að Undirfelli.
7. *Svinvetningabraut*: Frá Blönduósi, hjá Svinavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
8. *Skagastrandarvegur*: Frá Blönduósi um Skagaströnd til Kálfshamarsvíkur.
9. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur*: Af Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
10. *Skagavegur*: Af Gönguskarðavegi hjá Skiðastöðum út Laxárdal að Skefilsstöðum.
11. *Sauðárkróksbraut*: Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð og að Mælifelli.
12. *Út-Blönduhliðarvegur*: Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlið á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabré á Grundarstokki.
13. *Hofsósvegur*: Frá Sauðárkróki um Hegrans, Viðvíkúrveit og Óslandshlið til Hofsóss.
14. *Hólavegur*: Af Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.
15. *Siglufjarðarvegur*: Frá Hofsósi um Sléttuhlið, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
16. *Ólafsfjarðarvegur*: Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
17. *Hörgárdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
18. *Dalvíkurvegur*: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
19. *Árskógssandsvegur*: Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
20. *Svarfaðardalsvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
21. *Hrisavegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Hrisum um brýr á Skiðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.

- 37 22. *Hjalteyrarvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
7. apríl 23. *Eyjafjarðarbraut*: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að Jórunnarstöðum, ásamt brautinni að Kristneshæli.
24. *Laugalandsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
25. *Svalbarðsstrandarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
26. *Fnjóskadalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
27. *Kinnarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Norðurlandsveg hjá Garði í Aðaldal.
28. *Reykjahverfisvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Norðurlandsveg hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
29. *Bárðardalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
30. *Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsöræfi, um væntanlega brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
31. *Laugaskólavegur*: Af Mývatnssveitarvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
32. *Tjörnnesvegur*: Frá Húsavík kringum Tjörnnes að Norðurlandsvegi hjá Lóni í Kelduhverfi.
33. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskaupún, yfir Melrakkaslétu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
34. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur*: Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
35. *Langanesvegur*: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsá í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpaðvogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*: Frá Þórshöfn yfir Brekkaheiði, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur*: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkauptúni.
4. *Vopnafjarðarvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofsdal til Vopnafjarðar.
5. *Jökuldalsvegur*: Frá Austurlandsvegi við Gílsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
6. *Hróarstunguvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá fossi og á Úthéraðsveg hjá Bóndastöðum.
7. *Upphéraðsvegur*: Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á

- Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað. 37
8. *Fjarðarheiðarvegur*: Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar. 7. apríl
 9. *Úthéraðsvegur*: Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn. Um Gönguskörð og Njarðvikurskriður til Borgarfjarðar.
 10. *Fagradalsbraut*: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
 11. *Eskifjarðarvegur*: Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
 12. *Norðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
 13. *Viðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
 14. *Skóga- og Fljótsdalsvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
 15. *Þórdalsheiðarvegur*: Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
 16. *Mjóafjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.
 17. *Fáskrúðsfjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
 18. *Breiðdalsvíkurvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Eyðölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
 19. *Stöðvarfjarðarvegur*: Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

2. gr.

Lög nr. 72/1936 og lög nr. 109/1940 um breyting á vegalögum, nr. 101/1933, eru úr gildi felld.

Gjört í Reykjavík 7. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

38

7. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, er ekki má skerða. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Skurðgröfur þær og ræktunarárvef, sem rikið á og starfrækir, er lög þessi öðlast gildi, verða eign vélasjóðs.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum kr. 50000.00, sem verður ásamt helmingi vaxtafjár hans og öðrum tekjum rekstrarfé sjóðsins.

2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Verkfæranefnd sú, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 64 frá 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, hefur á hendi stjórn vélasjóðs og reikningshald og annast alla starfsemi hans, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skulu meiri háttar framkvæmdir bornar undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og leitað samþykkis hennar, áður en hafizt er handa um framkvæmdir. Er henni heimilt að ráða framkvæmdarstjóra, er skal hafa sérþekkingu í landbúnaðarvélfræði, til þess að sjá um verklegar framkvæmdir sjóðsins og hirðingu, viðhald og geymslu vélanna. Skal nefndin setja honum erindisbréf og ákveða starfssvið hans.

Reikningar vélasjóðs skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúðar jarðræktarvélar og skurðgröfur og gera tilraunir um not hæfi þeirra og rekstur.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 35. gr., skurðgröfur og aðrar vélknúðar jarðræktarvélar, til notkunar við framkvæmdir þær, er þau hafa með höndum.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 35. gr., vélavinnu við stærri ræktunarfélögum, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á.
4. Að annast jarðræktarframkvæmdir fyrir ríkið, að því leyti sem henta þykir að vinna að þeim með skurðgröfum og öðrum stórvirkum jarðræktarvélum, svo sem undirbúning að landnámi samkvæmt lögum nr. 58 27. júní 1941, um landnám ríkisins, og öðrum hliðstæðum framkvæmdum.
5. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegum og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarfélögum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarfélögum, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

4. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við tilraunir þær, sem gert er ráð fyrir í 32. gr., staflið 1, þar með talinn rekstrarkostnaður vélanna á meðan tilraunir standa yfir, greiðist af rekstrarfé vélasjóðs.

5. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Nú leyfir fjárhagur vélasjóðs ekki, að hann kaupi nægilega margar vélar til þess að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 32. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum samhljóða tillögum verkfæranefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign vélasjóðs og falla til starfsemi hans.

6. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til þess að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og verkfæranefnd ákveður. Hið sama gildir um búnaðarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og

sveitarfélög, enda hafi Búnaðarfélag Íslands ávallt gert fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal, og annazt undirbúning þeirra.

38

7. apríl

7. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Leiga fyrir vélar þær, er vélasjóður selur á leigu samkvæmt 32. gr., staflíð 2, skal miðuð við, að hún nægi til þess að greiða eðlilegt viðhald vélanna. Um leigukjör og starfrækslu leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 32. gr., staflíð 3 og 4, skulu viðkomandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

8. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{3}$ kostnaðar við ræktunarumbætur þær, sem gerðar eru fyrir atbeina vélasjóðs, sbr. 32. gr., staflíð 2—3, og framkvæmdir eru af þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 35. gr. Nær sá styrkur til alls rekstrar skurðgrafnanna, annars skurðgraftar, byggingar flóðgátta, brúa og flóðgarða.

$\frac{1}{3}$ kostnaðar heimilast viðkomandi aðilum að taka að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

9. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum verkfæranefndar og Búnaðarfélags Íslands, með nánari fyrirmælum um vélasjóð, starfssvið hans og framkvæmdir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 7. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um húsaleigu.

39

7. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann og eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 9. sept. 1941. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

Heimilt skal leigusala að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka í húsi sínu, enda

39 komi íbúð leigusala leigutaka að sömu eða svipuðum notum, að dómi húsaleigunefndar. Svo skal og leigusala, er sjálfur býr í húsi annars, undir sömu kringumstæðum heimilt að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda samþykki leigusali hans skiptin. Skipti á íbúðum geta því aðeins farið fram, að leigusali hafi tilkynnt leigutaka vilja sinn þar um með sama fyrirvara og um uppsögn væri að ræða.

Nú missir leigusali af sér óviðráðanlegum ástæðum húsnæði það, sem hann hefur notað til eigin atvinnurekstrar, og getur hann þá, ef honum verður að dómi húsaleigunefndar talin þess brýn þörf til afnota fyrir þann atvinnurekstur, sagt upp leigusamningi um húsnæði, er notað hefur verið í öðru skyni en til íbúðar í húsi, er hann hefur eignast fyrir 9. sept. 1941.

Uppsagnir framleigusala á leigusamningum framleigutaka lúta einnig ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við á, þó þannig, að ekki skiptir máli, hvenær framleigusali öðlaðist rétt yfir hinu leigða.

Uppsagnir samkvæmt framansögðu má meta gildar að öllu leyti eða nokkru, verði það talið hentara, enda á þá húsaleigunefnd úrskurð þess, til hverra herbergja uppsögnin nær.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heldur leigusali (framleigusali) óskertum rétti sínum til að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka (framleigutaka), svo og ef leigutaki (framleigutaki) hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum.

3. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innan-héraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemiendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd, ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskiimála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu mgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kaupþúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsg. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útbuð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

4. gr.

Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kaupþúni eða sveit.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 200 kr. dagsektum í ríkissjóð, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins. Hefur húsaleigunefnd síðan heimild til að ráðstafa húsnæðinu samkvæmt reglum þeim, er segir í 5. gr., enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið húsvilltu innanhéraðsfólki til íbúðar.

5. gr.

39

7. apríl

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilað að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, og tekið til sams konar ráðstöfunar tiltekinn hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur án verið, að mati nefndarinnar, og unnt er að skipta úr. Þó getur afnotahafi ráðstafað þessum hluta húsnæðisins til handa þeim innanhéraðsmanni, er hann kys, og hefur húsaleigunefnd þá sams konar ráðstöfunarétt á því húsnæði, er þannig losnar.

Taki húsaleigunefnd húsnæði leigunámi skv. ákvæðum þessarar gr., ákveður hún leiguupphæð, leigutíma og annað það, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilar koma sér ekki saman um. Úrskurðum nefndarinnar um töku húsnæðis samkv. þessari greina má skjóta til yfirhúsaleigunefndar, og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir.

Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er samkvæmt þessari lagaheimild, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki eða fólk á hans vegum felst eiga sök á.

6. gr.

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem galdið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar fjórum sinnum á ári, 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des., miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvisitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við visitölu þessa frá fyrsta næsta mánaðar eftir að húsaleiguvisitalan hefur verið reiknuð út hverju sinni, enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati húsaleigunefndar leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyli eða lýsingu, sem innifalið er í leigunni, vaxtahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem leigt hefur verið lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda fyrsta næsta mánaðar eftir að matið fór fram.

7. gr.

Nú vanrækir leigusali (framleigusali) viðhaldsskyldu sína, eða húsnæði telst af öðrum ástæðum leigt óhæfilega hátt vegna ásigkomulags þess, þá getur leigutaki (framleigutaki) beiðzt mats húsaleigunefndar á húsaleigunni. Eigi er nefndinni þó skylt að taka slíka beiðni til greina, nema leigutaki (framleigutaki) leiði líkur að því, að málaleitunin hafi við rök að styðjast. Meti nefndin leiguna lægri en umsamið hefur verið, skal færa hana niður í samræmi við matið, og gildir lækkunin frá 1. næsta mánaðar eftir að matið fór fram.

Á sama hátt og húsaleiga hefur verið hækkuð samkv. 6. gr. skal leigusali færa leiguna niður, ef breytingar þær, sem áður urðu til hækkunar á leigunni, leiða síðar til lækkunar.

8. gr.

Í Reykjavík skal skipa húsaleigunefnd. Eiga sæti í henni fimm menn, tveir kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, tveir skipaðir af ríkisstjórninni, en hæstiréttur skipar þann fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Fimm varamenn skulu

39 skipaðir á sama hátt. — Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera 7. apríl lögfræðingar.

Úrskurð um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, að undanteknu mati á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum, skulu formaður og tveir nefndarmanna, er félagsmálaráðherra tilnefnir, kveða upp. Skulu þeir allir vera á fundi, er úrskurður er upp kveðinn, og taka þátt í atkvæðagreiðslu, og getur þá varamaður komið í stað aðalmanns. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

Tveir nefndarmanna, er félagsmálaráðherra tilnefnir, skulu framkvæma mat það á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum, er í lögum þessum greinir, undir eftirliti formanns, og getur þar einnig komið varamaður í stað aðalmanns.

Skýlt er málsaðilum að koma á fund nefndarinnar, ef hún krefst þess, og gefa upplýsingar um málsatriði.

Skýlt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því að málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Í bæjarfélögum og þorpum utan Reykjavíkur skulu húsaleigunefndir skipaðar 3 mönnum. Af þeim kýs viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd 2 menn, en félagsmálaráðherra skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í sveitum annast úttektarmenn ásamt hreppsnefndaroddvita þau störf, sem með lögum þessum eru falin húsaleigunefndum.

10. gr.

Húsaleigunefnd ber að fella úrskurð um ágreining út af uppsögn á leigusamningi um húsnæði samkvæmt 1. gr. laga þessara. Skjóta má þeim úrskurði nefndarinnar til dómstólanna, en hlíta skal honum, unz dómur fellur.

11. gr.

Skýlt er að leggja fyrir húsaleigunefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir hafa verið eftir 14. maí 1940. Skal nefndin gæta þess, að leigan sé ekki ákveðin hærri en hún áður var (sbr. 6. gr.), og hefur hún vald til að úrskurða um upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Þá er og skýlt að láta nefndina meta leigu eftir ný hús og húsnæði, sem ekki hefur verið leigt áður, og er leigusala (framleigusala) óheimilt að áskilja sér eða taka hærri leigu en nefndin metur. Nefndinni ber einnig að framkvæma mat á leigu samkvæmt 5., 6. og 7. gr. laga þessara.

Úrskurðum húsaleigunefndar um mat á húsaleigu má skjóta til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þrír þeirra skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Sé matsgerðum utan Reykjavíkur skotið til yfirhúsaleigunefndar, getur nefndin við mat sitt lagt til grundvallar skýrslur trúnaðarmanna á staðnum um ásigkomulag hins leigða. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti yfirhúsaleigunefnd nánari starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

12. gr.

Við mat á húsaleigu skulu húsaleigunefnd og yfirhúsaleigunefnd kynna sér, svo sem föng eru á, allt það, er áhrif getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess, ásigkomulag og legu, og taka jafnframt tillit til húsaleigu almennt í sambærilegu húsnæði á þeim stað.

13. gr.

Ef samið hefur verið um hærri leigu en heimilt er að taka samkvæmt lögum þessum, skal sá samningur ógildur að því er fjárhæðina snertir, og er afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgreitt samkvæmt slíkum samningi.

39

7. apríl

14. gr.

Fari leigutaki (framleigutaki) úr húsnæði að undangengnum úrskurði, sem byggzt hefur á því, að leigusali (framleigusali) og vandamenn hans þurfi á húsnæðinu að halda (sbr. 1. gr.), og síðan kemur í ljós, að þeir taka ekki húsnæðið til afnota, þá á fyrri leigutaki (framleigutaki) rétt til að fá húsnæðið aftur á leigu með sömu kjörum, ef hann kys.

15. gr.

Öll ákvæði þessara laga um íbúðarhúsnæði gilda og um leigu á húsum, bryggj- um og pöllum til línuveiðabáta, sem róa úr landi.

Hafi leiga eftir slík hús, bryggjur og palla verið greidd með aflahlut, getur aðili krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má leiga þessi ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skal húsaleigunefnd — af sjálfsdáðum — meta leigu eftir öll herbergi í gistihúsum í umdæmi sínu. Um framkvæmd þessa mats og birtingu herbergjaverðs skal ákveðið með reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

17. gr.

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt lögum þessum, tekur við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 10— 10000 krónum.

Sektirnar renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber mál.

18. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, skulu húsaleigusamningar undanþegnir stimpil- gjaldi samkv. l. nr. 75 frá 1921.

19. gr.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. falla úr gildi 14. maí 1944, og er fyrri afnotahafa húsnæðis, sem ráðstafað hefur verið samkv. ákvæðum þeirrar mgr., heimilt að segja slíku húsnæði upp til rýmingar frá þeim tíma með löglegum fyrirvara.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög um húsaleigu, með viðaukum og breytingum: lög nr. 106 1941, lög nr. 126 1941, lög nr. 35 1942, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara taka til uppsagna þeirra á leigusamningum og tilkynninga um skipti á húsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laganna og koma eiga til framkvæmda 14. maí 1943, enda hafi uppsögn eða tilkynning komið fram með löglegum fyrirvara.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

40
13. apríl

RÍKISSTJÓRABRÉF

um þinglausnir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið að Alþingi, 61. löggjafarþingi, skuli slitið miðvikudaginn 14. apríl 1943.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 13. dag aprilmánaðar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

41
13. apríl

RÍKISSTJÓRABRÉF,

er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. apríl 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt lögum frá 13. febrúar 1943, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. apríl 1943.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13.

Gjört í Reykjavík, 13. dag aprilmánaðar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

42

14. apríl

um dýrtíðarráðstafanir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1943 leggja á tekjur ársins 1942 skatt, er nefnist verðlækkunarskattur, samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 10000 kr. greiðist enginn verðlækkunarskattur.

Af	10— 11 þús. kr. greiðist	150 kr. af	10 þús. og 4 % af afg.
— 11— 12 — — — —	190	— 11	— 5 — — — —
— 12— 13 — — — —	240	— 12	— 6 — — — —
— 13— 15 — — — —	300	— 13	— 7 — — — —
— 15— 17 — — — —	440	— 15	— 8 — — — —
— 17— 20 — — — —	600	— 17	— 9 — — — —
— 20— 25 — — — —	870	— 20	— 10 — — — —
— 25— 30 — — — —	1370	— 25	— 13 — — — —
— 30—100 — — — —	2020	— 30	— 18 — — — —
— 100—125 — — — —	14620	— 100	— 15 — — — —
— 125—150 — — — —	18370	— 125	— 10 — — — —
— 150—200 — — — —	20870	— 150	— 5 — — — —
— 200 þús. og yfir	23350	— 200	— 0 — — — —

Skattfrjálst nýbyggingarsjóðstillag einstaklinga og sameignarféлага, sem stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skal hækka frá því, er segir í g-lið 14. gr. laga nr. 20/1942, úr 20% í 33 $\frac{1}{3}$ % af hreinum árstekjum þeirra. Ákvæði þetta skal koma til framkvæmda við álagningu skatta á tekjur ársins 1942.

2. gr.

Tekjum þeim, sem aflað er samkv. 1. gr., skal varið til að standast kostnað þann, er ríkissjóður kann að hafa af framkvæmd 4. og 5. gr. laganna. Enn fremur skal verja 3 milljónum króna af tekjunum til þess að efla alþýðutryggingar. Upphæðin greiðist til Tryggingarstofnunar ríkisins, og skal setja nánari ákvæði um notkun fjárens um leið og endurskoðun fer fram á lögum um alþýðutryggingar.

3. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu verðlækkunarskatts fer að lögum um eignar- og tekjuskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

4. gr.

Skipa skal sex manna nefnd, er finni grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, er fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara, og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarféлага, er miðist við það, að heildartekjur þeirra, er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir.

42 Nefndin skal skipuð hagstofustjóra, og sé hann formaður nefndarinnar, forstöðumanni búreikningaskrifstofu ríkisins, tveim mönnum eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum manni tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæjarfélaga.

Nú verður nefndin sammála um vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða og hlutfall milli verðlags á landbúnaðarafurðum og kaupgjalds stéttarféлага, og skal þá verð á landbúnaðarvörum ákveðið í samræmi þar við, meðan núverandi ófriðarástand helst. Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði.

Nefndin skal ljúka störfum og skila álitni til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. ágúst 1943.

5. gr.

Þar til verð landbúnaðarvara verður ákveðið samkvæmt fyrirmælum 4. gr., er ríkisstjórninni heimilt, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, að ákveða verð þeirra þannig:

Útsöluverð mjólkur verði lækkað í allt að kr. 1.30 lítrann og verð annarra mjólkurafurða í samræmi við það. Lækkun á verðinu til framleiðenda verði hlutfallslega jöfn þeirri lækkun á vísitölu kauplagsnefndar, sem verður í næsta mánuði eftir að mjólkurverðslækkunin kemur til framkvæmda, og verðið til þeirra breytist síðan í samræmi við breytingar á vísitölunni, en að öðru leyti verði verðlækkunin á mjólk og mjólkurafurðum borguð úr ríkissjóði.

Verð á kjöti, sem fyrirbyggjandi er í landinu, er heimilt að lækka með framlagi úr ríkissjóði, þannig að heildsöluverð á dillakjöti verði fært niður í allt að kr. 4.80 kg. og verð á öðrum tegundum kjöts í samræmi við það.

Ákvæði þessarar greinar um verðlag og ríkisframlag falla úr gildi eigi síðar en 15. september 1943.

6. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

43

14. apríl

L Ö G

um greiðslu íslenzkra afurða.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hver sá, sem kaupir íslenzkar afurðir, hvort heldur er sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir eða íslenzkar iðnaðarvörur, skal greiða þær í peningum, þegar seljandi krefst þess, og má eigi greiða þær með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

2. gr.

Nú eru afurðir seldar fastákveðnu verði, og skal þá greiða verð þeirra að fullu á þann hátt, sem 1. gr. kveður á um. En ef afurðir eru seldar óákveðnu verði með rétti til verðuppbótar síðar eða afhentar í umboðssölu, hvort sem til kaupmanna, samvinnufélaga eða annarra er, þá skal greiða að minnsta kosti helming af gangverði afurðanna svo sem í 1. gr. segir, en afganginn á sama hátt eigi síðar en 2 mánuðum eftir að unnt var að ákveða verðuppbót eða umboðssali fékk í sínar hendur andvirði þeirra vara, sem hann hefur selt.

3. gr.

Hagstofa Íslands skal ákveða gangverð afurða samkv. 2. gr. eftir því, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð, sem ráðherra setur.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 500—1000 króna sektum, nema um ítrekað brot sé að ræða. Skal það þá varða allt að 10 þús. króna sekt.

Sektirnar renna í rikissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallitz á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta á Vattarnesi við Reyðarfjörð skal úr rikissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áæflun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 40 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Vattarness að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 40 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið

44 verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eigna-
 14. apríl kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för
 með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um
 bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvödd-
 um báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Vattar-
 ness. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat,
 en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal
 framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið
 greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en
 sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn
 úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar, eftir því sem nánar verður ákveðið í
 reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti
 bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Fá-
 skrúðsfjarðarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er
 hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum
 hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hrepps-
 nefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd
 Fáskrúðsfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndar-
 kosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hrepps sjóður
 Fáskrúðsfjarðarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hrepps nefndin er ábyrg fyrir
 eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja
 fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo,
 að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera
 mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma
 þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingar-
 virkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta
 í lendingarsjóð Vattarness allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er
 úti til fiskveiða frá Vattarnesi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr
 landi innan takmarka Vattarnesslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna
 að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingar-
 bótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja
 áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnuáráðu-
 neylinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

44

14. apríl

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

45

14. apríl

um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem rikisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000 — ein milljón og tvö hundruð þúsund kr. —, gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkur, enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi rikisstjórnarinnar, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 1800000 — einnar milljónar og átta hundruð þúsund króna — lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

46

14. apríl

L Ö G

um frestun á framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um sildartunnur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um sildartunnur, skal frestað þangað til lokið er styrjöld þeirri, er nú geisar, og eðlileg viðskipti geta aftur hafizt landa milli.

Ríkisstjórnin ákveður, hvenær lög in skuli koma til framkvæmda af nýju og birtir um það auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

47

14. apríl

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að íslenzk skip eða önnur skip, leigð eða gerð út af íslenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

Nánari fyrirmæli um þetta efni skal setja í reglugerð.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, má veita undanþágu frá ákvæðum 1. gr. eftir því og með þeim hætti, er mælt verður í reglugerð, enda sé fyrir því séð, að hægt verði að afgreiða beiðnir um undanþágu án tafar á hverri útflutningshöfn.

3. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna, enda liggja ekki þyngri refsing við að öðrum lögum. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

4. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

47

14. apríl

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

48

14. apríl

um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938,
um síldarverksmiðjur ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

49

14. apríl

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Höfundur hver á eignarétt á því, er hann hefur samið eða gert. Hann hefur því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á:

- 49
14. apríl
- a. að birta og gefa út rit sín, skrifuð, prentuð eða margfölduð á hvern hátt sem er, þýða þau, sýna þau á leiksviði eða í kvikmynd, lesa þau upp, flytja í útvarp eða hagnýta þau eða koma á framfæri með öðrum hætti; þetta gildir jafnt um allt ritað mál, ræður og erindi (sbr. þó 2. málsgr. 8. gr. og niðurlag 13. gr.), svo og tónsmíðar allar,
 - b. að gera eftirlíkingar (kopiur), ljósmyndir eða aðrar eftirmyndir af verkum sínum, svo sem höggmyndum, skurðmyndum, málverkum, teikningum og hvers konar uppdráttum, ljósmyndum, listsmíði, fyrirmyndum og hverju því verki, sem höfundarréttur getur fylgt, svo og að margfalda slíkar eftirmyndir til sölu, auglýsinga eða hagnaðar á nokkurn hátt,
 - c. að sýna opinberlega slík verk, sem í b-lið greinir, í hvaða skyni sem er, séu þau í einkaeygn; þetta gildir þó ekki um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum og reglur verið settar um það efni, og skal þá heimilt, án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og að syngja eða leika einstök lög og tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim, enda sé þá fullnægt settum skilyrðum um rétt höfundar og greiðslu til hans. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar og áskilinn er í hinum almennu reglum eða samningum, en hvorki meiri né minni; sama er, ef höfundarréttur er kominn öðrum í hendur.

Einstök kvæði, sögur, ritgerðir og kafla úr ritum, svo og einstök lög og kafla úr tónverkum, sem út hafa verið gefin, má hafa um hönd án allra kvaða á samkomum, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til þess eingöngu að kynna menntir þjóðarinnar, eða til mannfagnaðar aðeins, enda komi þá engin greiðsla fyrir flutninginn; svo og á samkomum félaga eða skóla, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum tilkostnaði. Danslag má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki.

Söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skulu og njóta undanþágu samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, þá er settar hafa verið reglur samkvæmt 1. málsgr. 2. gr. og menntamálaráðherra hefur staðfest þær.

4. gr.

Lög nr. 11 22. okt. 1912 eru úr gildi felld.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, sbr. 3. gr., skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um höfundarétt og prentarétt.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

50

14. apríl

um Kennaraskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 7 mánuði á ári.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastarf í barnaskólum.

3. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, eitt Norðurlandamál, ensku eða þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði og siðfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teikningu, söng, handavinnu, skrift, íþróttir.

Heimilt skal að halda námskeið við skólann í ýmsum framan nefndum greinum, enn fremur í garðyrkju og trjárækt, þegar kostur er.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar og verða síðar leiðtogar barna og unglinga.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra seytján ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild. Þó getur fræðslumálastjórn veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

6. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt inntökuþróf í skólann, er sýni, að hann hafi lokið sem svarar tveggja vetra gagnfræðanámi, eða sanna, að hann hafi lokið gagnfræðaprófi eða öðru prófi jafngildu. Nánari ákvæði um þetta setur ráðuneytið með reglugerð.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar kennaraþróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraþrófskírteini.

Um inntöku stúdentna og annarra utanskólamaþna fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem ráðuneytið setur.

8. gr.

9. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla.

10. gr.

Við kennaraskólann og æfingaskólann skulu vera sex fastir kennarar auk skólastjóra og aukakennarar eftir þörfum, og séu þeir ráðnir í samráði við fræðslumálastjóra.

11. gr.

Fræðslumálastjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, enn fremur l. nr. 10 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ágústa Pétursdóttir, til heimilis í Reykjavík, fædd í Reykjavík 9. febr. 1915.
2. Börge Axel Jónsson, matsveinn, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn 12. okt. 1911.
3. Delphine María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. maí 1887.
4. Edmunda María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Póllandi 24. okt. 1896.
5. Flaviana María, abbadís, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 28. des. 1890.
6. Hals, Anders Ingebrigt Johan, útgerðarmaður, til heimilis í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi 5. okt. 1908.
7. Henriette María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. febr. 1905.
8. Lioba María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. júní 1903.

9. Karóla María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 21. júní 1901. 51
14. apríl
10. Klothilde María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 27. febr. 1898.
11. Petersen, Axel Jakob, bókari, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Danmörku 12. nóv. 1896.
12. Petersen, Skúli, unglíngur, fæddur í Danmörku 26. jan. 1925.
13. Sætran, Jón Meyvant Sivertsen, tekn. ing., nú í Kaupmannahöfn, fæddur í Reykjavík 21. febr. 1915.
14. Sætran, Þorsteinn Bertrand, rafvirki, til heimilis í Reykjavík, fæddur 26. okt. 1911.
15. Theodula María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 25. júlí 1887.
16. Timothea María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. sept. 1874.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt vegna núverandi styrjaldarástands, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

52

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

14. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Ell-iðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar. svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi. er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkv. heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Enn fremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim.

Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkv. 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það.

52

14. apríl

Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut.

4. gr.

Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótgreiðslur til hreppanna.

5. gr.

Allar fjárgreiðslur samkv. lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkv. 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

53

14. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða hver um sig í sjóð sjúkrasamlaga $\frac{1}{4}$ greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma til framkvæmda frá 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

L Ö G

54

14. apríl

um breyting á lögum nr. 76 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 66 1940,
um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum, sem skylt er að slysaftryggja á.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Fiskiskip, 5 rúmlesta (brúttó) og stærri, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki til útlanda, greiða í iðgjald 4 krónur á viku fyrir hvern tryggðan skipverja, bátar undir 5 rúmlestum 2 kr. á viku fyrir hvern tryggðan skipverja, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bónus), sem þessum skipum kann að tilfalla, rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Slys þau, sem orðið hafa á bátum undir 4 rúmlestum á tímabilinu frá 27. júní 1941 til gildistöku þessara laga og ætla má, að séu af stríðsvöldum, skulu bætt af stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna eftir sömu reglum og hlíðstæð slys á stærri bátum á þessu tímabili. Ríkissjóður endurgreiðir félaginu þessar bætur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

L Ö G

55

14. apríl

um viðauka við lög nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 1921,
um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. apríl 1943 til 1. ágúst 1943 skal greiða meðalmeðgjöf með óskilgetnum börnum sem hér segir:

14. apríl **55** Greiða skal meðalmeðgjöf þá, sem ákveðin er með auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, að viðbætti 10% uppbót. Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu apríl til júlí 1943. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga skal greiða uppbót á meðalmeðgjöf þá, sem í gildi var frá 1. ágúst 1942 til 31. marz 1943 samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 10. sept. 1942.

Uppbót þessi er mismunurinn á meðgjöf þeirri, sem um getur í 1. mgr., og meðalmeðgjöf samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, með 10% viðbót og verðlagsuppbót af hvorutveggja hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1942 til marz 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

14. apríl **56**

L Ö G

um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur af trjávið, pappa og límböndum, sem notað er í umbúðir utan um fisk til útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

AUGLÝSING

57

20. marz

um lækkuu aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 18. marz 1943 um breytingu á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. jan. þ. á. að telja til ársloka 1943 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís, og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

58

19. apríl

um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði:

Málefni þau, er með ríkisstjóraúrskurði, útgefnum 22. des. 1942, um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., voru falin félagsmálaráðherra Jóhanni Sæmundssyni, þ. e. alþýðutryggingamál, húsnæðismál og bygginga-félög, sveitarstjórnarmál — þar undir fátækramál og atvinnubótafé — og önnur félagsmál, — eru hér með falin forsætisráðherra dr. juris Birni Þórðarsyni.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

59
20. apríl

RÍKISSTJÓRABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá þeim degi, er ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. september 1943.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

60
29. apríl

L Ö G

um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Óheimil för inn á bannsvæði herstjórnar eða óheimil dvöl þar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að lögum, enda hafi bannsvæði verið auglýst, og sé það afgirt eða för inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

2. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum 1. gr. fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

61

29. apríl

um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilað að ákveða með auglýsingu lækkun á aðflutningsgjöldum af eftirgreindum vörutegundum:

1. Ný epli.
2. Nýjar perur.
3. Rúsínur.
4. Sveskjur.
5. Más.
6. Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt.
7. Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður.
8. Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
9. Reiknivélar.
10. Ritvélar.
11. Talningarvélar (fétalar).
12. Fjölrítar (duplikatorar).
13. Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

AUGLÝSING

62

um kosningu ríkisstjóra.

10. maí

Á fundi sameinaðs Alþingis 17. f. m. var herra Sveinn Björnsson, ríkisstjóri, kjörinn ríkisstjóri Íslands til eins árs, fyrir kjörtímabilið frá 17. júní 1943 til jafnlangdar 1944.

Þetta er hér með gjört heyrin kunnugt.

Forsætisráðuneytið, 10. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Birgir Thorlacius.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé, að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ástæðurnar fyrir þessu telur hann tvær. Í fyrsta lagi er það, að svo er ákveðið í 3. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, að um álagning verðlækkunarskatts skuli gilda ákvæði laga um eignar- og tekjuskatt, en fyrr greind lög um dýrtíðarráðstafanir öðluðust ekki gildi fyrr en eftir að liðnar voru framlagningarfrestir samkvæmt 36. gr. skattalaganna frá 1935 og ekki eru tók á að leggja á verðlækkunarskattinn almennt fyrr en nokkrum vikum eftir að hann er lögtekinn. Verður því að breyta skattalögum frá 1935 að því er tímaákvörðunir og fresti varðar, til þess að verðlækkunarskatturinn verði löglega á lagður.

Í öðru lagi er það, að vegna óvissu um, hvort verulegar breytingar yrðu gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögum á nýafstöðnu Alþingi, hófu undirskattanefndir svo seint starf sitt að því varð víða ekki lokið í tæka tíð.

Ráðherrann hefur einnig tjáð mér, að heppilegast muni vera, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum svo sem var á fyrra ári.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að framan nefndir skattar verði löglega á lagðir gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

64

16. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

2. gr.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikningssjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir.

3. gr.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem opinberar stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarupphöð og upphöð á fasteignum búa, sem skiptaréttur fer með, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög, firmu og vörumerki, sérleyfi, er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það, er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi. Einnig skal heimilt vera að birta í Lögbirtingablaði auglýsingar og tilkynningar einstakra manna.

4. gr.

Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmálaráðherra.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmálaráðherra mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar. Skylt er skrifstofustjórum hvers ráðuneytis að fá útgefanda þegar handrit af hverju því, sem afgreitt hefur verið í því ráðuneyti og birta her í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

6. gr.

Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmálaráðuneytisins, enda kveður dómsmálaráðherra á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirsmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

64

16. des.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 11 24. ágúst 1877, lög nr. 32 16. nóv. 1907 og lög nr. 35 11. júlí 1911, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

65

16. des.

L Ö G

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðum fátækramála.

3. gr.

Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmálabókahald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu húsi og alþingiskosningar.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrá sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

720 (a) Fiskur, reyktur eða kryddreyktur (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum og að undanteknum fiski í loftþéttum umbúðum, sem veга ekki með innihaldi meir en 15 pund hver):

(6) Annar fiskur $12\frac{1}{2}\%$

721 (d) Kavíar og önnur hrogn til verðtollur manneldis (að undanteknum styrjuhrognum):

Soðin og í loftþéttum umbúðum, hvort þau eru í seyði eða sósu, eða ekki 15%

verðtollur

Annað 10 c.

1519 (a) Verkaðir feldir og loðskinn, á pund ólitað:

Lamba- og loðskinn (nema karakúl og persneskt lamb) $12\frac{1}{2}\%$

1685 Fiskúrgangur og fiskimjöl í flokki sem aðallega notast til áburðar eða sem hráefni til áburðarvinnslu Tollfrjáls

1730 (b) Þorskalýsi og þorsklifrarlýsi . Tollfrjálst

1780 Fiskúrgangur og fiskimjöl, óháft til manneldis Tollfrjáls

Internal Revenue Code Section	Lýsing vöru	Innflutningsgjald
-------------------------------	-------------	-------------------

2491 (a) Sildarlýsi $1\frac{1}{2}$ c. á pund

with their contents not more than fifteen pounds each):

(4) Herring, whether or not boned, regardless of value, and including full herring, in bulk or in immediate containers weighing with their contents more than fifteen pounds each and containing each more than 10 pounds of herring, net weight..... $\frac{1}{2}$ c.

720 (a) Fish, smoked or kippered (except fish packed in oil or in oil and other substances and except fish packed in air-tight containers weighing with their contents not more than fifteen pounds each):

(6) Other fish $12\frac{1}{2}\%$

721 (d) Caviar and other fish roe for food purposes (except sturgeon):

Boiled and packed in air-tight containers, whether or not in bouillon or sauce... 15%

ad valorem

Other 10 c.

1519 (a) Dressed furs and dressed fur skins, not dyed:

Lamb and sheep (except caracul and Persian lamb) $12\frac{1}{2}\%$

1685 Fish scrap and fish meal of a grade used chiefly for fertilizers, or chiefly as an ingredient in the manufacture of fertilizers Free

1730 (b) Cod oil and cod-liver oil .. Free

1780 Fish scrap and fish meal, unfit for human consumption Free

Internal Revenue Code Section	Description of Article	Rate of Import Tax
-------------------------------	------------------------	--------------------

2491 (a) Herring oil $1\frac{1}{2}$ c. per pound

Bókun um staðfestingu þessa samnings fór fram í Washington hinn 20. október 1943, og gengur þá samningurinn í gildi hinn 19. nóvember 1943.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, hinn 22. október 1943.

Vilhjálmur Þór.

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 61 29. apríl 1943, skulu frá og með 19. nóvember 1943 aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum vera svo sem hér segir:

Tollskr. nr.		Tollein- ing	Vörumagns- tollur. Aurar	Verð- tollur %
8. kafli nr. 6.	Epli ný	1 kg	7	10
8. — — 15.	Perur nýjar í mánuðunum febr. til og með júlí	—	3,36	10
8. — — 15 a.	Perur nýjar í öðrum mánuðum	—	7	10
8. — — 33.	Rúsinur	—	7	25
8. — — 34.	Sveskjur	—	7	25
10. — — 6.	Máis	—	—	4
19. — — 5.	Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt	—	7	10
20. — — 7.	Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður	—	7	8
20. — — 9.	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	—	7	10
72. — — 22.	Reiknivélar	—	3,5	15
72. — — 23.	Ritvélar	—	3,5	15
72. — — 24.	Talningavélar (fétalar)	—	3,5	15
72. — — 25.	Fjölritarar (duplikatorar)	—	3,5	15
72. — — 26.	Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.	—	3,5	15

Máis, 10. kafli nr. 6, skal þó vera verðtollsfrjálst til ársloka 1943, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 57 20. marz 1943.

Af pulp og safi úr ávöxtum, ósykraðum, 20. kafla nr. 7, og af saft úr ávöxtum og jurtahlutum, 20. kafla nr. 9, skal ekki innheimta eftirlitsgjald samkvæmt reglugerð nr. 67 22. febr. 1940, sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. laga þess-

ara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs. 75

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði. 10. nóv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

76

10. nóv.

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

77

7. des.

L Ö G

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar
vinninga í happdrætti Hallgrímskirkju.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningur í happdrætti Hallgrímskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 28. maí 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

78

7. des.

L Ö G

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar
vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

79

7. des.

um breyting á lögum nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð í Dalvík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, allt að kr. 480000.00 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Dalvíkur. Með framlagi rikissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar á fjárlögum.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 720000.00 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku þessara laga. Gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

80

7. des.

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi:

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkis-

80 sjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á 7. des. ákvörðunarstað í sýslunni.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

81

7. des.

H A F N A R L Ö G

fyrir Ólafsfjörð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — ein milljón krónur — gegn $\frac{1}{3}$ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — einnar millj. og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnu- málaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

81

7. des.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 500—20000 krónur, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

- 81 f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar upp-
7. des. sátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt töhulið 2. a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlök skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

81

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál. 7. des.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

TILSKIPUN

82

um starfsreglur ríkisráðs.

16. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt stjórnarskrá ríkisins, 18. maí 1920, og lögum nr. 25 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, skipa ég svo fyrir um starfsreglur ríkisráðs sem hér segir:

1. gr.

Ráðherrarnir allir skipa ríkisráð. Ríkisstjóri er forseti ríkisráðsins. Auk þess er ríkisráðsritari á fundum ríkisráðsins.

2. gr.

Ríkisstjóri kveður ríkisráð til fundar á þeim stað og stundu, sem hann ákveður eftir tillögu forsætisráðherra. Ríkisstjóri getur einnig kvatt ríkisráð til funda án þess að fyrir liggi tillaga frá forsætisráðherra, ef hann telur það óhjákvæmilega nauðsynlegt. Fundir skulu að jafnaði haldnir í skrifstofu ríkisstjóra í Reykjavík eða nágrenni. Skulu allir ráðherrar sækja fundi ríkisráðs, nema fjarvera eða veikindaforföll hamli.

3. gr.

Fundur ríkisráðs er lögmaður, ef meiri hluti ráðherranna er á fundi. Ef alveg sérstaklega stendur á, og brýna nauðsyn ber til að halda ríkisráðsfund tafarlaust, telst þó fundur lögmaður, ef auk forseta eru tveir ráðherrar á fundi, enda sé fullvist, að ekki geti fleiri komið á fundinn.

4. gr.

Það, sem gerist á fundum ríkisráðs, skal bókað í sérstaka, löggilta gerðabók ríkisráðs. Ríkisráðsritari annast bókunina.

Forseti og ráðherrarnir geta, ef þeir óska þess, krafizt, að bókaðar séu athugasemdir eða ágreiningsálit þeirra um eitthvert eða einhver mál.

Að loknum hverjum fundi skal gerðabókin lesin upp og undirrituð af öllum þeim, sem viðstaddir voru á fundinum.

5. gr.

Bera skal upp fyrir ríkisstjóra í ríkisráði öll lög, þar á meðal bráðabirgðalög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Sem mikilvægar stjórnarráðstafanir, er bornar skulu upp í ríkisráði, skal jafnan telja:

1. Lagafrumvörp, sem ráðherra vill leggja fyrir Alþingi.
2. Tillögur um að kveðja saman Alþingi, slíta því, fresta fundum þessa eða rjúfa það.
3. Samninga við erlend ríki, sem eru mikilvægir, eða þurfa staðfestingar ríkisstjóra annaðhvort samkvæmt stjórnarskránni eða samkvæmt ákvæðum samningsins.
4. Tillögur um veiting á, lausn eða frávikning frá embætti, eða flutning úr einu embætti í annað, sem ríkisstjóri veitir.
5. Tillögur um að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, um náðun og um almenna uppgjöf saka.
6. Ríkisstjóraúrskurði, tilskipanir, opin bréf og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir, sem hafa ekki þegar verið taldar hér á undan.

6. gr.

Nú er ríkisstjóri fjarverandi eða forfallaður sökum veikinda og er forsætisráðherra þá forseti ríkisráðs, eða ef forsætisráðherra er einnig fjarverandi eða forfallaður sökum veikinda, sá ráðherrann, sem gegnir störfum forsætisráðherra.

7. gr.

Forseti stjórnar fundum ríkisráðs og umræðum á fundunum. Hann ákveður í hverri röð ráðherrarnir bera upp tillögur sínar og hver þeirra tekur til máls.

Nú kemur fram á ráðherrafundi, að ágreiningur er milli ráðherranna, eða um það er vitað á annan hátt, um mál, sem ætlað er að bera upp í ríkisráði, og skal þá ríkisstjóra gefin skýrsla um málið og ágreininginn eigi síðar en sólarhring áður en bera skal málið upp í ríkisráði. Nú kemur það fram þegar málið kemur fyrir ríkisráð, að mikill ágreiningur er enn milli ráðherranna, og forseti telur málið mikilsvert, og getur hann þá ákveðið að fresta afgreiðslu þess til síðari fundar, sem þó skal haldinn eigi síðar en viku seinna.

8. gr.

Ríkisráðsritari skal skipaður af ríkisráði, eftir tillögu forsætisráðherra, til eins árs í senn frá 17. júní til jafnlengdar næsta ár. Þóknun fyrir störf hans ákveður ráðuneytið eftir tillögu forsætisráðherra.

Auk þess að annast bókun fundargerða samkvæmt 4. gr., skal ríkisráðsritari annast kvaðningu til funda, sjá um að fyrir liggi í réttu formi tillögur þær, er bera skal upp á fundinum, sjá um afgreiðslu mála þeirra, sem afgreidd hafa verið í ríkisráði, í hendur hlutadeigandi ráðuneyta eða annarra; sjá um afgreiðslu eftirrita af tillögum, sem afgreiddar hafa verið í ríkisráði, til skrifstofu ríkisstjóra; geyma gerðabók og skjalasafn ríkisráðs og sjá um, að það sé jafnan í góðu lagi.

9. gr.

Nú er ríkisráðsritari fjarverandi eða forfallaður sökum veikinda, og setur þá forsætisráðherra annan til að gegna störfum hans.

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

RÍKISSTJÓRABRÉF
um þinglausnir.

83

16. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið að Alþingi, 62. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 17. desember 1943.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

84

16. des.

um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Byggingarsamþykkt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi, svo og fyrir aðra staði, sem skipulagsskyldir eru samkvæmt lögum um skipulag kaupúna og sjávarþorpa.

2. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í löggiltum verzlunarstöðum og öðrum þeim stöðum, sem um getur í 1. gr. þessara laga, skuli stofnuð byggingarnefnd ... o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

um ítölu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda og jarðareigenda innan sveitarfélagsins um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúenda og jarðareigenda um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda og jarðareigenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur og jarðareigendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mælt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slik krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur horizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkv. fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengið meirihlutasamþykki fyrir því á fundi samkvæmt 2. gr., ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrennasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

5. gr.

85

16. des.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætt á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsþúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Þó sé engri jörð metin lægri ítala en svo, að unnt sé að reka lífvænlegt bú á henni. Vilji einhver ekkí una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

Nú fyllir sveitarfélag ekkí sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt.

8. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í

85 landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en 16. des. eins lögsagnarumdæmis, tilnefni stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítölumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomulags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr.

10. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág vegna sandgræðsluframkvæmda, að matsmenn telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámsslögunum.

11. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

12. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfiritölumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfiritölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

13. gr.

Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda og jarðareigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—10000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

16. gr.

85

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi. 16. des.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

86

16. des.

um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar Reykjavíkurkaupstaður lætur lóðir sínar og lönd á leigu, þar á meðal erfðafestuleigu, skal bæjarstjórnin eða bæjarráð í umboði hennar ákveða leiguskilmálana.

Á sama hátt ræður hafnarstjórn leigumála um lóðir Reykjavíkurhafnar.

2. gr.

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 5% af fasteignamatsverði lóðarinnar. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af bæjarstjórn og hafnarstjórn.

3. gr.

Ef bæjarstjórn eða hafnarstjórn selja lóðir eða lóðarspildur bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, fer um ákvörðun söluverðs með sama hætti og fyrir er mælt í 1. gr.

4. gr.

Nú er bæjarstjórn (bæjarráð) eða hafnarstjórn ekki á einu máli um ákvörðun ársleigu eða söluverðs lóðar, og skal þá leigan eða söluverðið ákveðið með mati dómkvaddra manna eftir almennum reglum um dómkvaðningu.

5. gr.

Lóðarleigjanda, er ekki vill hlíta ákvörðun bæjarstjórnar (bæjarráðs) eða hafnarstjórnar um ákvörðun lóðarleigu eða mati samkv. 4. gr., er heimilt að krefjast yfirmats um leiguna, er framkvæmt skal af dómkvöddum mönnum. Um greiðslu matskostnaðar fer þá samkv. ákvæðum 6. gr. síðustu mgr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917.

86

16. des.

Er næsta matstímabili lóðarleigu samkv. gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

6. gr.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 23 3. okt. 1903, um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað, laga nr. 59 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

87

16. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórnin setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlök 1944 reiknar hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942.

2. gr.

Í stað „1000“ í 4. gr. laganna komi: 10000.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

88

16. des.

um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta við Kirkjubólspörp í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stöðvarhrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfar þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkveðdum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Stöðvarhrepps.

Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Stöðvarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Stöðvarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

88

16. des.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Stöðvarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

6. gr.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stöðvarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Stöðvarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stöðvarfjarðar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

89

um lendingarbætur í Hnífsdal.

16. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Hnífsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hnífsdalskaupþúns að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hnífsdalskaupþúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kaupþúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Eyrarhrepps komi til

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Eyrarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Eyrarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

89

16. des.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hnífsdalskaupþúns allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hnífsdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hnífsdalslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarþótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarþóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, háta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

90

16. des.

um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal og starfrækja reikningaskrifstofu sjávarútvegsins undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé.

2. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða Fiskifélagi Íslands kostnað við reikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu skýrslu um útgerðarkostnað og til eyðublaða til innfærslu reikninga um útgerðir, sem skrifstofan lætur gera, þó eigi yfir kr. 10000.00 á ári.

3. gr.

Hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er:

1. Að safna saman reikningum um útgerðir víðs vegar á landinu, bæði frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, og öðrum, sem halda slíka reikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af rekstri útgerðarfyrirtækja yfirleitt og jafnframt af rekstri hinna ýmsu greina útgerðarinnar.
2. Að stuðla að því, að þeir, sem útgerð reka, en ekki eru bókhaldsskyldir, haldi sem gleggsta reikninga um útgerðina og aðstoða þá við uppgjör þeirra.
3. Að vinna hagfræðilegar upplýsingar úr þeim reikningum, sem skrifstofunni berast, um allar greinar útgerðarinnar, eftir því sem unnt er. Birtir skrifstofan skýrslur um niðurstöður sínar árlega.
4. Að útbúa og gefa út hentug eyðublöð fyrir útgerðarreikninga með skýringum um færslu þeirra.
5. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar varðandi sjávarútvegin, ef hún óskar þess.

4. gr.

Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Stofnunin starfar í fjórum deildum, fasteignadeild, skipadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingadeild.

3. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, III. kafli, er nefnist skipatryggingin, 12.—16. gr., sem segir í þessari grein, og breytist kaflatalan og greinatala laganna samkvæmt því.

- a. (12. gr.) Skýlt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni öll íslensk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, önnur en strandferðaskip ríkisins. Eigendur og umráðamenn þeirra skipa, sem ekki eru tryggð samkv. lögum nr. 32 11. júní 1942, skulu senda Ófriðartryggingunni tilkynningu um þau, þegar er hún tekur til starfa.
- b. (13. gr.) Skip skal ófriðartryggja fyrir sömu fjárhæð og þau eru váttryggð fyrir hjá vélbátaábyrgðarfélagi. Nú er skip ekki váttryggt hjá vélbátaábyrgðarfélagi, og skal það þá metið af trúnaðarmönnum Ófriðartryggingarinnar, sem eru hinir sömu og trúnaðarmenn vélbátaábyrgðarfélaganna, hver á sínu svæði, eftir því sem við getur átt. Upphæð tryggingar fer eftir sömu reglum og hjá vélbátaábyrgðarfélagunum. Stjórn Ófriðartryggingarinnar hefur sams konar rétt til yfirmats og endurmats og stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur samkvæmt l. nr. 32 frá 1942.
- c. (14. gr.) Vélbátaábyrgðarfélagum er skýlt að hafa á hendi innheimtu iðgjalda, hverju á sínu tryggingarsvæði, undir umsjón Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Iðgjaldið getur numið allt að 1% á ári, frá því að Ófriðartryggingin tekur til starfa, en þó ekki yfir 4% af tryggingarfjárhæðinni, nema sérstaklega verði ákveðið með lögum.
- d. (15. gr.) Ráðuneytið ákveður þóknun til vélbátaábyrgðarfélaganna fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.
- e. (16. gr.) Um bætur fyrir tjón á skipum fer eftir sömu reglum og um bætur fyrir sjótjón samkvæmt l. nr. 32 frá 1942, um váttrygging vélbáta. Skal ríkissjóður leggja fram fé til hótanna, og endurgreiðist það af iðgjöldum, eftir því sem þau hrökkva til. Að öðru leyti gilda ákvæði fasteignatrygginga, sbr. II. kafla laga þessara, að svo miklu leyti sem við á.

4. gr.

Í 17. gr. laganna, sem verður 22. gr., komi orðin IV. kafli, 23. gr. og 34. gr. í stað „III. kafli“, „18. gr.“ og „28. gr.“.

5. gr.

Í 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., komi orðin 22. gr. í stað „17. gr.“.

6. gr.

Í 20. gr. laganna, sem verður 25. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

7. gr.

Í 21. gr. laganna, sem verður 26. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

8. gr.

Í 22. gr. laganna, sem verður 27. gr., komi orðin 36. gr. í stað „31. gr.“.

9. gr.

Í 25. gr. laganna, sem verður 30. gr., komi orðin 17. gr. í stað „12. gr.“.

10. gr.

Í 30. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi orðin II.—IV. kafla á tveim stöðum fyrir „II. og III. kafla“, og á eftir orðunum „16. gr.“ í þriðju mgr. sömu greinar komi: og 21. gr.

Enn fremur í 4. mgr. sömu greinar komi orðin V. kafla í stað orðanna „IV. kafla“ og orðin 24. gr. og 22. gr. í stað „18. gr.“ og „17. gr.“.

11. gr.

Í 31. gr. laganna, sem verður 36. gr., komi orðin V. kafla í stað „IV. kafla“.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er þau hafa öðlzt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, og gefa þau út að nýju svo breytt.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvinna sjúkdóma, skal ráðherra setja með reglugerð.

92

16. des.

2. gr.
Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg. , svolátandi:
Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsg. þessarar greinar,
og skal þá framfærslusveit hans greiða $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar
fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

3. gr.

Fyrir orðin „samkvæmt 4., 5. og 6. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: samkvæmt 5. gr.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikra-
spítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir
fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkis-
sjóðs, eins og verið hefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

93

16. des.

L Ö G

um hafnarbótasjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla
að bæitum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem
aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjum ársins 1943 3 millj. kr.
og 300 þús. kr. á ári eftir 1943.

3. gr.

Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum
sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um
fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

94

16. des.

um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:

Einnig getur ráðherra, að fengnu áliði veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusild (smásild og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

95

16. des.

um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú er lánardrottinn búsettur eða dvelst í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða öðru því ríki á meginlandi Evrópu, sem er styrjaldarríki eða hernumið, og fellur þá krafa, er hann átti 10. apríl 1940 eða síðar á hendur aðila á Íslandi, ekki niður vegna fyrningar, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að styrjaldarástandi eða hernáms í dvalarlandi hans er lokið og póstsamband er komið á milli þess lands og Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

96

16. des.

L Ö G

um eyðingu svartbaks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

97

16. des.

L Ö G

um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 350 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Voga að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 350 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kann að taka í innlandri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um

bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að til- 97
kvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði 16. des.
Vatnsleysustrandarhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafist, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þeir menn, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Vatnsleysustrandarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Vatnsleysustrandarhrepps allt að 6% af brúttlóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Vogum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

97

11. gr.

16. des. Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

98

L Ö G

16. des.

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. kafli 1. gr. laganna orðist svo:

Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.

Ávextir nýir:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1 — ananas	1 kg	7	10
2 — appelsínur	—	7	10
3 — bananar	—	7	10
4 — bláber	—	7	10
5 — einiber	—	7	10
6 — epli	—	7	10
7 — ferskjur	—	7	10
8 — grapefruit	—	7	10
9 — hindber	—	7	10
10 — jarðarber	—	7	10
11 — kirsiber	—	7	10
12 — mandarínur	—	7	10
13 — melónur	—	7	10

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
14 — múltuber	1 kg	7	10
15 — perur: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
15a — — í öðrum mánuðum	—	7	10
16 — plómur	—	7	10
17 — ríbsber	—	7	10
18 — sítrónur	—	7	10
19 — sólber og stíkilsber	—	7	10
20 — tituber	—	7	10
21 — vínber: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
21a — — í öðrum mánuðum	—	7	10
22 — aðrir	—	7	10
Ávextir þurrkaðir:			
23 — aprikósur	—	7	25
24 — blandaðir ávextir	—	7	25
25 — bláber	—	7	25
26 — döðlur	—	7	25
27 — epli	—	7	25
28 — ferskjur	—	7	25
29 — fikjur	—	7	25
30 — kirsiber	—	7	25
31 — kúrennur	—	7	25
32 — perur	—	7	25
33 — rúsinur	—	7	25
34 — sveskjur	—	7	25
35 — aðrir	—	7	25
Hnetur, heilar eða muldar:			
36 — kókosnetur og mjöl úr þeim	—	7	10
37 — aðrar	—	7	10
38 — möndlur	—	7	10
39 Hnetukjarnar og aðrir ávaxtakjarnar, ót. a.	—	7	10

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um ábyrgð rikissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenskum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda rikissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenskum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenskum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur rikissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, er tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð rikissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Bótaskylda rikissjóðs gildir ekki gagnvart vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafist rikissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af vátryggjanda.

Nú er bótakrafa eigi komin til ráðuneytisins innan eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda rikissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá gildistöku þeirra.

5. gr.

Nú greiðir rikissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

100

30. des.

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 40% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1943, til greiðslu upp í útsvar hans 1944, með gjalddögum 1. marz til 1. maí 1944, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, en ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvars-greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagning útsvars 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}$ % vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

101

30. des.

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

101

30. des.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr rikissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

3. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem rikisskuldabréfum eða öðrum bréfum með rikisábyrgð, skulda- bréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrir mæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé

ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. **101**
 Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti 30. des.
 lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlægum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

101

30. des.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslauninum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslauninum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslauninum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslauninum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir

um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist. 101

30. des.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundradshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsg. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með ½ árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða protabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 51 27. júní 1921 úr gildi numín.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ó G

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 33 27. júní 1921, skal eftirleiðis starfa með því markmiði og skipulagi, sem segir í þessum lögum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum barnakennara.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skulda- bréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álika tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal selt fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Síni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkv. 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum mæka þeirra og börnum lífeyri samkv. ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trygginga-yfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfa í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann

102 hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast 30. des. hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 10. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð, eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að 102
lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem 30. des.
greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagens er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans, samkvæmt 10. og 12. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 13. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðl-
azt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

15. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

16. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $\frac{1}{12}$ árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

17. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 33 27. jan. 1921 úr gildi numin.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvisun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku. Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir 10 til 11 ára starf veitist 15 % af meðallaunum síðustu 10 starfsára.	103
— 11 — 12 — — — 18 — — — — —	30. des.
— 12 — 13 — — — 21 — — — — —	
— 13 — 14 — — — 24 — — — — —	
— 14 — 15 — — — 27 — — — — —	
— 15 — 16 — — — 30 — — — — —	
— 16 — 17 — — — 33 — — — — —	
— 17 — 18 — — — 36 — — — — —	
— 18 — 19 — — — 39 — — — — —	
— 19 — 20 — — — 42 — — — — —	
— 20 — 21 — — — 45 — — — — —	
— 21 — 22 — — — 48 — — — — —	
— 22 — 23 — — — 51 — — — — —	
— 23 — 24 — — — 54 — — — — —	
— 24 — 25 — — — 57 — — — — —	
— 25 ára starf og lengra veitist 60 % af — — — — —	

9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launinum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarksellilífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr rikissjóði.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita

103 aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstími frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslauninum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem láta af störfum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með 1/2 árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

104

30. des.

um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Frá 1. janúar 1944 falla úr gildi I.—III. kafla (1.—45. gr.) laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 1.—15. gr. laga nr. 92 1940, a-, b- og e-liðir 1. greinar og 2. gr. laga nr. 56 1941, lög nr. 94 1942 og lög nr. 53 1943, en frá sama tíma koma í gildi eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.
3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingastofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda, verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í tryggingastofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annars staðar þar, sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingastofnun ríkisins framkvæmdastjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðar Íslands, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 73 4. júlí 1942. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingastofnunarinnar og tryggingafræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki, að fengnum tillögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

104 Laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og annarra fastra starfsmanna
30. des. skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega $\frac{3}{4}$ hluta af öllum kostnaði við Tryggingastofnun ríkisins, og ákveður ráðherra, hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir tryggingastofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 menn í tryggingaráð og 5 menn til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins úr hópi þeirra, sem í það hafa verið kosnir. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna. Kjörtími tryggingaráðs er fjögur ár.

Forstjóri stjórnar Tryggingastofnun ríkisins, í samráði við tryggingaráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingaráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingaráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingaráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 30 daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.

Reikningar Tryggingastofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisstofnana.

II. KAFLI

Slysatryggingar.

8. gr.

Hlutverk slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að tryggja gegn slysum þá, sem skylt er að tryggja samkvæmt lögum þessum. Enn fremur að annast frjálsar slysatryggingar, sem í lögnum greinir og ráðherra ákveður nánar um með reglugerð.

9. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna gagnvart slysatryggingunni, svo sem við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir vefuskipaútgerð, sem Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrabátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta- og róðrabátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar, áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Enn fremur hefur nefndin rétt til að velja einn mann til þess að fylgjast með rekstri slysatryggingarinnar. Sama rétt hefur og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysatryggingarinnar, og er skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja tryggingaráðsfundi, er þeir fjalla um málefni slysatryggingarinnar.

10. gr.

104

30. des.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
 - a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
 - b. Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hvers konar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupum í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
 - a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hvers konar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
 - b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talin gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómbúum, námugróftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
 - c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum. Undanþegin þessum ákvæðum eru útihús í sveitum, sem byggð eru úr torfi og grjóti, önnur en heyhlöður, svo og viðbætur og breytingar húsa í sveitum, nema um meiri háttar aðgerðir sé að ræða.
 - d. Vegagerð, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu tryggðir héraðslæknar, skipaðar ljósmæður, hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.
 - e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lægi, bátasmíði, bátaviðgerðir.
 - f. Þvottahúastörf og ræsti- og hreingerningarvinna í skólum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum, kirkjum, verksmiðjum, verkstæðum, veitingahúsum, verzlunum, skrifstofum og skipum.
 - g. Eldhústörf í sjúkrahúsum, heimavistarskólum, veitingahúsum og veitingastofum.
 - h. Sendisveinastörf.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysathöfðir menn.

11. gr.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið 10. gr., að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefur það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þar með talin utanhússmálning og önnur þau verk, sem við þarf að nota verkpall eða stiga, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu, enda sé aðeins um að ræða nauðsynlegar ferðir milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar, sem farnar eru samdægurs.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru í landi, annaðhvort við störf í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Tryggingin samkv. 10. gr. 2. tölul. nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í húð nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða húðar.

104 Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá 30. des. ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

Nú annast byggingameistari húsagerð í tímavinnu, og ber hann þá ábyrgð á iðgjaldagreiðslu, enda er honum heimilt að krefja húseiganda um upphæð slysa-tryggingagjalda.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

12. gr.

Það er bótaskyld slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hvers konar fingurmeið og handarmeind, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álitur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakast af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd fyrir fram.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast, eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er, að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert, áður en ár er liðið, frá því að slysið varð.

Nú missir slasaður maður rétt til slysabóta fyrir vanrækslu atvinnurekanda að tilkynna slys, sem ætla má, að þó hefði verið bótaskyld. Ber þá hlutaðeigandi atvinnurekandi ábyrgð á slysabótum gagnvart hinum slasaða, eftir sömu reglum og slysatryggingin mundi hafa greitt, ef hún hefði bætt slysið. Heimilt er þó slysatryggingunni að bæta slys, sem þannig er ástatt um, og öðlast hún þá rétt hins slasaða gagnvart atvinnurekanda.

14. gr.

Jafnskjótt og slysatryggingunni hafa horizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiddast samkvæmt lögum þessum, og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið

hann hefur misst af vinnuþreki sínu. Fullnaðarúrskurður skal þó kveðinn upp, áður en ár er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

104
30. des.

15. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta frá slysaftryggingunni, framselja henni rétt sinn til bóta, ef hún óskar þess. Nú eru greiddar hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

16. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysaftryggingin greiða bætur sem hér segir:

Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp, frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og $\frac{3}{4}$ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu í sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 7.50 kr. á dag. Þó mega þeir aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði, þegar slysið varð. Dagpeninga skal aldrei greiða fyrir fyrstu 7 daganum eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Haldi hinn slasaði óbreyttu kaup, er sé a. m. k. jafnhátt dagpeningunum, fyrir sama tíma og þeir eru greiddir, á atvinnurekandi rétt til að fá þá fyrir þann tíma, er hann greiðir hinum slasaða kaup.

Nú er hinn slasaði sjúkratryggður, og sér þá samlag hans honum fyrir sjúkrahjálpi samkv. 1. málsgr., að dagpeningum undanteknum, en slysaftryggingin endurgreiðir samlaginu kostnaðinn.

Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum og hann ber samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysaftryggingunni þá að greiða hinum slasaða, auk slysabóta samkv. 1. tölul. greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

17. gr.

Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða þeim, sem fyrir því varð, örorkulífeyri til dauðadags eða örorkubætur í einu lagi. Örorkulífeyrir skal vera 1200 kr. á ári, ef hinn slasaði verður vegna slyssins algerlega ófær, að dómi trygginga- yfirlæknis, til nokkurrar vinnu þaðan í frá (alger ævilöng örorka 100%), og lækka hiutfallslega, ef starfsorkutapið er minna. Sé orkutapið minna en 50%, er tryggingunni heimilt að greiða hinum slasaða örorkubætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hans, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nú er örorka hins slasaða metin 50% eða meiri, og skal þá greiða honum, auk lífeyris samkv. 1. málsgr., bætur og lífeyri vegna þeirra, sem voru á framfæri hans, þegar slysið bar að höndum, eftir sömu reglum og dánarbætur samkv. 18. gr. Sé örorkan alger og ævilöng, skal greiða fullan lífeyri og bætur, en sé starfsorkutapið minna, lækka upphæðirnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, og falla niður, ef orkutapið nær ekki 50%.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

Slysaftryggingin getur, hvenær sem hún telur ástæðu til, látið endurmeta orkutap lífeyrisþega, og breytast þá lífeyrisgreiðslur samkvæmt niðurstöðu matsins.

18. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs, frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- 104 1. Ekkja eða ekill hljóta kr. 3000.00. Sé ekkja eða ekill yfir 50 ára eða hafi
30. des. tapað 50% eða meira af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauða-
dags, kr. 960.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrisupp-
hæðir lækka um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir
hvert ár eða brot úr ári, sem á vantar, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, fær 750.00 kr. lífeyri á ári, þar
til það er fullra 16 ára. Nú deyr barnið fyrir þann tíma, og falla þá lífeyris-
greiðslur niður.
3. Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, fær 1200.00
kr. lífeyri á ári eftir sömu reglum og í 2. tölulið.
4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið
bar að höndum, fær dánarbætur, minnst 1000.00 kr. og allt að 3000.00 kr., eftir
því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast
ekki örorkubætur, ef orkutapið nemur minna en 15%.
5. Foreldri hlýtur minnst 1000.00 kr. dánarbætur og allt að 3000.00 kr., eftir því
að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta
dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess,
hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift
honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn,
er þunguð af hans völdum eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama
gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að full-
nægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist
að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorku-
bætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 17. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur,
sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

19. gr.

Bætur og lífeyri samkvæmt 16.—18. gr. skal greiða með verðlagsuppbót sam-
kvæmt visitölu kauplagsnefndar eftir nánari ákvörðun tryggingaráðs. Þó er slysa-
tryggingunni aldrei skylt að greiða hærri verðlagsuppbót á lífeyri en samsvarar
visitölunni á þeim tíma, sem slysið bar að höndum.

Slysatryggingin greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af ófriði eða styrj-
aldaraðgerðum.

Meðan greiddar eru bætur fyrir stríðsslys samkv. lögum nr. 66 7. maí 1940,
um stríðsslysatryggingu sjómanna, skal þó greiða þeim, sem verða fyrir stríðs-
slysi, og vandamönnum þeirra það, sem á kann að skorta, að bætur stríðsslysa-
tryggingarinnar nemi jafnhárri upphæð til hvers aðila og slysabætur samkvæmt
lögum þessum eða samanlagðar bætur samkv. alþýðutryggingalögum og stríðs-
slysabætur, eins og þær hefðu orðið áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingar-
skylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt
að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjalda-
upphæðina ber að miða við slyshættuna. Eftir slyshættunni skal skipta þeim
störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern
flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og

telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. 104
í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð 30. des.
hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða.

Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er telst til mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það telst til.

21. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 10. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrabát (sbr. 10. gr. 1.) hefur ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda skráningarstjóra, þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, sem greiða ber.

Útgerðarmenn róðrabáta og vélbáta, minni en 12 smálestir, greiða aðeins $\frac{7}{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr rikissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsg. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið. Þar, sem lögreglustjóri felur umboðsmanni sínum innheimtu slysatryggingargjalda, gengur helmingur innheimtulauna til hans.

22. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrabáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra manna-skiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

23. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 10. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda umboðsmanni tryggingarinnar (í

104 Reykjavík aðalskrifstofunni) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjalda-greiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrir fram. Sömu-leiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt, að því er trygginguna snertir. Starfsmenn skal telja tryggða frá þeim tíma, er tryggingarskyld vinna fyrirtækis hefst.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 10. gr. 2., er skylt að gera skrá yfir starfsfólk samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skráum þessum sendist umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) fyrir 1. febrúar ár hvert, og skal miða hið endanlega iðgjald við þær. Umboðsmaður sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Í innheimtulaun ber að greiða 6%.

Nú vanrækir forráðamaður fyrirtækis eða starfrækslu að senda tilkynningar eða skrár þær, sem um getur í 1. og 2. málsg., fyrir tilsettan tíma, og skal þá áætla iðgjöldin svo ríflega, að ekki sé hætt við, að þau séu sett lægri en þau eiga að vera, og ef vanræksla er itrekuð, skulu þau ákveðin að minnsta kosti 50 af hundraði hærri en ætla má, að þau hafi í raun og veru átt að vera.

Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

Umboðsmaður tryggingarinnar getur, ef honum þykir ástæða til eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

24. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur eða greiða iðgjöld fyrir fram samkvæmt 21., 22. og 23. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni fimmföld iðgjöld þau, sem vangöldin eru, og enn fremur hefur slysatryggingin rétt til endurgreiðslu á bótum þeim, sem hún kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótryggðu, en tryggingsarskyldu menn verða fyrir, og auk þess skal atvinnurekandi sæta sektum.

Nú er tryggingarskylt verk framkvæmt fyrir reikning manns, sem ekki hefur slíka starfsemi að atvinnu, sbr. síðari málsl. 1. málsg. 11. gr., og gilda þá ákvæði 23. gr. og þessarar greinar um skýrslur, tilkynningarskyldu og viðurlög fyrir vanrækslu, eftir því sem við getur átt. Séu færðar sönnur á, að óviðráðanlegar orsakir hafi valdið því, að eigi var unnt að tilkynna, hvenær tryggingarskylt verk var hafið, t. d. ef nauðsynlegar eru viðgerðir á húsum í ofviðri, skal ekki heita viðurlögum.

25. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verða þeir til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð. Sama rétt hafa þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 11. gr. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrir fram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

26. gr.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru í skyldutryggingu. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskirteini fyrir hvern einstakling. Slík trygging getur einnig náð til greiðslu dagpeninga í sjúkdómum. Jafnframt veitist slysatryggingunni heimild til að slysatryggja farþega í einkabifreiðum, sem bifreiðalög ná ekki yfir. Tryggingastofnunin leiti endurtrygginga á þeim hluta af áhættu, sem fer fram yfir það hámark, er tryggingin telur fært að taka í eigin ábyrgð. Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari.

104

30. des.

III. KAFLI

Um sjúkratryggingar.

27. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingastofnanir, sem hafa það hlutverk að tryggja samlagsmönnum sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

28. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð, að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann. Sbr. þó 29. gr. 2. mgr.

Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann, eftir tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem bæjarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar.

29. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefndin ákveður eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfélagsins, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjögurra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.

Sama samlag getur náð til fleiri sveitarfélaga en eins innan sama lækni- héraðs eða jafnvel til allra sveitarfélaga innan lækni- héraðsins. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins, yfir hvaða svæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

30. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 2 eða 4 mönnum, kosnum af hreppsnefnd, er einnig kýs jafnmarga varamenn. Kosning í stjórn skal jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en standi tala stjórnarmanna þá á stöku, skal hrepps-

104 nefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa 2
30. des. menn. Ráðherra skipar formenn og varaformenn eftir tillögum tryggingaráðs.

Nú er nýr hreppur lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefur fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því, sem hér var sagt. Falla þá niður umboð stjórnarmanna þess hrepps, og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

31. gr.

Sjúkrasamlög lúta öll yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sem hefur eftirlit með því, að þau starfi í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir, og fylgist með, að alls sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra. Skal setja sérstaka reglugerð um stjórn og starfsemi sjúkrasamlaganna, þar sem gefin séu nánari fyrirmæli um eflirlit Tryggingastofnunar ríkisins með rekstri þeirra, um starfsmannahald, launagreiðslu, stjórnarfundum, samninga við lækna og aðra, bókhald o. a., sem lýtur að rekstri þeirra og sambandi við Tryggingastofnun ríkisins, og um innbyrðis viðskipti samlaganna. Heimilt er að setja hverju einstöku samlagi reglur um starfsmannahald og launagreiðslur, eftir því sem við á á hverjum stað, að fengnum tillögum samlagsstjórnar.

Ákveða skal í samþykktum um skipun endurskoðenda sjúkrasamlaganna. Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiddist úr samlags-sjóði.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

32. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefur sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára, sem á lögheimili á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Á sama hátt er mönnum, sem dvelja á samlagssvæðinu eða stunda þar atvinnu lengur en sex mánuði og ekki eru í samlagi annars staðar, heimilt að tryggja sig í samlaginu með sömu réttindum og skyldum og þeir, sem eiga þar lögheimili. Þó nær sú trygging ekki til fjölskyldu mannsins, ef hún dvelur utan samlagssvæðis.

Þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, eiga rétt á að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu með sömu skilyrðum og aðrir, en eru ekki tryggingarskyldir.

33. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Almenn læknishjálpi hjá tryggingalækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefur samið við eða Tryggingastofnunin fyrir þess hönd, að fullu í sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknisins, og að $\frac{3}{4}$ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálpi fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
2. Lyf og umbúðir, sem Tryggingastofnun ríkisins leyfir samlögum að greiða, skal greiða að fullu í sjúkrahúsi. Utan sjúkrahúss skal greiða að fullu fyrir þau lyf, sem sjúklingum er, að dómi samlagslæknis, lífsnauðsyn að nota að staðaldri, og að $\frac{3}{4}$ fyrir önnur nauðsynleg lyf, en heimilt er að takmarka frekar greiðslur

fyrir lyf að öðru leyti. Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfja- **104**
flokka, sem um ræðir hér að framan. 30. des.

3. Ókeypis vist eftir ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samið við, eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þess.
4. Fæðingarstyrk, er eigi sé lægri en kr. 40.00, auk verðlagsuppbótar. Enn fremur er sjúkrasamlögum skylt að greiða dvalarkostnað sængurkvenna í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlögin hafa samið við, ef samlagslæknir telur það nauðsynlegt vegna heilsu konu eða barns, eða af öðrum knýjandi ástæðum, enda greiðist þá ekki fæðingarstyrkur.
5. Röntgenmyndir og röntgenskoðun greiðist að $\frac{1}{3}$, samkvæmt taxta, er heilbrigðis-
stjórnin ákveður.
6. Sjúkrasamlögum er heimilt að ákveða í samþykktum sínum að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, svo og að ákveða slíka dagpeninga-tryggingu fyrir alla meðlimi sína. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika, frá því er hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga viðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, lækniáðgerðir hjá öðrum en tryggingalækni, fannlækningar, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, hjúkrunar-
kostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

34. gr.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum.

Í samþykktum er og heimilt að ákveða, að fólk, sem flyzt inn og út af samlagssvæði og verður þar tryggingarskytt, fái dregið saman biðtíma sinn frá fleiri en einni dvöl, enda líði ekki yfir tiltekinn tíma á milli.

Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkv. sótt-
varnalögum eða öðrum sérstökum lögum.

35. gr.

Sjúkrasamlögum er heimilt að setja á stofn og reka sjúkrahús, lækninga-
stöðvar (polykliníkur) og lyfjabúðir, enda séu ákvæði þess efnis í samþykktum hlutaðeigandi samlags og fullnægt reglum, er heilbrigðisstjórnin setur um rekstur slíkra stofnana.

36. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum sjúkrasam-
laga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæð-
um 33. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlags-
ins eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum
33. gr.

37. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu
hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

104

30. des.

38. gr.

Sjúkrahúsvist samkvæmt 33. gr. 3. lið fyrir samlagsmann, sem veikist af alvarlegum, langvinnum sjúkdómi, sbr l. nr. 78 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuþla, skal ekki greiða lengur en 5 vikur vegna þess sjúkdóms. Sama gildir um þá samlagsmenn, sem veikjast eða eru haldnir af ellikröm eða öðrum slíkum krankleika.

Nú hefur tryggður maður notið sjúkrahús- eða hælsvistar vegna alvarlegs, langvinnis sjúkdóms, sem fellur undir lög nr. 78 1936, og nýtur hann þá ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skal setja með reglugerð.

39. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðis, og er samlagsstjórn þá heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálp, enda sæki samlagsmaður um það fyrir fram til samlagsins og fái meðmæli trúnaðarlæknis eða samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

Ef tryggður maður, sem er á ferðalagi eða dvelur utan umdæmis sjúkrasamlags síns, veikist eða verður fyrir slysi og nýtur þar sjúkrahjálpar, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærrí en ef hann hefði verið á samlagssvæðinu, sbr. þó 3. málsg.

Nú dvelur tryggður maður mánuð eða lengur á samlagssvæði annars samlags, og skal hann þá, ef hann þarfnast sjúkrahjálpar, snúa sér til sjúkrasamlags dvalarstaðarins. Lætur það honum í té bráðabirgðameðlimsskirteini, sem veitir honum full meðlimsréttindi, að undantekinni dagpeningatryggingu, meðan hann dvelur á samlagssvæðinu, enda standi hann í skilum með iðgjald sitt. Sjúkrasamlag, sem veitir slík bráðabirgðaréttindi, á endurkröfurétt á hendur því samlagi, sem hlutaðeigandi er meðlimur í, á þeim kostnaði, sem það hefur haft hans vegna. Ber því og að taka við mánaðarlegum iðgjaldagreiðslum frá honum til samlags hans, til þess að réttindi hans falli ekki niður. Um greiðslur fyrir slíka bráðabirgðameðlimi til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, fer eftir sömu reglum og gilda um greiðslur fyrir aðra meðlimi samlagsins. Sama máli gegnir um erlenda ríkisborgara, enda þótt þeir hafi dvalið skemur en 1 mánuð á samlagssvæðinu, ef svo er ákveðið í samningum, sem gerðir hafa verið samkvæmt 89. gr. þessara laga.

Börn samlagsmanna, sem eru á ferð, dvelja eða eiga heimili utan samlagssvæðis foreldra sinna, eiga rétt til sjúkrahjálpar, sbr. 37. gr., á sama hátt og að framan greinir. Sé annað foreldranna sjúkratryggt, en hitt ekki, greiðist hálfur sjúkrakostnaður.

Komi það í ljós, að eitt eða fleiri sjúkrasamlög verði fyrir óeðlilega miklum kostnaði, beinum eða óbeinum, vegna bráðabirgðameðlima, skal heimilt að setja reglur um endurgreiðslu á slíkum kostnaði með jöfnuði á milli samlaganna.

Tryggingastofnun ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

40. gr.

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem er tryggður í sjúkrasamlagi, búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrir fram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en einn mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á tímann eftir flutninginn, ganga til þess samlags, er við honum tekur. Tryggingastofnun ríkisins getur sett nánari reglur

ura flutning meðlima milli sjúkrasamlaga, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna. 104

30. des.

41. gr.

Nú er samlagsmaður einnig slysargæddur samkv. lögum þessum, og greiðir samlagið þá læknishjálp og aðra sjúkrahjálp hans vegna samkv. 16. gr. 1. tölulíð laganna, að undanteknum dagpeningum.

Sjúkrasamlagið á rétt á að fá endurgreiddan þann kostnað, sem af þessu leiðir. Fer um endurgreiðsluna eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur.

Eigi hinn tryggði að öðru leyti rétt til slysabóta á hendur skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga eða líkamslýta, eða aðrar slíkar miskabætur.

42. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlags upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa stráum af skuldbindingum þess.

Iðgjöldin greiðast fyrir fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglunga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglunga, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

43. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum, en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 34. gr. laganna.

44. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð bera á greiðslunni (sbr. þó 86. gr.).

Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefur fram iðgjöld samkv. 46. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi ógoldnum iðgjöldum hans og konu hans eftir af kaupum hans eða gagnkvæmt og greiði það til sjúkrasamlagsins eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Aldrei má þó halda eftir í þessu skyni hærri upphæð en nemur 10% af kaupum. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.

45. gr.

Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld tryggingarskyldra, lögskráðra sjómanna, enda taki þá sjúkrasamlagið á sig áhættu þá, sem á útgerðarmanni hvílir samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, að svo miklu leyti sem hún fellur saman við hlunnindi þau, sem samlagið veitir samkvæmt samþykktum sínum.

104

30. des.

Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig er rétt, að greidd séu úr sveitarsjóði iðgjöld annarra þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki getað staðið í skilum um iðgjöld sín, og fer um þessar greiðslur eftir reglum, sem sveitarstjórn skal setja og staðfestar eru af ráðherra. Ráðuneytið semur fyrirmynd að slíkum reglum til leiðbeiningar.

Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist, ef ástæður leyfa.

47. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða, hvor um sig, í sjóð sjúkrasamlaga $33\frac{1}{3}$ af hundraði greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 12 kr. á ári fyrir hvern tryggðan mann.

Hámark þetta breytist í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.

Tillög ríkissjóðs og sveitarsjóða greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Þó skal þeim samlögum utan kaupstaðanna, sem innheimta iðgöldin í einu lagi fyrir hálf tveim árum, greitt tillagið í samræmi við það.

48. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins, og skal þá stjórn þess snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til að rétta við hag samlagsins. Jafnframt skal stjórnin gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða að dregið sé úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 33. gr. (sbr. þó 36. gr.).

49. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingastofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag, eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir $1\frac{1}{2}\%$ gjald í upphafi.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingastofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annarri tekjuöflun.

50. gr.

Nú er heimavistaraskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefur verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda óskar þess og Tryggingastofnun ríkisins mælir með því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.

2. Allir nemendur skólans, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annarra sjúkrasamlaga og eigi eru haldnir alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, hafa rétt og skyldu til að vera í samlaginu. 104 30. des.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 33. gr. 1.—3. og 5. tölulið.
4. Trygging nemenda nær aðeins til kennslutímabilsins, og eru iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Ef nemandi verður að hverfa úr skólanum vegna veikinda eða er veikur, þegar skólanum er slitið, er samlagsstjórn þó heimilt að greiða sjúkrakostnað fyrir hann allt að einum mánuði.
5. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemur 66 $\frac{2}{3}$ % greiddra iðgjalda frá nemendum, sem búsettir eru utan hreppsins, og 33 $\frac{1}{3}$ % af iðgjöldum annarra samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiðir í sjóð samlagsins upphæð, er nemur 33 $\frac{1}{3}$ % af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr 12 krónum á ári frá hvorum aðila fyrir hvern samlagsmann, að viðbættri verðlagsvitölu, sbr. 47. gr.

51. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára aldur, sem búsett er utan sjúkrasamlagsumdæmisins, enda sé þess óskað af eigi færri en 20 slíkra nemenda, skal setja í samþykkt hlutaðeigandi samlags sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna og miða iðgjaldið við það, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og aðeins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlagsins vegna þessara nemenda skal vera 66 $\frac{2}{3}$ % af iðgjaldagreiðslu þeirra, en sveitarsjóður greiðir ekkert þeirra vegna.

52. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1944 skal fara fram atkvæðagreiðsla í öllum þeim sveitarfélögum, þar sem eigi hafa verið stofnuð sjúkrasamlög, um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlög. Um þessar atkvæðagreiðslur, svo og um atkvæðagreiðslur, er siðar kynnu að þurfa að fara fram vegna þess að tilskilinn meiri hluti næst eigi í fyrri atkvæðagreiðslu, fer að öðru leyti eftir 29. gr. laganna.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

105
30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður Íslands greiði 50% — fimmtíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 80. gr. alþýðutryggingalaganna, að frádregnum úthlutuðum vöxtum ellistyrktarsjóða, enda nemi upphæð ellilauna eða örorkubóta eigi lægri upphæð en 120 kr., að viðbætri verðlagsuppbót, til hvers einstaklings. Jafnframt falla niður sérákvæði 1. töluliðar 80. gr. um takmörkun framlaga og styrkveitinga.

2. gr.

Í stað orðanna „sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins“ í 4. gr. laganna komi: sem er umfram tillag hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944 og koma til framkvæmda við úthlutun á því ári fyrir árið 1945.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðurson.

106
30. des.

L Ö G

um stríðsslysafélag íslenskra skipshafna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

1. gr.

Nafn váttryggingafélags þess, sem hér ræðir um, er Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenskum skipum og safna sjóðum, er geri félaginu fært að auka eigin ábyrgð á áhættum, er það tekur að sér.

Þegar stjórn félagsins telur núverandi aðalhlutverki þess lokið, skal nota sjóði 106 þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga, 30. des. er síðar verður nánar kveðið á um í lögum.

3. gr.

Skyllt er að kaupa hjá félaginu tryggingar þær, er um ræðir í 1. mgr. 2. gr., ef félagið getur tekið þær að sér að dómi félagsstjórnar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenskri þjónustu.

4. gr.

Fjárhagsgrundvöllur félagsins er:

- I. Varasjóður, er safnast eftir 31. desember 1943.
- II. Áhættufé, sem gert er ráð fyrir, að verði eigi minna en 3 milljónir króna, og kemur fram á þennan hátt:
 - A. Varasjóður félagsins, eins og hann verður samkv. reikningsskilum í árslok 1943, að því leyti, sem hann verður eigi greiddur af hendi samkvæmt 5. gr.
 - B. Upprunalegt áhættufé, er nemur kr. 600000 og skiptist þannig: Ríkissjóður ábyrgist 60% eða kr. 360000. Tryggingafélagin þrjú, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands h.f., ábyrgjast 10% hvert eða samtals kr. 180000. Útgerðarmenn, sem tryggt hafa skip sín hjá félaginu í millilandasiglingum, hafa lagt fram 10% eða kr. 60000.
 - C. Fé, er útgerðarmenn hafa lagt fram sem áhættufé, en hefur eigi verið í áhættu til þessa.
- III. Almennur endurtryggingarsjóður, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 6. gr., sem er sameignarsjóður.
- IV. Bónussjóður, sbr. 3. mgr. 6. gr., sem er séreignarsjóður. Framangreint fé er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (I), næst áhættufé (II A, B og C hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingarsjóður (III) og loks bónussjóður (IV).

Engir þeirra, sem þátt taka í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, framangreinda sjóði og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverju- um tíma.

5. gr.

Félagsstjórnin gerir sundurliðaða skrá um alla þá aðila, sem hlutdeild eiga í vara- sjóði og tilkall til bónus miðað við árslok 1943. Skráin skal gerð samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, um úthlutun tekjuafgangs og skiptingu á eignum félagsins. Hún skal lögð fram á skrifstofu félagsins hlutaðeigendum til sýnis, þegar er reikningar ársins 1943 eru fullgerðir og eigi síðar en 1. júlí 1944. Þegar skráin hefur verið lögð fram, skal það birt í Lögbirtingablaðinu og fjáreigendum gert að- vart um frest til útborgunar.

Krefjist einhver útborgunar að sínum hluta, verður honum greidd sú upphæð, er honum ber eftir 2. janúar 1946, að því leyti, sem hennar þarf eigi með til fullnæg- ingar á skuldbindingum félagsins.

6. gr.

Réttur til útborgunar samkv. 5. gr. fellur niður, ef krafa um hana er eigi komin fram innan fjögurra mánaða, frá því að auglýsing um framlagningu skrárinnar er birt, sbr. 1. mgr. 5. gr., og fer þá um féð á þann hátt, er hér segir:

Hluti hvers eins í varasjóði verður áhættufé, sbr. 4. gr. II. A. og 7. gr.

Tekjuafgangur, sem þá er eftir, þar með talinn bónus, skiptist þannig, að 50% renna í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 4. gr. III., en 50% í bónussjóð, sbr. 4.

106 gr. IV. Fé í bónussjóði skiptist milli eigenda í hlutfalli við greidd iðgjöld samkvæmt
30. des. reglum þeim, er gilt hafa. Um sjóðinn gilda síðan hinar almennu reglur laganna, sbr. 4. lið B, 9. gr.

Ef eigandi óskar þess, áður en réttur hans til útborgunar fellur niður samkv. 1. mgr., er félagsstjórn heimilt að gera að áhættufé fé, sem annars skyldi renna í bónussjóð. Heimild þessi er takmörkuð þannig, að áhættufé einstaklinga, annarra en tryggingafélaganna, verði ekki hærra en áhættufé ríkissjóðs. Samsvarandi réttur fylgir bónuseign, sem í vörzlu félagsins er frá fyrri árum.

Eigi má verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni, en ríkisstjórninni er heimilt að verja til áhættufjárukningar allri varasjóðseign ríkissjóðs í félaginu svo og bónussjóði. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að hækka ábyrgð ríkissjóðs, sbr. II. lið B 4. gr., eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að mæta áhættufjárframlögum einstaklinga úr varasjóðseign þeirra.

Tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, eiga rétt til þess að auka áhættufé sitt, þannig að það nemi 20% af öllu áhættufé félagsins.

Rétt þennan eiga þau að jöfnu hvert, en eignast tvö rétt eins og eitt tveggja.

Þessi réttur fellur niður á sama hátt og réttur samkv. 4. málsg.

Þurfi að takmarka rétt einstakra manna til framlagningar áhættufé, skal það gert hlutfallslega.

7. gr.

Félagsstjórn gefur eigendum áhættufjár þess, sem framlagt er, hverjum um sig viðurkenningu fyrir því, hve mikið áhættufé þeir hafi lagt fram, enda nemi upphæðin a. m. k. 1000 kr., en lægri upphæðir verða greiddar fjáreigendum samkv. 5. gr. Verði féð eigi sótt innan fjögurra ára, rennur það í hinn almenna tryggingasjóð.

Skírteini þessi skulu greina nafn eiganda og heimilisfang, upphæð inneignarinnar og númer skírteinis. Um þau gilda þessar reglur, er getið skal um í hverju skírteini:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkv. reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkv. 10. gr.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefni ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er fagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins svo og laun sín, en samþykkt skulu þau af ráðherra.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn. Núverandi stjórn gegnir þó störfum, til þess er tilnefning fer fram árið 1945, en ríkisstjórnin og skírteiniseigendur, sem

kosningarrétt eiga samkv. 1. mgr., tilnefna sinn manninn hvor í stjórnina, þegar kosning hefur farið fram samkv. 7. gr. 106

30. des.

9. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til vaxtagreiðslu 4% af bónussjóði, sbr. IV. lið 4. gr.
3. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.

Ef hagur félagsins leyfir, getur stjórn þess ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði allt að 6%.

4. Það, sem þá er eftir, skiptist þannig:

A. 50% skulu lögð í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 2. gr., III. lið 4. gr. og 3. mgr. 6. gr.

B. 50% fá iðgjaldsgreiðendur sem bónus í hlutfalli við greidd iðgjöld, þannig að féð verður ekki greitt af hendi fyrr en að 5 árum liðnum, frá því er það var lagt í sjóðinn, en þá skal féð greitt.

10. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skirteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður í hverri mynd, sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunninum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

11. gr.

Sjóðir og annað fé, sem að dómi félagsstjórnar þarf eigi að vera handbært, skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er að ávaxta fé í öðrum verðbréfum, sem skráð eru opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum.

Heimilt er og að ávaxta allt að 20% af sjóðum félagsins í fasteignum þess sjálfs.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skirteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

13. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skirteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

14. gr.

Skyllt er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum, ef skyllt er að slys tryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937.

106 Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinni almennu slysatryggingu samkvæmt nefndum lögum.
30. des.

15. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarféлага útgerðarmanna og stéttarféлага sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með sím-skeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarféлага, fær hin viðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skips- höfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fánleg hjá öruggu váttryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fánleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 14. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

18. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að váttryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

19. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða váttryggingarbótum þess.

20. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir rikissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

21. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skips-hafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem fé-lagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

22. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

- I. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.
- b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyrir, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
- c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	For- eldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

- II. Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálesta (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir, og skal félagstjórnin verja þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum, til tryggða sjálfs eða

106
30. des.

þeirra vandamanna hans, er bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á.

Ef togarar eða önnur skip minni en 300 smálestir (brúttó) sigla til útlanda, skulu skipverjar þeirra tryggðir á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan, frá því er skip lætur úr síðustu höfn hér á landi og þar til er það tekur hér höfn aftur.

23. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 22. gr.

24. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

25. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði

26. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, eftir því sem við á.

28. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 37 12. febr. 1940, lög nr. 66 7. maí 1940, lög nr. 76 27. júní 1941, lög nr. 95 9. júlí 1941 og lög nr. 54 14. apríl 1943.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

107

30. des.

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:
d. Til olúgeyma.

2. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna: „b-lið og c-lið“ komi: b-, c- og d-liðum.
2. Í stað „ $\frac{2}{5}$ “ komi: helmingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

108

30. des.

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisis, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands. Stjórnarnefndin starfar kauplaust.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælínu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælínu:

108
30. des.

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælínu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælínu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælínu svo lengi sem lækur þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælínu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem lækur hælisins segir fyrir um. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegum áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

109
30. des.

L Ö G

um hlutatryggingafélög.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn er skylt, ef þess er krafist, að boða til almenns fundar meðal hlutráðinna sjómanna og útgerðarmanna, er gera út skip til fiskveiða með hlutráðningu, til stofnunar hlutatryggingafélags.

Þegar slík krafa, sem að ofan greinir, hefur komið fram, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn láta gera skrá yfir þá menn, er atkvæðisrétt myndu hafa á stofnfundi. Skal því aðeins til fundarins boða, að krafan hafi stuðning $\frac{1}{2}$ hluta þeirra, er atkvæðisrétt hafa á fundinum. Fundinn skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara og á þann hátt, sem venjulegt er á þeim stað.

Atkvæðisrétt á slíkum fundi hafa allir útgerðarmenn skipa, sem skrásett eru í hreppnum eða kaupstaðnum og gerð eru út með hlutráðningu á yfirstandandi eða síðustu vertíð, svo og allir sjómenn, er hlutráðnir eru eða hafa verið á þau skip.

Ef meiri hluti fundarmanna á slíkum fundi samþykkir að stofna hlutatrygginga-
félag, telst það löglega stofnað, og er þá öllum hlutráðnum sjómönnum á skipum heim-
ilisföstum í hlutaðeigandi hreppi eða kaupstað og öllum útgerðarmönnum slíkra
hlutaskipa skylt að taka þátt í þessu hlutatryggingafélagi. 109
30. des.

2. gr.

Nú vilja félagsmenn í tveimur eða fleiri hlutatryggingafélögum sameina þau
þannig, að hið sameiginlega félag nái yfir tvo eða fleiri hreppa eða kaupstaði, og er
það þá heimilt, ef meiri hluti félagsmanna hvors eða hvers tryggingafélags fyrir sig
er samþykkur sameiningunni.

3. gr.

Stjórn hlutatryggingafélags skal skipuð 3 eða 5 mönnum. Formann stjórnarinnar
skipar atvinnumálaráðherra, en hinir 2 eða 4 stjórnarmenn skulu kosnir af félags-
mönnum, þannig að helmingur skal kosinn af þeim félagsmönnum, sem eru útvegs-
menn, en helmingur af þeim félagsmönnum, sem eru hlutamenn án þess að vera út-
vegmenn jafnframt.

4. gr.

Hvert hlutatryggingafélag setur sér samþykktir. Atvinnumálaráðuneytið staðfest-
ir samþykktirnar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, sem lætur gera fyrirmynd
að slíkum samþykktum.

Í samþykktunum skal m. a. vera ákvæði um tölu stjórnarmanna, reglur um
stjórnarkosningu, um framlög félagsmanna í hlutatryggingasjóð, um úthlutun úr
hlutatryggingasjóði, um fjárgeymslu, um reikningsskil og endurskoðun.

5. gr.

Í lok hvernar vertíðar skal af óskiptum afla hvers hlutaskips, sem skrásett er í
hreppi eða kaupstað, þar sem hlutatryggingafélag hefur verið stofnað, greiða ákveð-
inn hundraðshluta af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi í hlutatryggingasjóð.
Hundraðshluti þessi skal ákveðinn í samþykktum félagsins, en má þó aldrei vera
lægri en 0.7. Útgerðarmaður skipsins sér um greiðslu gjalds þessa, og skoðast það
geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar eða
lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns
fyrir því. Ríkissjóður greiðir og framlag í sjóðinn, er sé 0.7 af hundraði af saman-
lögðu aflaverði allra þeirra skipa, er skyld eru að leggja í sjóðinn.

Nú eru hlutatryggingafélag og hlutarútgerðarfélag starfandi í sömu verstöð, og
falla þá niður greiðslur í tryggingarsjóð hlutarútgerðarfélags samkv. 7. gr. laga
nr. 45 12. febr. 1940.

6. gr.

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipa og skips-
hafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt-
um hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skips og skipshafnar, sem ekki nær
venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

Við úthlutun úr hlutatryggingasjóði má þó aldrei ganga nær honum en svo, að
úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

7. gr.

Í lok hvers reikningsárs skulu stjórnir hlutatryggingafélaga senda atvinnumála-
ráðuneytinu reikninga félagsins ásamt skýrslu um úthlutun á árinu, hafi hún farið
fram.

109

30. des.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Skal í reglugerðinni skilgreina, hverjir skuli teljast hlutamenn samkvæmt lögum þessum. Enn fremur má í reglugerðinni setja nánari ákvæði um starfrækslu hlutatryggingafélaganna, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

110

30. des.

L Ö G

um oliugeyma o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra oliugeymslustöð fyrir brennsluoliur á hentugum stað í landinu til aðalbirgðageymslu.

Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolium meðfram ströndum landsins.

Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi oliusamlaga, sem fullnægir skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs eða verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, allt að 5 milljónum króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja þau oliusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp oliugeymum í verstöðvum landsins, þó ekki nema eitt félag í hverri verstöð.

3. gr.

Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera $\frac{1}{5}$ af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í oliugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir oliustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt.

4. gr.

110

30. des.

Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil hátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölnunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félaga og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði.

Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil hátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Oliugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til eða lán samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag.

6. gr.

Ef þörf krefur, getur ríkisstjórnin tekið lóðir og lóðarréttindi eignarnámi til þess að reisa á oliugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi oliugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíum til landsmanna.

Eignarnámsheimild samkvæmt þessari grein fellur niður, sé hún eigi notuð innan eins árs frá gildistöku laganna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitast úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar eftir áætlun, sem rikisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 millj. króna, gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Reykjavíkur.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 3 milljóna króna lán, er hafnarsjóður Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

- a. Á eftir orðunum „að gera höfnina“ í 1. másl. 3. gr. laganna komi: og önnur mannvirki, samanber 1. gr.
- b. Í stað orðanna „sem hafnargerðin hefur í för með sér“ í 1. másl. sömu lagagr. komi: sem mannvirki þessi hafa í för með sér.

3. gr.

- Á eftir orðunum „er nota festar hafnarsjóðs“ í 5. másl. 10. gr. laganna komi:
6. Þurrkviargjald af skipum eða bátum, sem nota þurrkviar hafnarinnar.
 7. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbrautir eða rennibrautir hafnarinnar.
 8. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

4. gr.

Á eftir 1. málsg. 17. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt á notkun þurrkvía, dráttarbrauta eða annarra mannvirkja hafnarinnar við Elliðaárvog.

Gjört í Reykjavík; 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

112

30. des.

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

2. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

113

30. des.

um lendingarbætur í Grindavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr rikissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið

113 30. des. verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Frankvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með frankvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Járngerðarstaðahverfis allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Járngerðarstaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í hverfinu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds og báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og skulu þær vera 20—1000 krónur og renna í lendingarbótasjóðinn.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsahtunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhita-svæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi 3 greinar, er verði 10., 11. og 12. gr., og orðist svo:

- a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.

- 114 b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar.

- c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessu mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

115

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frýstingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

116

30. des.

um ættaróðal og erfðaábúð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A. Um ættaróðal og óðalsrétt.

I. KAFLI

Hvernig jörð verður ættaróðal og fylgifé hennar.

1. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

- Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
- Að jörðin sé ekki, að áliti Búnaðarfélags Íslands, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurn veginn fullnytjuð af einum ábúanda.
- Að fyrir liggja samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
- Að á jörðinni hvíli ekki hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 4% af fasteignamatssverði jarðarinnar.

2. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörzlu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

3. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í undæmi hans. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýna stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagrip og annað það, er óðalinu kann að fylgja.

Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Skyldur og réttindi óðalsbænda.

5. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans helming af þáverandi fasteignamatí jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvilandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

6. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna, sbr. þó 5. gr.

7. gr.

Skylt er þeim, sem ódal hlýtur, að framfæra fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, meðan þau kjósa að dveljast á heimili hans, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

8. gr.

Hætti óðalsbóndi búskap sökum elli eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar eða óskyldur tekur við því, þá skal viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans ásamt maka geti dvalizt áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

9. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

10. gr.

Jarðareigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins og færast ekki sem fylgifé þess. Fylgifjárupphæðir, sem þannig hafa myndast, falla niður, er jörðin er gerð að ættaróðali.

11. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 1. gr. Skipting er þó því aðeins heimil, að jörðin hafi hækkað í verði um minnst 15% að jöfnu mati (það er: eftir sama verðgrundvelli og við fyrra mat), miðað við það fasteignamat, er á jörðinni var, er óðalseigandi tók við henni, nema jörðin vegna breyttra búnaðarháttanna verði ekki lengur fullnytjuð af einum ábúanda.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

Áhvilandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju ættaróðala í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

III. KAFLI

Lántökur — veðsetning.

116

30. des.

12. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni. Lán, sem hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatssverði landsins, en þó ekki yfir 65% af heildarmati óðalsins. Fylgifié má ekki veðsetja. Fylgja skulu beiðnum um lán þau, er að framan greinir, teikningar frá viðurkenndri teiknistofu af hinni fyrirhuguðu byggingu ásamt kostnaðaráætlun. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni lýsing og áætlun um kostnað við framkvæmd verksins frá trúnaðarmanni Búnaðarfélagss Íslands eða öðrum þar til hæfum manni. Óheimilt er lánsstofnun og öðrum að lána út á óðalið meira en $\frac{3}{4}$ kostnaðar við umbótina, að frádregnum opinberum styrkjum, sem veittir eru til umbótarinnar.

13. gr.

Framkvæmdir, sem gerðar eru að einhverju leyti fyrir lánsfé með veði í ættaróðali, skal óðalseigandi láta úttektarmenn hreppsins skoða og færa lýsinguna inn í úttektarbók hreppsins.

IV. KAFLI

Afhending og fjárnámskröfur.

14. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins. Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifié, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Þegar erfingjar fráfarandi óðalsbónda eru fleiri en einn eða einkaerfingi hans tekur ekki við jörðinni, skal jafnframt skoðunargerðinni fara fram mat á jörðinni.

Hafi jörðin gengið úr sér að húsum eða öðru í tíð síðasta óðalseiganda að jöfnu mati, svo að meira nemi en 2% af því fasteignamati, er gilti, er fráfarandi tók við jörðinni, skal það, sem fram yfir er, bætt af fráfaranda eða búi hans nema að því leyti, sem jörðin hefur skemmt af völdum náttúruafla, sem ábúanda var ofvaxið að bæta úr.

Hafi óðalseigandi lækkað skuldir, sem hvíldu á óðalinu, er hann tók við því, skal sú lækun færð til frádráttar greiðslunni.

Nú hefur óðalsjörð tekið endurbótum, svo að hún hefur hækkað að jöfnu mati að meðaltali um meir en 1% á ári yfir búskapartíma fráfaranda, og ber þá viðtakandi óðalsbónda að greiða þá upphæð til fráfaranda eða til dánarbús hans.

Hafi skuldir á óðalinu aukizt, frá því er óðalseigandi tók við því, dregst sú skuldaaukning frá, þegar reiknaður er framangreindur réttur samarfa. Á sama hátt skal draga frá 50% af opinberu fé, sem óðalseigandi hefur fengið sem beinan styrk til endurbóta á jörðinni.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt ábúðarlögum um að öðru en því, að yfirmatsnefndin skal jafnan skipuð einum manni úr fasteignamatssnefnd og enn fremur mælingamanni jarðabóta í viðkomandi sýslu, verði því við komið.

Nú sannast við skoðun, arfaskipti eða á annan hátt, að óðalsbóndi hafi eytt fylgifié óðalsins, og ber honum eða dánarbúi hans að bæta það að fullu af óskiptum

116 eignum búans, en sé hann eða búið gjaldþrota, skal það vera forgangskrafa, er að-
30. des. eins vikur fyrir opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

15. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvilandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur einnig hafnað kaupum á jörðinni. Aldrei má selja óðalsjörð fyrir herra verð en sem svarar áhvilandi skuldum og kostnaði, enda verði hún ættaróðal þess, er kaupir, nema kaupandinn sé hreppsfélag eða lánveitanda hafi verið útlagt óðalið vegna þess, að fullnægjandi boð fékkst ekki. En selji hreppurinn eða lánveitandi jörðina, verður hún ættaróðal kaupanda.

Hafi sýslumaður fengið tilboð um fleiri en eitt hámarksverð í jörðina, skal hann, áður en sala fer fram, leita álits óðalseiganda um, hvern hann kys á jörðina.

16. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvilandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

V. KAFLI

Um ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

17. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttinum, skal sýslumaður, samanber þó 21. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

18. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðali, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

19. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt að erfðum til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

- a. Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir, sbr. þó 22. gr.
- b. Til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og gangi skilgetin börn fyrir óskilgetnum.

- c. Til systkina óðalsbónda og barna þeirra eftir aldursröð systkinanna, ef óðalsbóndi er barnlaus. **116**
30. des.
- d. Til fjarskyldari erfingja, allt í þriðja lið, þó aðeins til niðja þeirra af ættinni, er á jörðinni hafa búið, og að þeim frágengnum, til niðja forföður þess í heinan karllegg, sem gerði jörðina að ættaróðali.

20. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjónin ekki ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er óðalið erfði, ráða viðtakanda. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa óðalsréttinn. Afsali það sér réttinum, eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

21. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, samanber 17. gr.

22. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hafa til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

23. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

24. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

VI. KAFLI

Hvernig menn fyrirgera óðalsrétti.

25. gr.

Eignarrétt óðalsbónda á ættaróðalinu og fylgifé þess skal sýslumaður úrskurða til óðalserfingja hans:

- a. Hafi hann eytt fylgifé óðalsins og geti ekki bætt það að fullu innan árs.

- 116
30. des.
- b. Greiði hann ekki sammingsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
 - c. Telji hann sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 21. gr.
 - d. Ef hann að álitu sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

VII. KAFLI

Um ættarjarðir.

26. gr.

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem ekki eru óðalsjarðir, en hafa annað tveggja:

- a. Verið samfellt í ábúð eða eign sömu ættar í samtals 100 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignar- tíma ættarinnar.
- b. Verið ráðstafað til erfingja ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.

27. gr.

Jörð, sem ræðir um í 26. gr., a-lið, má ekki selja úr ættinni, fyrr en að ættmenn- um frágengnum, þ. e. niðjum þeirra af ættinni, er höfðu umráð jarðarinnar síð- ustu 100 árin af því tímabili, er um ræðir í 26. gr.

28. gr.

Nú vill eigandi ættarjarðar, samkv. a-lið 26. gr., selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra, fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa eða geti þeir ekki uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., skal hann auglýsa jörð- ina í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn, sem eru afkomendur í 1.—3. lið einhvers þess af ættinni, er átt hefur jörðina. Hafi enginn gefið sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar eða ekki getað uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

29. gr.

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð jarðarinnar á hverjum tíma, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að jarðamat hefur farið fram, og ekki hafa verið metnar. En krafist getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsammings, að frádregnum áhvilandi veðskuldum. Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni, eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkv. 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæð- um 35. gr.

30. gr.

Heimilt er jarðareiganda, sem búið hefur 10 ár eða lengur á eignarjörð sinni, og að fengnu skriflegu samþykki myndugra erfingja sinna og lánardrottna, að gera með vottfestum gerningi eftirgreindar ráðstafanir fyrir jörðinni:

Að jörðin erfist samkv. V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir,

og að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignamatsverð að viðbættu mati úttektar- **116**
 manna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignarmatið fór fram, og að frádregnum **30. des.**
 $\frac{1}{2}$ jarðabótastyrknum á þær umbætur. Gerning þennan skal innfæra í veðmálabók
 sýslunnar.

31. gr.

Um skiptingu á jörðum, sem um ræðir í 30. gr., svo og lánsheimildir, ábúð, út-
 tekt og nauðungarsölu, fer samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um óðalsjarðir.

32. gr.

Nú selur jarðeigandi ættarjörð sína, sem hann hefur eignast samkvæmt þeim
 gerningi, sem um ræðir í b-lið 26. gr. og 30. gr., öðrum en börnum sínum, sam-
 örfumu eða niðjuna þeirra, og verður jörðin þá ættaróðal kaupanda, og skal kaup-
 andi gefa um það skriflega yfirlýsingu við undirskrift sammingsins.

33. gr.

Sýslumenn skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, gera með aðstoð hreppstjóra og
 samkvæmt beztu heimildum, sem föng eru á, skrá yfir þær jarðir í sýslunni, er falla
 undir ákvæði a- og b-liðs 26. gr. Skrá þessi skal endurskoðuð árlega á manntals-
 þingi og leiðrétit eftir því, sem tilefni er til.

B. Um erfðaábúð.

VIII. KAFLI

Um jarðir, sem eru í eign almennings, og um byggingu og úttekt þeirra.

34. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða,
 sem eru almannaæign (kristfjárjarða, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða
 eða hreppssjóða), skal, þegar þær losna næst úr ábúð eða þegar núverandi ábú-
 andi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem
 hústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þær, er að
 dómi Búnaðarfélagss Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og
 aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni
 framtíð.

35. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteigna-
 matsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að
 fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki
 fram tekið í byggingarbréfi.

Skyll er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa
 á erfðaleigu-jörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu greiðir
 landsdrottinn.

36. gr.

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum nr. 87 19.
 júní 1933, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta.

Nú á ábúandi jarðarhús eða önnur mannvirki og hefur tekið lán út á jörðina
 til þeirra framkvæmda, og greiðir hann þá leiguliðabót af lásupphæðinni. Skal
 hún ákveðin á 10 ára fresti og miðuð við eftirstöðvar lánsins, eins og þær eru við

116 byrjun hvers tímabils, en fellur niður, þegar lánið er að fullu greitt. Fé það, er
30. des. þannig hefur safnast, er þá eign leiguliða, og á hann kröfu á að fá það útborgað til umbóta á húsum og mannvirkjum á jörðinni.

37. gr.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðaábúð (sbr. 45. gr., 6. lið), skal afgangið aldrei vera hærra en nam síðasta jarðarafgjaldi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánnum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

38. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgangið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgangið miðast við þágildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira frá því síðasta fasteignamat fór fram.

39. gr.

Nú verður jörð fyrir varanlegum skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og getur þá ábúandi krafizt endurmats. Ekki fær þó ábúandi lækkun á afgjaldi, nema matið leiði í ljós, að jörðin hafi rýrnað að verðmæti um minnst 20%.

Um kostnað af matinu fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

40. gr.

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Þegar búið er að draga frá þau hús, með tilsvarendi mati, sem jarðareigandi á á jörðinni, enda fullnægi þau að notagildi þeim húsum, er ábúandi tók við, skal viðtakandi skyldur að kaupa það af húsum, sem þá er eftir, við matsverði. Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka að sér. Nú nemur áhvílandi lán hærra upphæð en matsverði húsa þeirra, er fráfarandi á, og skal hann þá eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

41. gr.

Þegar ábúendaskipti verða milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn til kvaddir ásamt umboðsmanni jarðeiganda og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

- a. Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda. Hafi þessar eignir eigi aukizt um sem svarar 1% á ári þann tíma, að jöfnu mati, skal meta á þær álag.
- b. Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa samkv. 40. gr.

42. gr.

Ábúendur opinberra jarða samkvæmt lögum þessum missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

IX. KAFLI

Um landskipti og lánsheimild leiguliða.

116

30. des.

43. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem um ræðir í lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Þó skal það tryggt, að hvert býli hafi þá stærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki það skiptinguna. Skal þá skipta túni og engjum og að öðru leyti gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, eftir því sem þurfa þykir, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki má leiga hækka á jörð, þó að henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefur orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 40. og 44. gr.

44. gr.

Þyki sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný býli geti myndast, skal hún senda Búnaðarfélagi Íslands álit sitt um það, og skal Búnaðarfélagið þá hlutast til um, að svo verði gert, þyki því ástæða til. Skal þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni, ásamt tveim mönnum, er sýslumaður dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefur orðið á landinu, síðan sú ætt tók við því, sem hefur það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hvert býli metast sér til verðs, eins og þau verða eftir skiptin. Sá, sem hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans skulu fá fullar bætur fyrir það, sem hið útskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og ábúandi sjálfur fyrir það, sem það hefur hækkað í verði fyrir atbeina hans. Santímis lækkar jarðarleiga hans hlutfallslega við upprunalegt verðmæti jarðarhlutanna.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38., 40. og 46. gr., 9. lið.

45. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta eða annarra umbóta. Þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins, að viðbættu allt að 50% af gildandi fasteignamatsverði húsa þeirra, er á jörðinni eru, eða matsverði teiknistofu landbúnaðarins, ef um nýbyggingu er að ræða, enda samþykki umráðamaður jarðarinnar lántökuna. Skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til er ætlazt, og taka þær út að verkinu loknu. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því, er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

X. KAFLI

Um hvernig ábúðarréttur erfist.

46. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í VIII. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, erfast sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.
2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábuandi er fullra 60 ára.
4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags, að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrun heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára, frá því er hann hefur tekið við ábyli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
9. Deyi hjón barnlaus, eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 40. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu fráfaranda, ef óskir liggja fyrir um það frá hans hendi, en ella eftir tillögum meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

XI. KAFLI

Um sölu jarða í erfðaábúð.

47. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfðaábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

- a. Hafa búið á jörðinni minnst 5 ár.
- b. Gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.
- c. Fyrir liggja yfirlýsing viðkomandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Námaréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

48. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiddast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

49. gr.

Þegar arfaskipti fara fram eftir óðalsbónda, er keypt hefur óðalseign sína, sbr. 15., 17., 29., 32. og 47. gr., geta erfingjar hans krafizt, að til skipta komi $\frac{2}{3}$ þess verðs, er hann greiddi fyrir jörðina, að frádregnum áhvilandi skuldum, er viðtakandi óðalsbóndi tekur að sér, og enn fremur $\frac{2}{3}$ af matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

116

30. des.

50. gr.

Nú hefur erfðaábúandi keypt jörð sína og gert hana að ættaróðali, og fellur hún þá að öllu undir ákvæði laga þessara um ættaróðal og erfðaábúð.

51. gr.

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 kr.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8 frá 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrét, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

117

30. des.

um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd, er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs.

Skilyrði fyrir sölunni eru:

- Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lífvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar.
- Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands.
- Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölunni.

117

30. des.

2. gr.

Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

118

30. des.

L Ö G

um veiting ríkisborgaréttar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisborgarétt skal öðlast:

Unnur Skúladóttir Thoroddsen, frú, Kaupmannahöfn, fædd á Íslandi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

119

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í fóst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákæðum 6. tölul. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

120

30. des

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir,
og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 57 29. des. 1937 skal orða svo:

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.

Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

2. gr.

4. gr. sömu laga skal orða svo:

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárru upphæð og því verði úthlutað sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

3. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 75 1942 skal orða svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 75 1942 inn í texta laga nr. 57 1937 og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

121

30. des.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1940.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1940, eru veittar kr. 1782745.30 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 5129572.63 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 6912317.93.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður:

1. Póststjórnarkostnaður	kr.	12889.76
2. Pósthúsið í Reykjavík	—	40729.29
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur	—	32084.10
b. Bréfhirðingar	—	3684.14
4. Póstflutningur	—	120932.47
	samtals	kr. 210319.76

en tekjur póstsjóðs fóru kr. 166306.49 fram úr fjárlagaáætlun.

Lagt í húsbýggingarsjóð

	kr.	27450.00
--	-----	----------

2. Landssíminn:

a. Til einkasíma í sveitum	kr.	5970.87
b. 1. Aðalskrifstofa landssímans	—	21047.05
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	72662.21
3. Loftskýtastöðin í Reykjavík	—	7132.02
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	3248.65
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	239130.15
6. Áhaldahúsið	—	11011.34
7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	23489.49
8. — á Seyðisfirði	—	17017.43
9. — á Ísafirði	—	11960.04
10. Símastöðin á Borðeyri	—	6124.20
11. — í Vestmannaeyjum	—	4343.36
12. — á Siglufirði	—	9047.27
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	—	16906.42
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	13728.35
d. Viðbót og viðhald stöðvanna	—	34661.79
e. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar ..	—	52.91
f. Viðhald landssímanna	—	63902.69

g. Framhaldsgjald	kr. 21422.75
h. Til kennslu fyrir símamenn	— 23.86
i. Ýmisleg gjöld	— 4391.03
j. Fyrning á húsum og áhöldum	— 7305.79
k. Burðargjald	— 152.59
	<u> </u>
	samtals kr. 594732.26

af kr. 970652.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I. Afborganir af lánum	kr. 27465.82
II. Til viðauka simakerfa	— 2090.07
III. Til talstöðva í bátum og skipum	— 29431.63
IV. Til loftskæptastöðva í skipum	— 36123.72
V. Til nýrra simalína	— 7561.07
VI. Til talstöðva í Hornafirði	— 394.25
VII. Fyrningarsjóður lagður í banka	— 38305.79
	<u> </u>
	samtals kr. 141372.35

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1. Laun starfsmanna	kr. 22349.88
2. Útsvar	— 9274.90
6. Flutningsgjöld	— 16052.69
7. Tapaðar útistandandi skuldir	— 1958.65
8. Lagt til hliðar fyrir útsvari næsta árs	— 40000.00
	<u> </u>
	samtals kr. 89636.12

af kr. 1056671.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—8.	kr. 95457.11
	<u> </u>

af kr. 893688.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútværpið:

Gjöld 1.—7.	kr. 45147.98
	<u> </u>

af kr. 233075.09 umfram fjárlagaáætlun.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld 1.—10.	kr. 12866.90
	<u> </u>

af kr. 289348.73 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

Gjöld 1.—9.	kr. 155786.44
	<u> </u>

af kr. 697165.04 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

Gjöld 1.—5.	kr. 26330.10
	<u> </u>

af kr. 257259.31 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—7.	kr. 68909.57
	<u> </u>

af kr. 103838.04 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

121
30. des.

10. Vífilstaðabúið:

Gjöld 1.—7. kr. 57304.21
af kr. 67718.43 brúttótekjum búsin.

11. Kleppsbúið:

Gjöld 1.—6. kr. 53727.24
af kr. 71815.92 brúttótekjum búsin.

12. Skólabúið á Hólum:

Gjöld kr. 58731.36
af kr. 60388.60 tekjum.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld kr. 67676.52
af kr. 75167.53 brúttóhagnaði.

14. Áburðarsala ríkisins:

Gjöld kr. 72041.15
af kr. 131151.40 brúttóhagnaði.

B.

2. Arnarhvoll:

b. Gjöld 1.—3. kr. 5256.23
en tekjur fóru kr. 5169.45 fram úr fjárlagaáætlun.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán kr. 8246.51
2. Dönsk lán — 9728.86
3. Lán í dollurum — 36596.65

kr. 54572.02

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Borðfé Hans hátignar konungsins kr. 468.00

— 468.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:

3. a. Laun starfsmanna ráðuneytanna kr. 43133.31
b. Annar kostnaður við ráðuneytin — 21691.13
4. a. Laun starfsmanna ríkisféhirzlu og bókhalds — 8916.66
b. Annar kostn. við ríkisféhirzlu og bókhald — 2604.20
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings — 1149.75
6. b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðind-
anna — 4373.40
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu
og ráðherrabústaðnum etc. — 19262.96

II. Hagstofan:

1. Laun samkv. launalögum — 3150.00
2. Önnur laun og aðstoð — 6865.21
4. Prentun eyðublaða — 215.75
6. Annar kostnaður — 220.48

III. Utanríkismál:

121

30. des.

1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:

a. Laun sendiherra	kr.	1964.70
c. Kostnaður við embættið	—	6347.48
d. Til skrifstofuhalds	—	4785.97
2. Til meðferðar utanríkismála	—	28509.43
3. Ríkisráðskostnaður	—	31.21
5. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki ..	—	46384.75
7. Húsaleiga ráðherrans, sem fer með utanríkis- mál	—	3000.00

kr. 202606.39

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr., er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	kr.	8692.31
3. Laun hreppstjóra	—	1600.00
4. Skrifstofukostnaður lögmansins í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	—	7960.00
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	—	1270.65
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	—	36906.00
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	22516.56
c. Ýmis gjöld	—	27068.57
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
b. Ljós, hiti, ræsting	—	2375.37
c. Ýmis gjöld	—	7771.23
7. Skrifstofukostnaður sakadómara:		
a. Laun og aðstoð	—	37071.80
b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	10314.45
c. Ýmis gjöld	—	25808.63
8. Toll- og löggæzla:		
a. Í Reykjavík:		
1. Laun og aðstoð	—	29815.96
2. Annar kostnaður	—	44330.23
b. Utan Reykjavíkur:		
1. Laun	—	7426.12
c. Vegaeftirlit:		
1. Laun	—	1419.43
2. Annar kostnaður	—	4841.24
9. Bifreiðaeftirlit:		
a. Laun	—	7934.12
b. Annar kostnaður	—	4310.67
(Prófgjöld og skoðunargjöld fóru kr. 495.46 fram úr áætlun.)		
10. Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Rvík	—	165511.22
11. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	32693.34
13. Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	13525.60
14. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	27225.96
15. Til byggingar fangahúsa	—	303.94
16. Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	12777.09

121	17. Laun sjódomsmanna	kr.	11.00
30. des.	18. Laun setu- og varadómara	—	5621.60
	19. Kostnaður við löggildingarstofuna	—	2865.11
	20. Kostnaður við sáttatilaunir í vinnudeilum	—	1900.00
	21. Kostnaður við félagsdóm	—	5864.50
	22. Kostnaður við aukalöggæzlu á Siglufirði	—	4971.80
	23. Greiðslur vegna laga nr. 85/1936 um meðferð cinkamála í héraði	—	11660.06
	24. Greiðslur vegna laga nr. 62/1938 um bókhald ..	—	5579.25
	25. Greiðslur vegna laga nr. 27/1940 um friðun Eld- eyjar	—	8000.00

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1.	b. Endurgreiðsla á simakostnaði embættismanna í embættisþágu	kr.	24271.42
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	5032.37
4.	a. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík	—	42700.00
	b. Skattanefndakostnaður	—	19773.21
	c. Fasteignamatskostnaður	—	85887.74
5.	Til ríkisskattanefndar	—	11500.00
6.	Eyðublöð, bókbænd og auglýsingar o. fl.	—	33773.26
			kr. 810881.81
	7. gr.		
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:		
	Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála:		
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	kr.	330.20
10.	Geðveikrahælið á Kleppi	—	35659.06
	en tekjur spítalans fóru kr. 29467.40 fram úr áætlun.		
13.	a. Styrkur til að reisa læknabústaði og sjúkra- skýli	—	500.00
	d. Bólusetningarkostnaður	—	2500.00
	h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	—	66.27
	j. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum	—	800.00
14.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra	—	5770.83
15.	Greiðslur vegna laga nr. 21/1937 um störf héraðs- lækna	—	10953.39
16.	Greiðslur vegna laga nr. 86/1938 um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	12650.00
			— 69229.75

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	kr.	1290.00
3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar verkfræð- inga	—	6266.63
4.	Til aðstoðarmanna og mælinga	—	26984.08
5.	Skrifstofukostnaður	—	2361.00

II. Þjóðvegir:

a. Til nýrra akvega:

3. Hálsasveitarvegur	kr.	50.26
6. Útnesvegur	—	115.78
8. Ólafsvíkurvegur	—	180.83
10. Skógarstrandarvegur	—	220.68
14. Geiradals- og Reykhóla- sveitarvegur	—	157.10
18. Botnsheiðarvegur	—	2291.99
20. Haukadalsvegur	—	1299.70
27. Borðeyrarvegur	—	2327.50
28. Holtavörðuheiðarvegur	—	5063.07
30. V.-Húnavatnssýsluvegur	—	487.50
34. Blönduhlíðarvegur	—	186.25
44. Raufarhafnarvegur	—	160.93
45. Langanesvegur	—	670.20
48. Hróarstunguvegur	—	54.74
50. Upphéraðsvegur	—	200.72
53. Breiðdalsheiðarvegur	—	2528.19
58. Geithellnahreppsvegur	—	404.46
61. Inn-Nesjavegur vestan Hornafjarðarfljóts	—	270.37
65. Síðuvegur	—	343.87
66. Mýrdalsvegur	—	1532.60
67. Eyjafjallavegur	—	179.10
69. Hvolshreppsvegur	—	29.38
70. Landvegur	—	916.79
72. Gnúpverjahreppsvegur	—	144.21

kr. 19816.23

— 152045.20

b. Til viðhalds og endurbóta

c. Til þjóðvega af benzinskatti:

3. Vesturlandsvegur	kr.	1622.87
4. Húnavatnssýsluvegur	—	867.04
8. Sogsvegur	—	59439.60
9. Vatnsskarðsvegur	—	10152.48
12. Ljósavatnsskarðsvegur	—	1831.31
14. Þorskafjarðarheiðarvegur	—	265.13
16. Siglufjarðarskarð	—	398.97
17. Öxnadalsvegur	—	85465.46
19. Suðurlandsbraut	—	20871.50
20. Kræklingahlíðarvegur	—	559.80
21. Kjalarnesvegur	—	5025.26
22. Hafnarfjarðar- og Ell- iðaárvegur	—	106993.06

— 293492.48

III. Til brúagerða

IV. Til fjallvega

V. 2. Til bókasafns

VI. 2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti

3. Til sýsluvegasjóða

X. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn

XII. Iðgjöld til slysaftryggingar

121

B. Samgöngur á sjó:

30. des.	1. c. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	kr.	830.71
	3. Til h.f. Skallagrímur	—	5000.00

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	—	1300.00
	3. Húsaleiga, ljós og hiti	—	1659.55
	6. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	2537.22
II.	Laun vitavarða	—	2836.83
VII.	Ýmislegt	—	5043.31
X.	2. Til bryggjugerðar í Vogavík	—	5000.00
XIII.	Til sjómælinga	—	1864.58
XIV.	Fyrning	—	5450.00
XV.	Til öldubrjóts í Hafnarfirði	—	30000.00
XVI.	Til öldubrjóts á Siglufirði	—	5759.92

kr. 673250.14

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a.	Biskupsdæmið:		
	2. Húsaleigustyrkur	kr.	1060.11
	3. Skrifstofukostnaður	—	1500.00
b.	11. Greiðslur samkv. l. nr. 17/1931 um bóka- söfn prestakalla	—	961.52
	12. Greiðslur samkv. l. nr. 63/1931 um hýsing prestssetra	—	11474.37
	13. Greiðslur samkv. l. nr. 62/1932 um kirkju- garða	—	1800.00
	14. Greiðslur samkv. l. nr. 98/1933 um lækni- héraða- og prestakallasjóði	—	3000.00

B. Kennslumál:

I.	Háskólinn	—	44489.70
II.	a. Námsstyrkur til ísl. stúdenta í erlend- um háskólum	—	11593.24
	b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun mennta- málaráðs	—	2165.72
IV.	3. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra ..	—	7129.34
V.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	9266.84
VI.	Menntaskólinn á Akureyri	—	20462.35
VII.	Kennaraskólinn	—	26616.93
VIII.	Stýrimannaskólinn	—	4219.83
X.	Bændakennsla:		
	1. Bændaskólinn á Hólum	—	8312.32
	2. Bændaskólinn á Hvanneyri	—	17000.18
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	16588.71
	4. Greiðslur samkv. l. nr. 51/1930 um bændaskóla	—	480.99
	5. Til aflstöðvarbygginga á Hvanneyri	—	10500.00

XI. Iðnfræðsla:					
j. Til verklegs framhaldsnáms erlendis ..	kr.	399.98			
k. Greiðslur skv. l. nr. 96/1938 um iðnaðar- nám	—	2950.00			
XIV. Almenn barnafræðsla:					
1. Laun kennara við fasta skóla	—	10733.16			
2. Laun farkennara	—	10985.06			
3. Til farkennslu og eftirlits með heima- fræðslu, etc.	—	6789.84			
XV. 1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	928.82			
3. Til gagnfræðaskóla skv. l. nr. 48/1930 ..	—	28409.63			
XVI. 1. Til húsmæðraskóla	—	4790.00			
6. Til Laugalandsskólans	—	4000.00			
XVII. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	2794.12			
XXXI. Til handiðaskólans	—	6012.00			
XXXII. Greiðslur samkv. l. nr. 57/1937 um lestrar- félög og kennslukvikmyndir	—	34864.86			
					kr. 312279.62

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Landsbókasafnið	kr.	7675.00			
2. Þjóðskjalasafnið	—	3728.34			
3. Þjóðminjasafnið	—	6950.00			
4. Náttúrufræðifélagið	—	600.00			
5. Landsbókasafnshúsið	—	10163.22			
16. Til sýslubókasafna	—	400.00			
34. Til Lárúsar Pálssonar leikara	—	9.37			
45. Styrkur til skálda og listamanna	—	818.91			
50. Til listasafnahúss Einarssonar	—	1582.69			
51. c. Til hitaleiðslu í safnahús Einarssonar ..	—	207.37			
53. Kostnaður við friðun Þingvalla	—	6159.13			
54. Til eflingar menningarsamb. við Vestur-Íslendinga	—	400.00			
55. Ritlaun dr. Helga Péturss	—	5000.00			
56. Greiðslur samkv. l. nr. 7/1928 um menntamálaráð	—	1575.00			
57. Til kaupa á handriti um rímur	—	1500.00			
					46769.03

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar	kr.	184604.42			
2. Til Búnaðarfélags Íslands	—	12090.01			
4. Til nýbýla og samvinnubygðna	—	1452.00			
7. a. Jarðabótastyrkur	—	19392.83			
11. Til ræktunarsjóðs, vextir af jarðræktarbréfum ..	—	73.00			
13. a. Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna samkv. lögum um verkamannabústaði	—	20408.25			
15. Til skógræktar	—	429.05			
16. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	9180.53			
19. Til fyrirhæðslu við Kaldaklifsá u. Eyjafjöllum	—	1898.23			
20. c. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms	—	309.37			
d. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms	—	206.24			
23. Til rannsóknarstofu atvinnuveganna	—	10662.33			

121	24. Til rannsóknarstofu háskólans, en tekjur hennar fóru kr. 45001.49 fram úr áætlun	kr.	26862.43
30. des.	25. Til veðurstofu Íslands	—	24519.43
	26. Rafmagnseftirlit ríkisins, en tekjur þess fóru kr. 19716.12 fram úr áætlun	—	16994.02
	28. Til landmælinga	—	16395.15
	29. Til Fiskifélagsins	—	9087.40
	36. a. Laun fiskifyfirmatsmanna	—	806.00
	c. Laun kjötmatsmanna	—	750.00
	38. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum	—	16453.24
	39. Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	213.45
	58. Til vinnumiðlunar	—	99.26
	65. Til Loðdýraræktarfélags Íslands	—	500.00
	67. b. Skrifstofukostnaður húsameistara	—	10786.60
	69. Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	5206.68
	71. Til iðnlánasjóðs	—	4248.39
	74. Eftirlit með opinberum sjóðum	—	1000.00
	75. A. Til varnar útbreiðslu mæðiveikinnar	—	34933.61
	77. Kostnaður við verðlagsnefnd	—	12709.80
	79. Kostnaður við kauplagsnefnd	—	5584.98
	80. Kostnaður við húsaleigunefnd	—	6428.07
	83. Greiðslur samkv. l. nr. 57/128 um atvinnuleysis-skýrslur	—	730.49
	84. Greiðslur samkv. l. nr. 27/1931 um innflutning sauðfjár til sláturfjárþóta	—	2420.86
	85. Greiðslur samkv. l. nr. 1/1935 um meðferð og sölu mjólkur	—	900.00
	86. Greiðslur samkv. l. nr. 11/1935 um innflutnings- og gjaldeyrisnefnd	—	30483.17
	87. Greiðslur samkv. l. nr. 93/1935 um eftirlit með skipum og bátum	—	1800.00
	88. Greiðslur samkv. l. nr. 9/1936 um fiskimat	—	95.90
	89. Greiðslur samkv. l. nr. 66/1936 um eyðing svartbaks	—	904.20
	90. Greiðslur samkv. l. nr. 101/1936, V. kafli jarðræktarlaganna, um vélasjóð	—	35000.00
	91. Greiðslur samkv. l. nr. 69/1937 um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga	—	700226.16
	92. Greiðslur samkv. l. nr. 75/1937, um fiskimálanefnd o. fl.	—	100000.00
	93. Greiðslur samkv. l. nr. 53/1938, um mat á matjes-sild og skozkri sild	—	9989.83
	94. Greiðslur samkv. l. nr. 14/1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki	—	6700.00
	95. Greiðslur samkv. l. nr. 11/1940, um sölu og útflutning á vörum	—	6169.67
	96. Greiðslur samkv. l. nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	—	724.15
	97. Greiðslur samkv. l. nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir	—	39925.90
	98. Til fiskirannsókna	—	13600.00

99. Til sláturfélags Þaralátursfjarðar	kr. 1500.00	121
100. Til Hallormsstaðaskógar	— 3000.00	30. des.
101. Kostnaður vegna heimssýningar	— 65279.10	
102. Rekstrarhalli kreppulánasjóðs	— 15118.74	
103. Greiðslur samkv. þál. um eftirlit með rafveitum ..	— 1979.75	
104. Greiðslur samkv. þál. um tillag til alþjóðahaf- rannsóknna	— 12578.00	
		kr. 1503410.69

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Styrkur til berklavarna:		
a. Til berklasjúklinga	kr. 51961.00	
b. Annar kostnaður	— 16943.47	
2. Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78/1936	— 15764.56	
3. Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilget- inna barna	— 2089.66	
4. Gjöld samkv. framfærslulögum frá 1935	— 1462.98	
5. Til alþýðutrygginga	— 114262.63	
8. Til barnaheimila og barnaverndar	— 26082.56	
12. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis ..	— 8621.78	
36. Greiðslur samkv. framfærslulögum nr. 52/1940 ..	— 11550.00	— 248738.64

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	— 1207366.54
	Samtals kr. 5129572.63

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

122

30. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun,
er sérstaklega stendur á um.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Stjórn Landsbanka Íslands veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. árlega.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands veitist heimild til að greiða árlega eftirlaun, sem hér segir:

- Til Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.

- 122
30. des.
- b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
- c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.
- Stjórnnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun svo sem hér greinir:

- a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.
- b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
- c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.
- d. Til Gunndóru Benjamínsdóttur, ekkju Tryggva Guðmundssonar, féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins, 1200 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Færast fjárhæðirnar samkvæmt staflíðum a.—c. á rekstrarreikning Skipauðgerðar ríkisins, en samkvæmt staflíð d. á rekstrarreikning Áfengisverzlunar ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

123
30. des.

L Ö G

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

124

30. des.

um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú breytist verulega almennt verðlag á fæði frá því, sem það var við gildistöku laganna, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25 fyrir hverja fullkomna máltíð. Noti ráðuneytið heimild þessa, skal það ákveða undanþáguhámarkið eftir því, sem ætla má, að hið almenna verðlag á fæði sé hærra en það var við gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

125

30. des.

um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að framlengja þegar einkaleyfið.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyriræmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 auru af hverjum lítra, skal innheimta 5 auru innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1944 til ársloka 1945. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{3}{5}$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $\frac{2}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1944, og skal þá gcyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til er kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem $\frac{3}{5}$ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1945 og 1946, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

1. málsg. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1944, og innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1943, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ákvæði til bráðabirgða.

Yfirstandandi bifreiðaskattsár skal vera 1. júlí 1943 — 31. marz 1944 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða $\frac{3}{4}$ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. júlí 1943 — 30. júní 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

127

30. des.

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1940 samþykkist með eftir greindum niðurstöðutölum:

I. Innborganir:				Áætlun	Reikningur
1.	Tekjur samkv. 2. gr.	fjárll.	kr. 14749000.00	kr. 20662957.88
2.	—	3. — A.	— 3282230.00	— 5863190.24
3.	—	3. — B.	— 8000.00	— 11320.60
4.	—	4. —	— 505600.00	— 558613.30
5.	—	5. —	— 50000.00	— 215009.53
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárll.	..	— 521322.00	— 8313286.04
7.	Greiðslujöfnuður		— 572599.00	
				Kr. 19688751.00	Kr. 35624377.59
II. Útborganir:				Áætlun	Reikningur
1.	Gjöld samkv. 7. gr.	fjárll.	kr. 2070860.00	kr. 1997617.00
2.	—	8. —	— 75000.00	— 75468.00
3.	—	9. —	— 245920.00	— 248929.56
4.	—	10. —	— 674126.00	— 859395.31
5.	—	11. — A.	— 1529610.00	— 2097316.38
6.	—	11. — B.	— 461000.00	— 641801.84
7.	—	12. —	— 860100.00	— 761123.62
8.	—	13. — A.	— 1679012.00	— 2184994.60
9.	—	13. — B.	— 384900.00	— 144583.42
10.	—	13. — C.	— 698100.00	— 703169.27
11.	—	13. — D.	— 24000.00	— 23024.25
12.	—	14. — A.	— 465100.00	— 447342.42
13.	—	14. — B.	— 2017879.00	— 2276775.47
14.	—	15. —	— 307310.00	— 348955.65
15.	—	16. —	— 4210700.00	— 5394032.08
16.	—	17. —	— 1707400.00	— 1955788.64
17.	—	18. —	— 346431.00	— 345807.03
18.	—	19. — A.	— 100000.00	— 594584.48
19.	—	19. — B.	—	— 712782.06
20.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárll.	..	— 1831303.00	— 13014669.17
21.	Greiðslujöfnuður		—	— 796217.34
				Kr. 19688751.00	Kr. 35624377.59

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

128

30. des.

L Ö G

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

129

30. des.

RÍKISSTJÓRABRÉF,

er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. jan. 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis, 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. janúar 1944.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 14.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1944.

130

30. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1944 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðsins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur	20 000 000	
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	7 404 188	
— B.	Sjávarútvegsmál	540 000	
— C.	Iðnaðarmál	2 935 350	
— D.	Dýrtíðarráðstafanir	10 000 000	
			20 879 538
17. gr.	Til félagsmála		10 333 925
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		1 345 111
19. gr.	Óviss útgjöld		250 000
	Rekstrarafgangur		4 541 645
Samtals	94 306 997

		kr.
Inn:		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti Aðrar innborganir og fyrningar ¹⁾ :	94 306 997
20. gr.	I. Fyrningar	588 881
—	II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	617 000
—	III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
—	IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	70 000
	Greiðslujöfnuður	357 670
Samtals ...		95 950 548

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1944 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.
- II. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.
- III. Að greiða á árinu 1944 dýrtiðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1943.
- IV. Að greiða Árna Pálssyni prófessor þá viðbót við lífeyri hans, að hann haldi sömu launum og hann hafði, er hann lét af embætti.
- V. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.
- VI. Að greiða dr. Eiríki Albertssyni, presti á Hesti, full embættislaun, ef hann sakir heilsubrests verður að láta af embætti.
- VII. Að greiða Jakobi Jóh. Smára $\frac{3}{4}$ adjunktislauna fyrir skólaárið 1943—1944, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.
- VIII. Að greiða allt að fullum árslaunum háskólakennara með uppbótum upp í kostnað Björns Guðfinnssonar lektors við dvöl til heilsubótar í Bandaríkjunum.
- IX. Að greiða skólastjóra og kennslubókahöfundu Karli Finnbogasyni eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals $\frac{3}{4}$ af launum hans, er hann hættir störfum.
- X. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun, meðan hún er sjúklingur.
- XI. Að greiða Ebenharð Jónssyni, Laxagötu 3, Akureyri, dýrtiðaruppbót eftir vísitölu í maí 1943 á vangreidd vinnulaun hans úr ríkissjóði, kr. 886,20, samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 12. maí 1943.
- XII. Að greiða verðlagsuppbót fyrir árin 1943 og 1944 á styrk þann, er Sigurður Greipsson hefur notið og nýtur til íþróttaskólans í Haukadál.

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

yfirlit.

130

30. des.

		kr.
Út:		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	89 765 352
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	I. Afborganir lána	2 065 196
—	II. Til eignaaukningar ríkisstofnana	1 660 000
—	III. Til að gera nýja vita	350 000
—	IV. Til bygginga á jörðum ríkisins	100 000
—	V. Til byggingar sjómannaskóla	1 500 000
—	VI. Til kaupa á dýpkunarskipi	500 000
—	VII. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10 000
	Samtals ...	95 950 548

- XIII. Að endurgreiða án vaxta þeim Þórgunni Ársælsdóttur og Kristjáni Friðrikssyni fé það, er þau hafa greitt í lífeyrissjóð barnakennara, og Einari Sturlusyni með sama hætti fé það, sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna.
- XIV. Að verja, í samráði við landlækni, allt að 50 000 kr. til þess að greiða fyrir því, að læknar fáist til þeirra læknishéraða, sem erfiðast er að fá lækna til að gegna.
- XV. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknilaus 3 mánuði á árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknilaunum þann tíma, sem héraðið er læknilaus.
- XVI. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
- XVII. Að haga vinnu við verklegar framkvæmdir, sem ákveðnar eru með fjárlögum þessum, á sem hagkvæmastan hátt fyrir framleiðslustarfsemi landsmanna og jafnframt þannig, að atvinna í landinu yfirleitt verði sem jöfnust þann tíma af árinu, sem við verður komið vinnu við slíkar framkvæmdir.
- XVIII. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnukrafti gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.
- XIX. Að verja allt að 2 000 000 kr. til atvinnuaukningar, ef atvinnuleysi verður.
- XX. Að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 5 000 000 kr. til byggingar fiskiskipa, samkvæmt reglum, er Alþingi samþykkir.
- XXI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1944 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- XXII. Að verja allt að 15 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.
- XXIII. Að greiða Þingeyrarhreppi allt að 150 þús. kr. aukastyrk til eflingar útgerð í hreppnum, og hefur hreppsnefnd ráðstöfunarrétt fjárens í samráði við ríkisstjórn.

130
30. des.

- XXIV. Að kaupa sildarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.
- XXV. Að kaupa Hafursá fyrir allt að 55 000 kr., til þess að koma þar upp tilraunastöð.
- XXVI. Að verja allt að 25 þús. kr. til að kaupa Málmei í Skagafirði.
- XXVII. Að verja allt að 300 000 kr., þó ekki yfir $\frac{1}{4}$ byggingarkostnaðar, til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík samkvæmt lögum.
- XXVIII. Að verja úr ríkissjóði allt að 35 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir sildarannsóknir þær, er atvinnudeild háskólans hefur með höndum á Siglufirði.
- XXIX. Að verja 60 000 kr. til byggingar dýralæknisbústaðar á Fljótsdalshéraði.
- XXX. Að verja allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. 9. b. hrekkur ekki til.
- XXXI. Að greiða úr ríkissjóði nægilegt fé til byggingar þingmannabústaðar, samkv. heimild í lögum um þingfararkaup alþingismanna.
- XXXII. Að láta reisa íbúðarhús handa rektor Menntaskólans í Reykjavík á skólalóðinni, eða endurbæta í þessu skyni íbúð í húseignum ríkisins við Lækjargötu.
- XXXIII. Að láta byggja við geðveikrahælið á Kleppi, eða taka húsnæði á leigu fyrir geðveikissjúklinga og verja fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hins nýja hælis.
- XXXIV. Að greiða lokaviðgerð þjóðleikhússins að því leyti, sem núverandi sjóður þess nægir ekki til að standast nauðsynlegar greiðslur við að fullgera bygginguna.
- XXXV. Að verja nauðsynlegu fé til þess að fullgera herbergi í Þjóðleikhúsinu fyrir Þjóðminjasafnið og til flutnings þess þangað og niðurröðunar.
- XXXVI. Að verja allt að 40 000 kr. til þess að láta fjölbrita Ævisögur lærðra manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson.
- XXXVII. Að greiða 5 000 kr. til að gefa út ævisögur merkra Íslendinga frá tuttugustu öld.
- XXXVIII. Að bæta menntamálaráði og stjórn þjóðvinafélagsins með fjárframlagi þá hækkun, sem orðið hefur eða verða kann á útgáfukostnaði á bókum félagsmanna þessara aðila árið 1944, miðað við hliðstæðan kostnað 1939.
- XXXIX. Að láta gera á gróf Bjarna skálds Thorarensens í Möðruvallakirkjugarði sams konar legstein og gerður hefur verið á leiði Einars Benediktssonar á Þingvöllum. Enn fremur verði á sama hátt gert upp leiði Bólu-Hjálmars í Miklabæjarkirkjugarði í Akrahreppi.
- XL. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- XLI. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- XLII. Að greiða Ferðafélagi Íslands allt að 20 000 kr. til leiðbeiningastarfsemi um ferðalög og fyrirgreiðslu í sambandi við þau, enda hafi félagið opna skrifstofu í Reykjavík.
- XLIII. Að taka að sér tryggingu á flugvélum Flugfélags Íslands h/f eftir því, sem um semst.
- XLIV. Að verja allt að 200 000 kr. til jarðhitarannsókna.
- XLV. Að greiða Halldóri H. Jónssyni, Gústaf E. Pálssyni og Jóni Einarssyni allt að 20 þús. kr. til að ljúka rannsóknum á skilyrðum til að brenna tígulstein og fleiri byggingarefni úr íslenskum jarðefnum.
- XLVI. Að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarhrepp allt að 215 000 kr. lán til þess að kaupa jarðirnar Brimnes og Hornbrekku.

- XLVII. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þús. kr. lán fyrir samvinnu- **130**
félagið „Vatnsveitufélag Grafarness“ í Grundarfirði til kaupa á vatns- 30. des.
veituefni, sem þegar er komið til landsins.
- XLVIII. Að greiða 25 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar
í Vestmannaeyjum.
- XLIX. Að verja allt að 10 000 kr. til þess að athuga, hvernig hægt er að bæta úr
vatnsskortri í Grímsey og til dælukaupa í þeim tilgangi.
- L. Að verja allt að 25 000 kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellis-
sands, eftir tillögum vegamálastjóra.
- LI. Að verja allt að 15 000 kr. til dragferju á Hólsá af fjárhæð þeirri, sem
veitt er í fjárlögum yfirstandandi árs til brúargerðar á ánni. Heimildin
er bundin því skilyrði, að bændur í Rangárvallahreppi, Vestur-Landeyj-
um og Þykkvabæ fallist á tillögur vegamálastjóra um brúarstæðið og að
ferja geti komið þar að notum.
- LII. Að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að fólksflutningaferðir
milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar falli niður sökum þess, að hæfilegur
farkostur sé ekki fyrir hendi, með því að styrkja félag, er ferðir þessar
annist, með framlagi til bátskaupa og nauðsynlegra breytinga á honum,
svo að hæfur verði til farþegaflutninga, á svipuðum grundvelli og gert
var síðast, er skip var keypt til ferða um Ísafjarðardjúp.
- LIII. Að kaupa af frú Þórdísi Egilsdóttur, Ísafirði, listofin teppi fyrir allt að
10 000 kr., enda séu þau geymd í Byggðasafni Vestfjarða.
- LIV. Að greiði Andrésí Johnson allt að 5 000 kr. lífeyri á ári, gegn því að hann
afhendi ríkinu til eignar Ásbúðasafn sitt í Hafnarfirði.
- LV. Að selja Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað síldarverksmiðju
ríkisins þar, ef viðunandi verð og greiðsluskilmálar fást, að dómi stjórnar
síldarverksmiðja ríkisins.
- LVI. Að greiða úr ríkissjóði til Hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sam-
einuðu þjóða þátttökugjald Íslands í rekstrar- og stjórnarkostnaði í sam-
ræmi við aðra þátttakendur.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1943 og hafa í för með
sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin
sankvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum,
tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins
fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

131
25. maí

AUGLÝSING

um lækkun verðtolls af farmgjöldum.

Samkvæmt heimild í c-lið ákvæða um stundarsakir í lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að þrátt fyrir 50% hækkun þá á farmgjöldum, sem viðskiptaráðið hefur heimilað Eimskipafélagi Íslands h.f., frá 8. maí þ. á. að telja, verði verðtollur reiknaður af sömu farmgjöldum, sem giltu fyrir hækkunina.

Verðtollurinn verður því reiknaður af einungis $\frac{2}{3}$ hlutum hinna hækkuðu farmgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

132
28. des.

AUGLÝSING

um hvernd Íslands.

Með auglýsingu nr. 101 15. júlí 1941 var frá því skýrt, að ríkisstjóri Íslands hafi á fundi í ríkisráði hinn 10. júlí 1941 staðfest þingsályktun gerða sama dag um, að Bandaríkjum Norður-Ameríku sé falin hvernd Íslands, meðan núverandi stjórn stendur.

Í framhaldi af þessari auglýsingu fara hér á eftir orðsendingar í íslenskum og enskum texta, sem fóru á milli íslenskra stjórnarvalda annars vegar og amerískra og brezkra stjórnarvalda hins vegar, um hvernd Íslands:

Orðsending forsætisráðherra Íslands til forseta Bandaríkja Ameríku.

Í samtali þ. 24. júní skýrði brezki sendiherrann frá því, að þörf væri fyrir brezka herliðið á Íslandi annars staðar. Jafnframt lagði hann áherzlu á, hve afar mikilvægt það væri, að Ísland væri nægilega vel varið. Hann dró einnig athygli að yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna þess efnis, að hann yrði að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóða þeirra, sem á vesturhvelinu eru — og væri ein af þeim ráðstöfunum sú að veita aðstoð til að verja Ísland — og að forsetinn sé því reiðubúinn til að

Text of the message from the Icelandic Prime Minister to the President of the United States of America.

In a conversation on June 24th the British Minister explained that the British Forces in Iceland are required elsewhere. At the same time he stressed the immense importance of the adequate defence of Iceland. He also called attention to the declaration of the President of the United States to the effect that he must take all necessary measures to ensure the safety of the Western Hemisphere — one of which measures is to assist in the defence of Iceland — and that the President is, therefore, prepared

senda hingað tafarlaust herlið frá Bandaríkjunum til að auka og koma síðar í stað brezka hersins hér. En að hann álití, að hann geti ekki farið þessa leið, nema samkvæmt tilmælum íslensku ríkisstjórnarinnar.

Eftir vandlega íhugun á öllum aðstæðum og með tilliti til núverandi ástands, fellst íslenska ríkisstjórnin á, að þessi ráðstöfun sé í samræmi við hagsmuni Íslands og er þess vegna reiðubúin til að fela Bandaríkjunum vernd Íslands með eftirfarandi skilyrðum:

(1) Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burtu af Íslandi með allan heraflla sinn á landi, í lofti og á sjó, undir eins og núverandi ófriði er lokið.

(2) Bandaríkin skuldbinda sig enn fremur til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að beita öllum áhrifum sínum við þau ríki, er standa að friðarsamningunum, að loknum núverandi ófriði, til þess, að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands.

(3) Bandaríkin lofa að hlutast ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan heraflli þeirra er í landinu né síðar.

(4) Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt, og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslensk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er. Vegna fólksfæðar Íslands og hættu þeirrar, sem þjóðinni stafar þar af leiðandi af návist fjölmenns heraflla, verður einnig að gæta þess vandlega, að einungis úrvalslíð verði sent hingað. Hernaðaryfirvöldunum ætti einnig að vera gefin fyrirmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og

to send here immediately United States troops to supplement and eventually to replace the British Force here. But that he does not consider that he can take this course except at the invitation of the Icelandic Government.

After careful consideration of all the circumstances, the Icelandic Government, in view of the present state of affairs, admit that this measure is in accordance with the interest of Iceland, and therefore are ready to entrust the protection of Iceland to the United States on the following conditions: —

(1) The United States promise to withdraw with all their military forces, land, air and sea, from Iceland immediately on the conclusion of the present war.

(2) The United States further promise to recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland and to exercise their best efforts with those Powers which will negotiate the peace treaty at the conclusion of the present war in order that such treaty shall likewise recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland.

(3) The United States promise not to interfere with the Government of Iceland, neither while their armed forces remain in this country nor afterwards.

(4) The United States promise to organise the defence of the country in such a way as to ensure the greatest possible safety for the inhabitants themselves and so that they suffer the minimum of disturbance from military activities; these activities being carried out in consultation with the Icelandic authorities in so far as is possible. Also, because of the small population of Iceland and the consequent danger to the nation from the presence of a numerous army, great care must be taken that only picked troops are sent here. The military authorities should also be instructed to keep in mind that the Icelanders have been unarmed for centuries and are

132 skal umgengni herliðsins gagnvart íbú-
28. des. um landsins hagað í samræmi við það.

(5) Bandaríkin taka að sér varnir landsins, Íslandi að kostnaðarlausu, og lofa að bæta hvert það tjón, sem íbúarnir verða fyrir af völdum hernaðar-aðgerða þeirra.

(6) Bandaríkin skuldbinda sig til að styðja að hagsmunum Íslands á allan hátt, sem í þeirra valdi stendur, þar með talið að sjá landinu fyrir nægum nauðsynjavörum, tryggja nauðsynlegar siglingar til landsins og frá því og að gera í öðru tilliti hagstæða verzlunar- og viðskiptasamninga við það.

(7) Íslenzka ríkisstjórnin væntir þess, að yfirlýsing sú, sem forseti Bandaríkjanna gefur í þessu sambandi, verði í samræmi við þessar forsendur af hálfu Íslands, og þætti ríkisstjórninni það mikils virði að vera gefið tækifæri til að kynna sér orðalag yfirlýsingar þessarar, áður en hún er gefin opinberlega.

(8) Af hálfu Íslands er það talið sjálf-sagt, að ef Bandaríkin takast á hendur varnir landsins, þá hljóti þær að verða eins öflugar og nauðsyn getur frekast krafizt, og einkum er þess vænt, að þegar í upphafi verði, að svo miklu leyti sem unnt er, gerðar ráðstafanir til að forðast allar sérstakar hættur í sambandi við skiptin. Íslenzka ríkisstjórnin leggur sérstaka áherzlu á, að nægar flugvélar séu til varnar, hvar sem þörf krefur og hægt er að koma þeim við, jafn-skjótt og ákvörðun er tekin um, að Bandaríkin takist á hendur varnir landsins.

Þessi ákvörðun er tekin af Íslands hálfu sem algerlega frjáls og fullvalda ríkis, og það er álitid sjálfsagt, að Bandaríkin viðurkenni þegar frá upphafi þessa réttarstöðu Íslands, enda skiptist bæði ríkin strax á diplomátskum sendimönnum.

entirely unaccustomed to military discipline, and the conduct of the troops towards the inhabitants of the country should be ordered accordingly.

(5) The United States undertake the defence of the country without expense to Iceland and promise to compensate for all damage occasioned to the inhabitants by their military activities.

(6) The United States promise to further the interests of Iceland in every way in their power, including that of supplying the country with sufficient necessities, of securing the necessary shipping to and from the country and of making in other respects favourable commercial and trade agreements with it.

(7) The Icelandic Government expects that the declaration made by the President of the United States in this connection will be in agreement with these premises on the part of Iceland and the Government would much appreciate its being given an opportunity of being cognizant with the wording of this declaration before it is published.

(8) On the part of Iceland it is considered obvious that if the United States undertake the defence of the country it must be strong enough to meet every eventuality, and particularly in the beginning it is expected that, in so far as possible, efforts will be made to prevent any special danger in connection with the change-over. The Icelandic Government lays especial stress on there being sufficient aeroplanes for defensive purposes wherever they are required and they can be used, as soon as the decision is made for the United States to undertake the defence of the country.

This decision is made on the part of Iceland as an absolutely free and sovereign State, and it is considered as a matter of course that the United States will from the beginning recognize this legal status of the country, both States immediately exchanging diplomatic representatives.

Orðsending frá forsætisráðherra Íslands til brezka sendiherrans í Reykjavík.

Íslenzka ríkisstjórnin vill, fyrir hönd Íslands, setja fram eftirfarandi skilmála að því er snertir Bretland:

Bretland lofar að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningunum né á nokkurn annan hátt að ófriðnum loknum.

Bretland lofar að hverfa burtu héðan af landinu með allan herafla sinn jafn-skjótt og flutningi Bandaríkjalíðsins er svo langt komið, að hernaðarlegur styrkur þess er nægilegur til að verja landið, enda verði vörnum landsins þannig hag- að á meðan á skiptunum stendur, að þær verði aldrei minni en þær eru nú.

Að því er snertir verzlunar- og viðskiptasamband Bretlands og Íslands, þá þiggur ríkisstjórn Íslands þakksamlega það boð brezku ríkisstjórnarinnar, að hún muni ekki draga úr, heldur fremur auka stuðning sinn við viðskipti Íslands jafnframt því, sem hún muni styðja hagsmunum þess að öðru leyti. Íslenzka ríkisstjórnin vill um leið vekja athygli á því, að hinar breyttu aðstæður hljóti óhjákvæmilega að leiða til endurskoðunar á brezk-íslenzka viðskiptasamningnum og að breytt verði ýmsum skuldbindingum af Íslands hálfu samkvæmt þessum samningi, einkum greininum um eftirlit með innflutningi og gjaldeyri.

Það eru ákveðin tilmæli íslenzku ríkisstjórnarinnar, að ríkisstjórn Bretlands láti undireins lausa og sendi heim til Íslands alla þá íslenzka ríkisborgara, sem eru í haldi í Bretlandi, teknir hafa verið höndum og fluttir þangað.

Í öðru tilliti er það álitnið sjálfsgagt, að Bretland breyti ekki að neinu leyti yfirlýsingu þeirri um frelsi og fullveldi Íslands, sem það hefur þegar gefið, og að bæði ríkin haldi áfram að skiptast á diplomatiskum sendimönnum, enda álit-

Text of the message from the Icelandic Prime Minister to the British Minister in Reykjavík. 132 28. des.

The Icelandic Government wishes to make reservations on behalf of Iceland as to the following on the part of Great Britain:

Great Britain promises to recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland and to provide that it shall not be encroached upon by the terms of the peace treaty nor in any other way at the conclusion of the war.

Great Britain promises to withdraw from this country all her armed forces as soon as the transport of the United States forces is so far advanced that their military strength is sufficient for the defence of the country, the defences of the country while the exchange is being effected never to be less than they are now.

With regard to the trade and commerce between Great Britain and Iceland, the Icelandic Government appreciate and accept the promise of the British Government that they will not lessen but rather increase their efforts to support the trade of Iceland and to further its interests in other respects. At the same time the Icelandic Government would draw attention to the fact that the changed position must inevitably lead to revision of the Anglo-Icelandic trade agreement and the cancellation of various obligations on the part of Iceland in accordance with this agreement, in particular of the clauses concerning control of imports and currency.

It is the firm request of the Icelandic Government that the British Government shall immediately set at liberty and send to Iceland all those Icelandic citizens who are in custody in Great Britain, have been arrested and removed there.

In other respects it is considered obvious that Great Britain will not in any way alter the declaration of recognition of the independence and sovereignty of Iceland which it has already given, and that the two states will continue to ex-

132 ur íslenska ríkisstjórnin þáð bezt, að
28. des. þeir sendimenn, sem nú eru, verði látnir
vera áfram að svo stöddu.

**Orðsending forseta Bandaríkjanna í
Ameríku til forsætisráðherra Íslands.**

Ég hef tekið á móti orðsendingu yðar, þar sem þér tilkynnið mér, að íslenska ríkisstjórnin fallist á, eftir að hafa íhugað vandlega allar aðstæður og að með tilliti til núverandi ástands sé það í samræmi við hagsmuni Íslands, að sendar séu þangað Bandaríkjahersveitir til aukningar og síðar til að koma í stað brezka herliðsins, sem þar er nú, og að íslenska ríkisstjórnin sé þess vegna reiðubúin að fela Bandaríkjunum varnir Íslands með eftirfarandi skilyrðum:

(1) Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa hurtu af Íslandi með allan heraflla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið.

(2) Bandaríkin skuldbinda sig enn fremur til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að heita öllum áhrifum sínum við þau ríki, er standa að friðarsamningunum, að loknum núverandi ófriði, til þess, að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands.

(3) Bandaríkin lofa að hlutast ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan herafli þeirra er í landinu né síðar.

(4) Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt, og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslensk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er. Vegna fólksfæðar Íslands og hættu þeirrar, sem þjóðinni stafar þar af leiðandi af návist fjölmenns heraflla, verður einnig að gæta þess vandlega, að einungis úrvalslið

change diplomatic representatives, indeed the Icelandic Government would consider it best if, for the time being, the same representatives should be retained as at present.

**Text of the message from the President
of the United States of America to the
Icelandic Prime Minister.**

I have received your message in which you have informed me that after careful consideration of all the circumstances, the Icelandic Government, in view of the present state of affairs, admits that the sending to Iceland of United States troops to supplement and eventually to replace the present British Force there would be in accordance with the interest of Iceland, and that therefore the Icelandic Government is ready to entrust the protection of Iceland to the United States on the following considerations: —

(1) The United States promise to withdraw with all their military forces, land, air and sea, from Iceland immediately on the conclusion of the present war.

(2) The United States further promise to recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland and to exercise their best efforts with those Powers which will negotiate the peace treaty at the conclusion of the present war in order that such treaty shall likewise recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland.

(3) The United States promise not to interfere with the Government of Iceland, neither while their armed forces remain in the country nor afterwards.

(4) The United States promise to organize the defence of the country in such a way as to ensure the greatest possible safety for the inhabitants themselves and so that they suffer the minimum of disturbance from military activities; these activities being carried out in consultation with the Icelandic authorities in so far as is possible. Also, because of the small population of Iceland and the consequent danger to the nation from the presence of a numerous army, great

verði sent þangað. Hernaðaryfirvöldun- um ætti einnig að vera gefin fyrirmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og skal umgengni herliðsins gagnvart íbú- um landsins hagað í samræmi við það.

(5) Bandaríkin taka að sér varnir landsins, Íslandi að kostnaðarlausu, og lofa að bæta hvert það tjón, sem íbú- arnir verða fyrir af völdum hernaðarað- gerða þeirra.

(6) Bandaríkin skuldbinda sig til að styðja að hagsmunum Íslands á allan hátt, sem í þeirra valdi stendur, þar með talið að sjá landinu fyrir nægum nauð- synjavörum, tryggja nauðsynlegar sigl- ingar til landsins og frá því og að gera í öðru tilliti hagstæða verzlunar- og við- skiptasamninga við það.

(7) Íslenska ríkisstjórnin væntir þess, að yfirlýsing sú, sem forseti Bandarík- anna gefur í þessu sambandi, verði í samræmi við þessar forsendur af hálfu Íslands, og þætti ríkisstjórninni mjög vænt um að vera gefið tækifæri til að kynna sér orðalag yfirlýsingar þessarar, áður en hún er gefin opinberlega.

(8) Af hálfu Íslands er það talið sjálf- sagt, að ef Bandaríkin takast á hendur varnir landsins, þá hljóti þær að verða eins öflugar og nauðsyn getur frekast krafizt, og einkum er þess vænt, að þegar í upphafi verði, að svo miklu leyti sem unnt er, gerðar ráðstafanir til að forðast allar sérstakar hættur í sam- bandi við skiptin. Íslenska ríkisstjórnin leggur sérstaka áherzlu á, að nægar flug- vélar séu til varnar, hvar sem þörf kref- ur og hægt er að koma þeim við, jafn- skjótt og ákvörðun er tekin um, að Bandaríkin takist á hendur varnir lands- ins.

Þér takið enn fremur fram, að þessi ákvörðun sé tekin af Íslands hálfu sem algerlega frjáls og fullvalda ríkis, og að það sé álitid sjálfsgagt, að Bandaríkin viðurkenni þegar frá upphafi réttarstöðu

care must be taken that only picked **132**
troops are sent there. The military au- 28. des.
thorities should also be instructed to keep in mind that the Icelanders have been unarmed for centuries and are en- tirely unaccustomed to military discipline, and the conduct of the troops towards the inhabitants of the country should be ordered accordingly.

(5) The United States undertake the defence of the country without expense to Iceland and promise to compensate for all damage occasioned to the inhabi- tants by their military activities.

(6) The United States promise to further the interests of Iceland in every way in their power, including that of supplying the country with sufficient necessities, of securing the necessary shipping to and from the country and of making in other respects favourable commercial and trade agreements with it.

(7) The Icelandic Government expects that the declaration made by the Presi- dent of the United States in this connec- tion will be in agreement with these pre- mises on the part of Iceland and the Government would much appreciate its being given an opportunity of being cognizant with the wording of this de- claration before it is published.

(8) On the part of Iceland it is con- sidered obvious that if the United States undertake the defence of the country it must be strong enough to meet every eventuality, and particularly in the be- ginning it is expected that, in so far as possible, efforts will be made to prevent any special danger in connection with the change-over. The Icelandic Govern- ment lays especial stress on there being sufficient aeroplanes for defensive pur- poses wherever they are required and they can be used, as soon as the decision is made for the United States to under- take the defence of the country.

You further state that this decision is made on the part of Iceland as an abso- lutely free and sovereign State and that it is considered as a matter of course that the United States will from the

132 Íslands, enda skiptist bæði ríkin strax á 28. des. diplomatiskum sendimönnum.

Mér er það ánægja að staðfesta hér með við yður, að skilyrði þau, sem sett eru fram í orðsendingu yðar, er ég hef nú mótt ekið, eru fyllilega aðgengileg fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna, og að skilyrða þessara mun verða gætt í viðskiptunum milli Bandaríkjanna og Íslands. Ég vil enn fremur taka það fram, að mér mun verða ánægja að fara fram á samþykki Samveldisþingsins (Congress) til þess, að skippt verði á diplomatiskum sendimönnum milli landa okkar.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnar Bandaríkjanna að ganga í lið með öðrum þjóðum á vesturhveli jarðar til að verja nýja heiminn gegn hvers konar árásartilraunum. Það er skoðun þessarar ríkisstjórnar, að það sé mikilvægt, að varðveitt sé frelsi og sjálfstæði Íslands, vegna þess, að hernám Íslands af hálfu ríkis, sem sýnt hefur, að það hefur á stefnuskrá sinni augljós áform um að ná heimsyfirráðum og þar með einnig yfirráðum yfir þjóðum nýja heimsins, mundi strax beinlínis ógna öryggi allra þjóða á vesturhvelinu.

Það er af þessari ástæðu, að ríkisstjórn Bandaríkjanna mun, samkvæmt orðsendingu yðar, strax senda herafla til að auka og síðar koma í stað brezka herliðsins, sem þar er nú.

Þær ráðstafanir, sem þannig eru gerðar af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, eru gerðar með fullri viðurkenningu á fullveldi og sjálfstæði Íslands og með þeim fulla skilningi, að amerískt herlið eða sjóher, sem sendur er til Íslands, skuli ekki á nokkurn hinn minnsta hátt hlutast til um innanlandsmálefni íslenzku þjóðarinnar, og enn fremur með þeim skilningi, að strax og núverandi hættuástandi í milliríkjavíðskiptum er lokið, skuli allur slikur herafli og sjóher látinn hverfa á brott þaðan, svo að íslenska þjóðin og ríkisstjórn hennar ráði algerlega yfir sínu eigin landi.

beginning recognize the legal status of Iceland, both States immediately exchanging diplomatic representatives.

I take pleasure in confirming to you hereby that the conditions set forth in your communication now under acknowledgment are fully acceptable to the United States Government, and that these conditions will be observed in the relations between the United States and Iceland. I may further say that it will give me pleasure to request of Congress its agreement in order that diplomatic representatives may be exchanged between our two countries.

It is the announced policy of the United States Government to undertake to join with other nations of the Western Hemisphere in the defence of the New World against any attempt at aggression. In the opinion of this Government, it is imperative that the integrity and independence of Iceland should be preserved because of the fact that any occupation of Iceland by a Power, whose only too clearly apparent plans for world conquest include the domination of the people of the New World, would at once directly menace the security of the entire Western Hemisphere.

It is for that reason that, in response to your message, the United States Government will send immediately troops to supplement and eventually to replace the British forces now there.

The steps so taken by the United States Government are taken in full recognition of the sovereignty and independence of Iceland and with the clear understanding that the American military or naval forces sent to Iceland will in no wise interfere in the slightest degree with the internal and domestic affairs of the Icelandic people; and with the further understanding that immediately upon the termination of the present international emergency, all such military and naval forces will be at once withdrawn, leaving the people of Iceland and their Government in full sovereign control of their own territory.

Íslenzka þjóðin skipar virðulegan sess meðal lýðræðisríkja heimsins, þar sem frjálsræðið og einstaklingsfrelsið á sér sögulegar minningar, sem eru meira en þúsund ára gamlar. Það er því enn þá betur viðeigandi, að um leið og ríkisstjórn Bandaríkjanna tekst á hendur að gera þessa ráðstöfun til að varðveita frelsi og öryggi lýðræðisríkjanna í nýja heiminum, skuli hún jafnframt, samkvæmt orðsendingu yðar, verða þess heiðurs aðnjótandi að eiga á þennan hátt samvinnu við ríkisstjórn yðar um varnir hins sögulega lýðræðisríkis, Íslands.

Ég sendi þessa orðsendingu til ríkisstjórna allra hinna þjóðanna á vesturhvelinu, svo að þær fái vitneskju um, hvað um er að vera.

Orðsending frá brezka sendiherranum í Reykjavík til forsætisráðherra Íslands.

8. júlí 1941.

Herra forsætisráðherra.

Þegar ég ræddi við yður þann 24. júní um það, að Bandaríki Ameríku tækju að sér varnir Íslands, svöruðuð þér mér því, að samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar væri háð eftirfarandi skilmálum að því er snertir Bretland:

1. Bretland lofar að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningunum né á nokkurn annan hátt að ófriðnum loknum.

2. Bretland lofar að hverfa burtu héðan af landinu með allan herafla sinn jafnskjótt og flutningi Bandaríkjahersins er svo langt komið, að hernaðarlegur styrkur þess er nægilegur til að verja landið, enda verði vörnum landsins þannig hagað á meðan á skiptunum stendur, að þær verði aldrei minni en þær eru nú.

3. Að því er snertir verzlunar- og viðskiptasamband Bretlands og Íslands, þá

The people of Iceland hold a proud position amongst the democracies of the world, with a historical tradition of freedom and of individual liberty which is more than one thousand years old. It is therefore all the more appropriate that in response to your message the United States Government, while undertaking this defensive measure for the preservation of the independence and security of the democracies of the New World, should at the same time be afforded the privilege of co-operating in this manner with your Government in the defence of the historical democracy of Iceland.

I am communicating this message, for their information, to the Governments of all the other nations of the Western Hemisphere.

Text of the note from the British Minister in Reykjavík to the Icelandic Prime Minister.

July 8th 1941.

My dear Prime Minister,

In reply to the verbal communication which I made to you on June 24th on the subject of the United States of America assuming the protection of Iceland, you informed me that the agreement of the Icelandic Government would be given subject to the following reservations on the part of Great Britain: —

1. Great Britain promises to recognize the absolute independence and sovereignty of Iceland and to provide that it shall not be encroached upon by the terms of the peace treaty nor in any other way at the conclusion of the war.

2. Great Britain promises to withdraw from this country all her armed forces as soon as the transport of the United States forces is so far advanced that their military strength is sufficient for the defence of the country, the defences of the country while the exchange is being effected never to be less than they are now.

3. With regard to the trade and commerce between Great Britain and Iceland,

132
28. des.

132 28. des. Þiggur ríkisstjórn Íslands þakksamlega það boð brezku ríkisstjórnarinnar, að hún muni ekki draga úr, heldur fremur auka stuðning sinn við viðskipti Íslands jafnframt því, sem hún muni styðja hagsmunum þess að öðru leyti. Íslenska ríkisstjórnin vill um leið vekja athygli á því, að hinar breyttu aðstæður hljóti óhjákvæmilega að leiða til endurskoðunar á brezk-íslenska viðskiptasamningnum og að breytt verði ýmsum skuldbindingum af Íslands hálfu samkvæmt þessum samningi, einkum greinunum um eftirlit með innflutningi og gjaldeyri.

4. Það eru ákveðin tilmæli íslensku ríkisstjórnarinnar, að ríkisstjórn Bretlands láti undireins lausa og sendi heim til Íslands alla þá íslenska ríkisborgara, sem eru í haldi í Bretlandi, teknir hafa verið höndum og fluttir þangað.

5. Í öðru tilliti er það álitid sjálfsagt, að Bretland breyti ekki að neinu leyti yfirlýsingu þeirri um frelsi og fullveldi Íslands, sem það hefur þegar gefið, og að bæði ríkin haldi áfram að skiptast á diplomatiskum sendimönnum, enda álitur íslenska ríkisstjórnin það bezt, að þeir sendimenn, sem nú eru, verði látnir vera áfram að svo stöddu.

Ég hef þegar skýrt yður munnlega frá, samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórnar minnar, að hún samþykkir þessa skilmála, og mér er ánægja að staðfesta þetta bréflaga hér með.

Kveðjuorð.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt

Utarríkisráðuneytið, hinn 28. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

the Icelandic Government appreciate and accept the promise of the British Government that they will not lessen but rather increase their efforts to support the trade of Iceland and to further its interests in other respects. At the same time the Icelandic Government would draw attention to the fact that the changed position must inevitably lead to revision of the Anglo-Icelandic trade agreement and the alteration of various obligations on the part of Iceland in accordance with this agreement, in particular of the clauses concerning control of imports and currency.

4. It is the firm request of the Icelandic Government that the British Government shall immediately set at liberty and send to Iceland all those Icelandic citizens who are in custody in Great Britain, have been arrested and removed there.

5. In other respects it is considered obvious that Great Britain will not in any way alter the declaration of recognition of the independence and sovereignty of Iceland which it has already given, and that the two states will continue to exchange diplomatic representatives, indeed the Icelandic Government would consider it best if, for the time being, the same representatives should be retained as at present.

I have already informed you verbally on the instructions of my Government that they accept these conditions, and I now have the pleasure to confirm this in writing.

Believe me,

my dear Prime Minister,

Yours very sincerely

C. Howard Smith.